


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Farsímar & internet




ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010
NÝR MATSEÐILL FYLGIR BLAÐINU Í DAG.




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
16. febrúar 2012
40. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Sýnir í New York

*Fyrirsætan Kolfinna Kristófersdóttir sýndi nýjustu línu Marc Jacobs í New York.*

fólk 40

## Íslandsvinur í áratugi

*Margaret Cormack færði Árnastofnun handrit og vögguprent að gjöf.*

tímamót 26



## Óvissa með öxlina

*Alexander Petersson reynir allt til að komast inn á handboltavöllinn aftur.*

sport 42

## veðrið í dag




**VÍÐA ÉL** Í dag verða víðast suðvestan 8-15 m/s. Víða él en þurrt að mestu NA- og A-lands. Kólnandi og frystir víða í kvöld.

VEÐUR 4

# Tugmilljarðar til lántakenda

**Hæstiréttur dæmdi endurútreikning vaxta gengistryggðra lána aftur í tímann ólöglegan. Þetta þýðir tugmilljarða greiðslur frá bönkum til lántakenda. Setur ekki strik í efnahagsreikning bankanna að mati FME.**

**DÓMSMÁL** Fyrstu útreikningar stjórnvalda vegna gengislánadóms Hæstaréttar, sem féll í gær, gera ráð fyrir að aukinn kostnaður stóru bankanna hlaupi á tugum milljarða króna.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að Frjálsa fjárfestingarbankanum hafi verið óheimilt að krefjast hærri vaxtagreiðslna aftur í tímann en nam upphaflegum samningsvöxtum af gengistryggðum lánum. Lánin voru dæmd ólögleg í júní 2010 og nú hefur hefur endurútreikningurinn sem stuðst hefur verið við verið dæmdur ólögmætur.

Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, telur nokkuð ljóst að upphæðin sé ekki af þeirri stærðargráðu að hún setji strik í efnahagsreikninga bankanna. Stóru bankarnir séu með yfir 20 prósent hlutfall eiginfjár og því sé borð fyrir báru.

„Þetta eru enn einar eftirhreytur úr þessari dæmalausu uppákomu, í þeirri lánastarfsemi sem viðgekkst hér, að því er virðist, á ólöglegum grunni. Það var búið að skapa mjög sérstakt ástand hér sem menn hafa verið að vinna úr.“

Forveri Steingríms á ráðherrastóli, Árni Páll Árnason, mælti fyrir frumvarpinu á sínum tíma. Hann segir að með lögunum hafi verið reynt að búa til reiknireglur um uppgjör á grundvelli dóma Hæstaréttar. „Við lásum í dómana og fórum eins langt og við töldum okkur geta án þess að það takmarkaði eignarrétt kröfuhafa.“

> Lögin hafa þegar tryggt fólki peninga og nú fær það enn meira. Það er fagnaðarefni.
>
> ÁRNI PÁLL ÁRNASON
> FYRRVERANDI EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Árni Páll segir dóminn því ekki áfellisdóm yfir löggjafanum. „Ég varð ekki var við að menn hefðu áhuga á að ganga lengra á þessum tíma. Þvert á móti voru aðfinnslur um að of langt væri gengið og menn töldu að ríkið væri að skapa sér skaðabótaskyldu.“

Árni segir fjármálafyrirtækin nú bera kostnaðinn, en ekki almenning í landinu. Það hljóti alltaf að vera markmiðið. „Það að fólk hafi tapað á lögunum er tómur þvættingur. Lögin hafa þegar tryggt fólki peninga og nú fær það enn meira. Það er fagnaðarefni.“

Sérstök umræða er um málið á Alþingi í dag og Steingrímur segir að málið muni verða tekið fyrir á fundi ríkisstjórnarinnar á föstudag. „Stjórnvöld munu fara yfir málið og skoða það fyrir sitt leyti.“

Fjármálaeftirlitið mun strax hefja vinnu við mat á áhrifum dómsins, að því er segir í tilkynningu. Sama munu bankarnir gera.

**- kóp, þsj, mþl, gar / sjá síðu 6**



**BINDA ENDA Á HUNGUR** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra lýsti yfir stuðningi íslenska ríkisins við sáttmála félagasamtaka um allan heim um hvernig hægt er að binda enda á hungur í heiminum. Össur og Ágúst Þórðarson, framkvæmdastjóri Barnaheilla, heimsóttu leikskólann Dvergastein í gær þar sem Össur kynnti þetta.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ferðalag í gegnum 21 land:

## Hjólar til Kína

**FÓLK** Vélstjórinn og hjólreiðakappinn Símon Halldórsson hyggst leggja í hjólreiðaferð frá Íslandi til Kína nú í lok mars.

„Ég reikna með að þetta taki svona tíu mánuði upp í ár,“ segir hann. Hann verður einn á ferð og segir það bæði jákvætt og neikvætt. Það verði mikið frelsi að vera einn, en á móti muni enginn geta passað búnaðinn ef hann þarf að skreppa í verslun eða á klósett.

Símon mun hefja ferðina í Hafnarfirði. Hann tekur svo Norrænu yfir til Danmerkur, fer þaðan til Þýskalands, svo Póllands og áfram. „Samkvæmt planinu kem ég til með að fara í gegnum 21 land, sem eru auðvitað misstór,“ segir Símon.

Allur farangur verður í töskum á hjólinu, en hann verður með fullkominn útilegubúnað með í för og ætlar að spara pening með því að gista sem mest í tjaldi. Hann segist ekki vera búinn að taka kostnaðinn saman, en ætlar að láta þá peninga sem hann á duga.

**- trs / sjá síðu 46**

Allt að 95 prósent alls gæruskinns selt úr landi og hefur aldrei verið meira:

# Skinnaiðnaður eflist á Íslandi

**VIÐSKIPTI** Útlit er fyrir að yfirgnæfandi meirihluti alls gæruskinns sem er sútaður hérlendis á árinu, eða um 95 prósent, verði fluttur úr landi. Þannig verða 75 þúsund mokkaskinn seld ytra en það er tæplega helmings aukning miðað við í fyrra.

„Þetta eru vitanlega gleðitíðindi. Við sjáum fram á að veltan aukist um helming miðað við á síðasta ári. Fari úr á bilinu 180-190 milljónum upp í 350 milljónir íslenskra króna, sem er met í sögu fyrirtækisins,“ segir Gunnsteinn Björnsson, framkvæmdastjóri Loðskinns hf., sem er eina fyrirtækið sem framleiðir sútað skinn á Íslandi.

> **350** milljónir króna er vonast til að verði velta fyrirtækisins Loðskinns hf. á árinu.

Veiking krónunnar hefur gert framleiðsluna hagstæða á ný, en ekkert var framleitt árin 2005 til 2007 að sögn Gunnsteins. Hann reiknar með að útflutningur aukist enn meira á næsta ári.

**- rve / Allt í miðju blaðsins**

BIOMEGA
D-VÍTAMÍN
fyrir börn og fullorðna




Fæst í helstu apótekum og stórmörkuðum



Endurlifðu gamlar minningar á DVD!
4 fyrir 3
af myndböndum yfir á DVD
Gildir til 20.febrúar
GAGNVIRKNI
www.gagnvirkni.is - 5174511 - Hamraborg 1, Kópavogi



Opið til 21 í kvöld
Smáralind

## SPURNING DAGSINS



*Kristmundur, standið þið aftur upp eftir úrslitin?*

„Já, algjörlega. Enda er þetta besta annað sæti sem Íslendingur hefur lent í.“

Kristmundur Axel Kristmundsson er einn söngvara hljómsveitarinnar Blás Ópals sem hafnaði í 2. sæti í Söngvakeppni sjónvarpsins á laugardagskvöld. Lag sveitarinnar heitir Stattu upp.

Hnífaáhugamaður stakk í sjálfsvörn, að eigin sögn, svo fjarlægja þurfti milta:

# Hending að ekki hlaust af bani

**LÖGREGLUMÁL** Mál rúmlega tvítugs manns sem stakk annan með hnífi í Kópavogi aðfaranótt 3. febrúar er rannsakað sem tilraun til manndráps. Þetta kemur fram í gæsluvarðhaldsúrskurði, sem Hæstiréttur staðfesti í fyrradag.

Hnífurinn, sjálfskeiðungur með átta sentimetra blaði, olli áverkum á nýra og milta og er það mat lækna að aðeins tilviljun hafi ráðið því að stungan lenti ekki í stærri æðum sem hefði getað valdið því manninum blæddi út á stuttum tíma. Fjarlægja þurfti úr honum miltað vegna árásarinnar.



**LEIDDUR FYRIR DÓMARA** Héraðsdómur framlengdi gæsluvarðhald yfir manninum til 9. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Árásarmaðurinn, sem kærasta hans lýsir sem „hnífaáhugamanni“ sem gangi oftast nær um með hníf á sér, var undir áhrifum morfíns. Hann segir þolandann hafi átt upptökin að átökunum og hann hafi óttast að bíða af þeim bana. Hann hafi því stungið hann í sjálfsvörn.

Jón Steinar Gunnlaugsson skilar sératkvæði og segir ekki einsýnt að maðurinn sé hættulegur almenningi. „Í málsgögnum kemur fram að brotaþoli hafði að mun meiri líkamsburði en varnaraðili sem átti í vök að verjast í átökunum. Leiddi þetta til þess að varnaraðili greip til þess óyndisúrræðis að bregða hnífnum á brotaþola,“ segir í sératkvæðinu. **- sh**

Íranar auka kjarnorkugetu:

## Draga úr olíuútflutningi

**ÍRAN, AP Írönsk stjórnvöld tilkynntu í gær að þau hefðu náð tveimur nýjum áföngum í áttina að framleiðslu kjarnorkueldsneytis.**

**Þá skýrðu þau frá því að þau muni draga úr olíusölu til Evrópuríkja vegna refsiaðgerða sem Evrópusambandið hefur samþykkt gegn Íran.**

**Þetta getur komið sér mjög illa fyrir Grikkland og fleiri Evrópuríki, sem eiga mikið undir því að geta flutt ódýra olíu inn frá Íran. - gb**

# Íbúar þreyttir á ýlfri frá Norðurturninum

**Talsmenn lóðarfélags í Lindasmára segja ýlfur og hvin frá hálfbyggðum turni við Smáralind taka á taugar íbúa í nágrenninu. Fólk hrökkvi upp af svefni þegar hvessi að nóttu til. Vindsveipir feyki nú stöðugt rusli að íbúðarblokkunum.**

**SKIPULAGSMÁL** Íbúar í nágrenni Norðurturnsins við Smáralind í Kópavogi krefjast þess að honum verði lokað til að koma í veg fyrir óþolandi vindgnauð sem stafi frá byggingunni jafnt dag sem nótt.

„Það ískrar og ýlir í turninum,“ segir Jóhannes Gunnarsson, íbúi í Lindasmára og talsmaður íbúanna gagnvart yfirvöldum. „Ef maður opnar svaladyr er alltaf svona vúúú-úú-ú í bakgrunninum. Það verður að loka þessari byggingu,“ undirstrikar Jóhannes.

Árni Árnason, formaður lóðafélagsins í Lindasmára 27 til 45, segir íbúana í hverfinu hafa setið uppi með óhljóð síðan framkvæmdir við turninn hófust. „Á meðan húsin eru í byggingu þá er ekki hægt að kvarta. Það einfaldlega tekur sinn tíma og svo er það búið. En þetta bara fer ekki! Ef það hvessir mikið á nóttunni er fólk í hverfinu að vakna. Það passar sig á að hafa lokaða glugga þegar það fer að sofa vegna hávaðans,“ segir hann.

Árni kveðst hafa leitað til bæjaryfirvalda vegna óhljóðanna. „Bærinn vísar á eigandann sem er þrotabú hússins. Þrotabúið vísar síðan áfram á kröfuhafana,“ segir hann og bætir við að Norðurturninum hafi verið „troðið“ í gegn um skipulagið í Kópavogi á sínum tíma.

„Kópavogsbær á að tryggja það að húsnæði eins og þarna stendur sé ekki að valda öðrum íbúum ama. Og þetta hús er að gera það – og þá er ég ekki bara að tala um hvað það er ljótt og ófrágengið,“ segir Árni.

Jóhannes segir einnig vandamál að Norðurturninn og turninn á Smáratorgi hafi breytt vindáttum í hverfinu. Það hafi orðið til þess að rusl frá verslunum og veitingastöðum í nágrenninu fjúki inn á lóðir íbúðanna. Það hafi orðið tilefni til langvinnra samskipta við bæjaryfirvöld um þrif á lóðunum. „Þetta er eins og öskuhaugar. Bærinn sendir menn þegar lengi hefur verið beðið um það en aldrei að eigin frumkvæði,“ segir hann.



**JÓHANNES GUNNARSSON** Talsmaður íbúa í Lindasmára segir vindhljóð frá hinum ókláraða og ófrágengna Norðurturni við Smáralind valda íbúum í nágrenninu miklu ónæði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ef maður opnar svaladyr er alltaf svona vúúú-úú-ú í bakgrunninum.
>
> **JÓHANNES GUNNARSSON** Í LINDASMÁRA

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að frágangurinn við Norðurturninn sé eigendum Smáralindar einnig mikill þyrnir í augum. Þrotabúið og kröfuhafarnir hafi hins vegar engar ákvarðanir tekið um næstu skref. Ekki þyki álitlegt að fjármagna áframhaldandi framkvæmdir og hvergi að finna kaupanda að þeim hluta byggingarinnar sem þegar er risinn. Jóhannes hefur hins vegar tillögu að lausn.

„Það er rætt um að reisa menntaskóla í Kórahverfinu. Það er upplagt að breyta turninum í menntaskóla. Til hvers að hrúga niður byggingum út um allt ef þær nýtast ekki?“ spyr Jóhannes í Lindasmára. **gar@frettabladid.is**



**VIÐ GRANDASKÓLA** Nemendurnir slepptu blöðrunum fyrir utan skólann í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vekja athygli á krabbameini:

## 400 blöðrum sleppt til himins

**HEILBRIGÐISMÁL Nemendur í öðrum og þriðja bekk Grandaskóla slepptu 400 blöðrum í gær, í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi krabbameinssjúkra barna. Einn nemendanna er í krabbameinsmeðferð.**

**Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna stóð að uppákomunni, sem var ætlað að vekja athygli á málstaðnum. Þá hefur styrktarfélagið dreift tólf þúsund póstkortum þar sem vakin er athygli á einkennum krabbameins í börnum. Tíu til tólf börn greinast með krabbamein á Íslandi á hverju ári. - þeb**

Ræðst á yngri dreng:

## Lögregla leitar árásarmanns

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan leitar að unglingspilti sem réðst á sér yngri dreng á bílastæði við Laugardalsvöll rétt eftir hádegi á þriðjudag.

Þrettán ára piltur leitaði á slysadeild eftir líkamsárásina, en hann hafði verið laminn nokkrum sinnum með einhvers konar priki. Hann fann fyrir eymslum í höndum og fótum.

Árásarmaðurinn er talinn vera á menntaskólaaldri en annar drengur var með honum í för. Þeir eru báðir grannvaxnir og voru klæddir í svartar hettupeysur. **- þeb**

Grunaðir um alvarlega árás:

## Vítisenglarnir áfram í haldi

**LÖGREGLUMÁL** Héraðsdómur Reykjaness framlengdi í gær til 14. mars gæsluvarðhald yfir þremur körlum og einni konu sem grunuð eru um að tengjast alvarlegum líkamsárásum í Hafnarfirði 22. desember síðastliðinn.



**EINAR MARTEINSSON**

Þá var ráðist á konu í Vallahverfi og gengið alvarlega í skrokk á henni. Meðal annars var reynt að klippa af henni fingur. Hún var meðvitundarlaus þegar að henni var komið og var flutt alvarlega slösuð á slysadeild. Eftir fyrstu handtökurnar var ráðist á hana að nýju.

Á meðal þeirra sem í gæsluvarðhaldi eru, eru menn sem tengjast Vítisenglum, þeirra á meðal forsprakkinn Einar Marteinsson. **- sh**

Koma á í veg fyrir kreppu:

## Efnahagseftirlit í 11 ESB-ríkjum

**DANMÖRK Miklar skuldir, alltof miklar launahækkanir og minni útflutningur eru ástæður þess að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ESB, hefur sett Danmörku á lista með 11 öðrum Evrópusambandslöndum sem fylgjast þarf vel með.**

**Framkvæmdastjórnin mun einnig hafa auga með þróun efnahagsmála hjá Belgum, Búlgörum, Spánverjum, Frökkum, Ítölum, Kýpverjum, Ungverjum, Slóvenum, Finnum, Svíum og Bretum.**

**Ætlunin er að sjá snemma hættumerki í þróun efnahagsmála þannig að koma megi í veg fyrir nýja kreppu. - ibs**






Formaður Samtakanna ´78 segir niðurstöður rannsóknar ekki koma á óvart:

# Vandamál sem verður að tækla

**SAMFÉLAGSMÁL** „Í raun kemur þetta mér ekki á óvart. Þetta er það sem við erum búin að vera að reyna að hamra á í allri umræðu,“ segir Árni Grétar Jóhannsson, formaður Samtakanna ´78, um niðurstöður nýlegrar rannsóknar um líðan unglinga á Íslandi.

„Þetta er vandamál sem verður að tækla.“

Fréttablaðið greindi frá því í gær að samkvæmt rannsókninni, sem unnin var við félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, eru samkynhneigðir unglingar í 10. bekk grunnskóla margfalt líklegri til að hugsa ítrekað um sjálfsvíg eða reyna að fremja sjálfsvíg. Þau eru líklegri til að vera þunglynd og kvíðin og líða illa í skólanum.

Árni Grétar segir samtök fyrir réttindum samkynhneigðra víða um heim hafa verið að bregðast við vandamálinu.

Samtökin ´78 leita nú eftir fjármagni til að hefja verkefni sem ber heitið „Stattu með“.

„Við ætlum að búa til myndbönd sem beinast að ungu fólki og hvetja gagnkynhneigð ungmenni til að standa með vinum sínum og jafnöldrum,“ segir Árni Grétar.

Samtökin eru með starfandi ungliðahóp sem hittist einu sinni í viku og er yngsti meðlimurinn þar 13 ára. Boðið er upp á ókeypis félagsráðgjöf, viðtöl og stuðning og símaviðtöl fyrir þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins.

Í rannsókninni kom fram að um tvö prósent stúlkna og drengja í 10. bekk hafa verið skotin í eða stundað kynlíf með einstaklingi af sama kyni. Þrettán þúsund íslenskir unglingar voru spurðir. **- sv**



**ÁRNI GRÉTAR JÓHANNSSON** Formaður samtakanna ´78 segir líðan samkynhneigðra unglinga löngum hafa verið vandamál sem nauðsynlegt er að laga. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI




**Verið hjartanlega velkomin.** Geysir Skólavörðustíg 16, opið alla daga frá 10 til 19 Sími 519 6000.

**GENGIÐ 15.02.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,71 | 123,29 |
| Sterlingspund | 192,49 | 193,43 |
| Evra | 161,43 | 162,33 |
| Dönsk króna | 21,714 | 21,842 |
| Norsk króna | 21,432 | 21,558 |
| Sænsk króna | 18,397 | 18,505 |
| Japanskt jen | 1,5626 | 1,5718 |
| SDR | 189,48 | 190,60 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

222,3379

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkisendurskoðun gagnrýnir stofnanir ríkisins fyrir slæleg skil rekstraráætlana:

# Ríkisstofnanir skila áætlunum of seint

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun gagnrýnir þann misbrest sem er á því að stofnanir ríkisins skili rekstraráætlunum sínum á réttum tíma. Einnig að tvær af hverjum þremur stofnunum fari inn í fjárlagaárið án samþykktrar rekstraráætlunar.

Ríkisendurskoðun sendi 31. janúar fyrirspurn til allra ráðuneyta og óskaði eftir upplýsingum um skil, samþykkt og skráningu rekstraráætlana stofnana ríkisins. Skilafrestur var til 8. febrúar.

Skil og samþykkt áætlana eru gagnrýnd, en samtals var 152 áætlunum skilað fyrir tilskilin tíma eða 79% þeirra.

Aðeins þriðjungur áætlana hafði verið samþykktur af viðkomandi ráðuneyti sem eiga að hafa tekið afstöðu til þeirra fyrir miðjan janúar og samþykkja þær með eða án breytinga.

Ríkisendurskoðun tekur fram að þrátt fyrir að ekki sé farið að gildandi reglum sé ljóst að staðan sé miklu betri en hún var fyrir nokkrum árum. Til samanburðar er nefnt að í lok desember 2008 hafði aðeins 4% áætlana verið skilað. Í janúar 2009 var hlutfall samþykktra áætlana 6%, en var þriðjungur nú.

Staða þessara mála er mjög mismunandi eftir ráðuneytum. Forsætisráðuneytið stóð við alla tímafresti en umhverfisráðuneytið skilaði Ríkisendurskoðun engum gögnum. Er gerð við það alvarleg athugasemd en ráðuneytið segir að ekki hafi gefist tími til að taka upplýsingarnar saman. **- shá**




**FÉLL Á TÍMA** Umhverfisráðuneytið skilaði engum gögnum til Ríkisendurskoðunar sem fellur það þunglega. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**Í ATVINNULEIT** Hlutfall atvinnulausra í Danmörku er hæst meðal ungs fólks. NORDICPHOTOS/AFP

Vinnumarkaður í Danmörku:

## Atvinnuleysið enn á uppleið

**DANMÖRK Atvinnuleysi í Danmörku eykst jafnt og þétt og var átta prósent á síðasta ársfjórðungi 2011, að því er fram kemur á vef dönsku hagstofunnar.**

**Það er eilítil aukning frá fyrri mælingu, en atvinnuleysi hefur aukist margfalt sé litið aftur til ársins 2008.**

**Um mitt ár árið 2008 voru um 90.000 manns á aldrinum 15 til 64 ára án atvinnu, en nú eru það 228.000.**

**Mest er atvinnuleysi í hópi ungs fólks, en 13,6% á aldrinum 15 til 24 ára eru atvinnulaus. 7,7% kvenna eru atvinnulaus og 7,5% karla. - þj**

Varaforseti Kína á ferðalagi:

## Reynt að bæta samskiptin

**BANDARÍKIN, AP** Xi Jinping, varaforseti Kína, hefur hitt marga helstu ráðamenn Bandaríkjanna í heimsókn sinni vestra.

Á þriðjudag hitti hann meðal annars Barack Obama forseta og Joe Biden varaforseta, en í gær hitti hann leiðtoga Bandaríkjaþings og forystumenn í viðskiptalífi Bandaríkjanna. Samskipti Bandaríkjanna og Kína hafa verið stirð undanfarið, bæði vegna efnahagsmála og vegna vaxandi ítaka Bandaríkjanna á Kyrrahafi.

Xi þykir líklegur til að taka við af Hu Jintao, forseta Kína, á þingi kínverska Kommúnistaflokksins næsta haust. **- gb**

# RÚV má auglýsa á vefnum

**Í frumvarpi um starfsemi Ríkisútvarpsins er bann við sölu á auglýsingum á vefnum afnumið. Stjórnendur einkarekinna sjónvarpsstöðva telja það ganga allt of skammt og takmarki ekki heildartekjumöguleika RÚV.**

**SAMKEPPNISMÁL** Í drögum að nýju frumvarpi að lögum um starfsemi Ríkisútvarpsins (RÚV) eru engar hömlur á sölu fyrirtækisins á auglýsingum á vefnum. Slíkar hömlur eru til staðar í gildandi lögum. Stjórnendur stærstu einkareknu sjónvarpsstöðva landsins telja nýja frumvarpið langt frá því að ná markmiði sínu um að draga úr umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði. Tekjur RÚV af auglýsingum og kostunum voru 1.556 milljónir króna á síðasta rekstrarári, eða tæplega 35% af heildartekjum RÚV.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að frumvarpið geri ráð fyrir að hlutfall auglýsinga í sjónvarpsdagskrá RÚV verði skert með ýmsum hætti. Í gildandi lögum um RÚV segir að fyrirtækinu sé „óheimilt að selja auglýsingar til birtingar á veraldarvefnum“. Engar slíkar hömlur er að finna í frumvarpsdrögunum.

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segir að RÚV gæti auðveldlega selt auglýsingar á vefnum fyrir sömu upphæð og fyrirtækið telur sig tapa á þeim takmörkunum sem settar eru á sjónvarpsauglýsingar þess. Hann telur þær breytingar sem frumvarpið boðar á starfsemi RÚV langt í frá fullnægjandi. „Mér sýnist sú takmörkun sem þarna er boðuð varðandi veru RÚV á auglýsingamarkaði vera afskaplega óskilvirk. Ef raunverulegur vilji væri til að setja takmarkanir þá væri mun skilvirkara að takmarka auglýsingar á ákveðnum tímum, í stað þess að klípa tvær mínútur af öllum klukkutímum sólarhringsins. Það hefur einnig legið fyrir að það þarf að útrýma kostunum hjá RÚV. Ég fæ ekki séð að það séu neinar takmarkanir á þeim í frumvarpinu. Sömuleiðis sýnist mér að hömlur um sölu RÚV á auglýsingum á vefnum verði felldar niður með frumvarpinu. Ég myndi telja að RÚV gæti auðveldlega selt auglýsingar á vefnum fyrir sömu upphæð og þeir telja sig tapa á takmörkununum á auglýsingum í sjónvarpi. Til framtíðar litið er það miklu stærra mál.“

Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri Skjásins, telur að ekki sé nægilega langt gengið til að takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði. „Það er auðvelt að sjá fyrir sér hvernig RÚV getur bætt sér upp þessar tekjur sem þeir eru að missa, til dæmis með því að hækka verðin sem þeir bjóða. Þetta er ósannfærandi. Það sem mér finnst þó helst vanta í frumvarpsdrögin er að því er algjörlega ósvarað hversu stórt RÚV á að vera. Við höfum talið að það sé helmingi of stórt.“

**thordur@frettabladid.is**




**RÚV** Tekjur Ríkisútvarpsins ohf. af auglýsingum og kostunum voru 1.556 milljónir króna á síðasta rekstrarári. Það eru tæplega 35% af heildartekjum RÚV. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Stjórnvöld reyna að verða við kröfum ESA um breytingar á RÚV

Frumvarpsdrögin gera ráð fyrir því að Ríkisútvarpið muni stofna sérstakt dótturfélag utan um samkeppnisstarfsemi sína, þar á meðal auglýsingasölu. Rekstur þess félags á að lúta eftirliti Samkeppniseftirlitsins, sem RÚV gerir ekki. Auk þess er lagt til að hlutfall auglýsinga í dagskrá RÚV fari ekki yfir 10 mínútur á klukkutíma, bannað verður að slíta í sundur dagskrárliði til að koma að auglýsingum, vöruinnsetning verður óheimil í innlendri dagskrárgerð og RÚV verður gert að birta gjaldskrá á vefnum þar sem öll afsláttarkjör verða tilgreind.

Allar ofangreindar breytingar eru í takt við kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um „viðeigandi ráðstafanir“ varðandi fjárhags- og lagaumhverfi RÚV. Íslensk stjórnvöld hafa frest til 31. mars til að ljúka innleiðingu þeirra og telja að frumvarpsdrögin muni fullnægja þeim. Geri þau það ekki mun ESA undirbúa málshöfðun á hendur íslenska ríkinu vegna málsins.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VETRARVEÐUR**
Nú kólnar heldur á landinu og verður frost um allt land á morgun og hinn. Við megum búast við éljagangi um vestanvert landið fram á morgundaginn en þá fer að snjóa norðanlands. Seint á laugardag snýst í suðvestanátt og dregur úr frosti.



**Á MORGUN** Gengur í hvassa N-átt.

**LAUGARDAGUR** 10-18 m/s A-til, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 0° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 9° |
| Mallorca | 14° |
| New York | 6° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | -2° |
| París | 8° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is


Toys R us
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
Tilboðin gilda til og með 05.03.2012. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.
3.374
SPARIÐ 1.125
431923-25
STAR WARS CLONE HERMAÐUR
Stærðir: 116-140.
Venjulegt verð 4.499
4.124
SPARIÐ 1.375
432316-18
DISNEY PRINCESS ÞYRNIRÓS
Stærðir: 104-128.
Venjulegt verð 5.499
25 %
afsláttur af öllum Dísney Príncess- og Star Wars-búníngum
ÖSKUDAGUR
AKUREYRI: Glerártorg, sími 461 4500 ★ GRAFARVOGUR: Blikastaðavegur, sími 585 0600 ★ KÓPAVOGUR: Smáratorg, sími 550 0800

# DÓMUR HÆSTARÉTTAR UM GENGISTRYGGÐ LÁN

## Í samræmi við okkar málstað



Andrea J. Ólafsdóttir, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, segir dóm Hæstaréttar gríðarlegan létti. Hann þýði að endurreikna þurfi öll gengistryggð lán í samræmi við það sem samtökin hafi alltaf haldið fram. Ekki hafi verið hægt að reikna vexti aftur í tímann frá lagasetningu í desember 2010.

„Þannig að fram að þeim tíma gilda þeir vextir sem voru á láninu. Eftir þann tíma er hægt að reikna með óverðtryggðum vöxtum Seðlabanka Íslands,“ sagði Andrea í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gærkvöld.

## Gæti þurft að bæta orðin tjón



Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir merkilegast við dóm Hæstaréttar að allir dómararnir sjö séu sammála um að lögin um endurreikning lána standist ekki stjórnarskrána. Alþingi hafi hlaupið á sig við lagasetninguna.

Gísli telur að hafi menn misst heimili sín á uppboði vegna þessara útreikninga á gengislánum sem Hæstiréttur hefur nú dæmt ólöglega kunni bankar að vera bótaskyldir vegna tjónsins sem þeir hafi bakað lántakendum.



**LÍKA BÍLALÁN** Máli skiptir hvort dómurinn nær til einstaklinga eða einnig til fyrirtækja. Dómurinn mun líka hafa áhrif á bílalánafyrirtæki á borð við Lýsingu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Tugmilljarða tilfærsla í kjölfar gengislánadóms

**Óvíst er hvað nýfallinn gengislánadómur Hæstaréttar mun kosta. Talið að kostnaðurinn hlaupi á tugum milljarða.**

Fyrstu útreikningar stjórnvalda reikna með að aukinn kostnaður Landsbankans, Íslandsbanka og Arion banka vegna dóms Hæstaréttar sem féll í gær verði allt að 30 milljarðar króna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þeir útreikningar miða þó við að dómurinn nái einungis yfir lán einstaklinga, ekki fyrirtækja. Þá skiptir líka máli hversu vítt eða þröngt dómurinn er túlkaður varðandi hvenær lántakandi telst hafa verið í skilum. Auk þess mun dómurinn líka hafa áhrif á bílalánafyrirtæki á borð við Lýsingu.

Ragnar H. Hall, sem flutti málið fyrir Hæstarétti fyrir hönd stefnenda, telur þó að hann nái líka yfir fyrirtækjalán. „Að því leyti sem lán eru í skilum þá held ég að dómurinn nái líka til fyrirtækjalána.“ Sé skilningur Ragnars á málinu réttur er líklegt að dómurinn muni kosta fjármálafyrirtæki mun hærri fjárhæðir.

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, segir að það liggi enn ekki fyrir hver viðbótarkostnaður bankans vegna dómsins verði. „Þetta mun hafa áhrif, en við stöndum mjög sterkum fótum. Við teljum dóminn ná yfir þau fyrirtækjalán sem teljast ólögmæt samkvæmt hinum svokallaða Mótormax-dómi sem féll í fyrra. Það er töluvert mikið sem við höfum endurreiknað samkvæmt honum. Þessi dómur hefur fordæmi gagnvart þeim lánum, hann hefur fordæmi gagnvart íbúðalánunum og hann hefur fordæmi gagnvart bílasamningum sem voru með ólögmætri gengistryggingu.“

Hæstiréttur dæmdi gengistryggð lán til einstaklinga ólögleg sumarið 2010. Sambærilegur dómur varðandi hluta fyrirtækjalána, hinn svokallaði Mótormax-dómur, féll síðan í fyrra. Samkvæmt sviðsmyndum sem efnahags- og viðskiptaráðuneytið lét vinna á þeim tíma, og Fréttablaðið hefur undir höndum, var heildarumfang gengistryggðra lána til einstaklinga og fyrirtækja talið vera rúmlega 1.000 milljarðar króna. Þar var heildarvirði lána til fyrirtækja um 841 milljarður króna og einstaklinga um 186 milljarðar króna. Um 80% lánanna voru því til fyrirtækja en um 20% íbúða- eða bílalán til einstaklinga. Um þriðjungur allra gengistryggðra lána var til sjávarútvegsfyrirtækja og rúm 10% þeirra voru til eignarhaldsfélaga.

Sviðsmyndirnar sögðu að það myndi eiga sér stað um 350 milljarða króna eignartilfærsla frá fjármálafyrirtækjum til lántakenda ef miðað yrði við samningsvexti að öllu leyti við uppgjör lánanna. Ef miðað yrði við lægstu vexti Seðlabanka Íslands yrði sú eignartilfærsla um 140 milljarðar króna. Eftir dóm Hæstaréttar í gær er ljóst að lokaniðurstaðan mun liggja einhvers staðar á milli þessara talna.

Bankarnir þurfa nú að endurreikna öll ofangreind lán til að finna út hver endanlegur viðbótarkostnaður þeirra vegna niðurfærslnanna verður. Hann mun þó vart fella nein fjármálafyrirtæki, enda sameiginlegt eigið fé stóru bankanna þriggja rúmlega 460 milljarðar króna í lok september síðastliðins.

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@fréttabladid.is



# Erlendu vextirnir gildi

Hæstiréttur komst í gær að þeirri niðurstöðu að Frjálsa fjárfestingarbankanum hefði verið óheimilt að krefjast hærri vaxtagreiðslna, en sem nam upphaflegum samningsvöxtum, af gengistryggðum lánum aftur í tímann. Hæstiréttur dæmdi slík lán ólögmæt í júní 2010 og eru endurútreikningar íslenskra fjármálafyrirtækja í kjölfar dómsins þar með í uppnámi.

Útreikningarnir byggðu á lögum Alþingis frá því í desember 2010 um hvernig bregðast skyldi við dómi Hæstaréttar. Samkvæmt lögunum voru lánin endurreiknuð eins og þau hefðu verið veitt með verðtryggðum vöxtum Seðlabankans. Niðurstaða Hæstaréttar í gær er sú að ólöglegt hafi verið að breyta vöxtum lánanna aftur í tímann en lánin verða þó áfram látin miðast við vexti Seðlabankans frá 28. desember 2010, deginum þegar lög Alþingis tóku gildi.

Forsaga málsins er sú að þann 16. júní árið 2010 úrskurðaði Hæstiréttur að erlend myntkörfulán Lýsingar og SP Fjármögnunar til bílakaupa hefðu verið ólögleg. Hafði dómurinn fordæmisgildi fyrir annars konar gengistryggð lán en niðurstaða hans var að ólögmætt væri að gengistryggja lán veitt í krónum. Í honum var hins vegar ekki tekin afstaða til þess við hvaða vexti skylda miða í ljósi þess að lánasamningarnir voru ólögmætir.

Þann 30. júní kynntu Seðlabankinn og FME svo tilmæli um hvernig endurreikna skyldi gengislán. Skyldi miða við lægstu vexti sem þá giltu á lánamarkaði en ekki við upphaflega vexti lánanna sem voru yfirleitt í kringum þrjú prósent.

Voru tilmælin kynnt þannig að þau ættu að brúa bilið þangað til óvissu um meðferð gengistryggðra lána yrði eytt fyrir dómi. Þau voru ekki lagalega bindandi og var fjármálafyrirtækjum í sjálfsvald sett hvort þau færu eftir þeim. Mánuði síðar féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur þess efnis að gera skyldi upp gengistryggð bílalán miðað við óverðtryggða vexti Seðlabankans. Þann dóm staðfesti Hæstiréttur svo í september. Í þeim dómi var hins vegar ekki tekin afstaða til þess hvort löglegt væri að endurreikna lánin aftur í tímann.

Í kjölfarið mælti Árni Páll Árnason, þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, fyrir lögum á Alþingi þar sem skýrt var hvernig staðið skyldi að endurútreikningum gengislána. Skyldu greiðslur af lánunum endurreiknaðar aftur í tímann eins og ef lánin hefðu miðast við verðtryggða vexti Seðlabankans. Þá skyldi það sama gilda um öll gengislán óháð mismunandi orðalagi í bíla- og fasteignalánasamningum.

Voru lögin samþykkt þann 18. desember 2010 og tóku gildi tíu dögum síðar. Í kjölfarið höfu fjármálastofnanir svo að endurreikna lán viðskiptavina sinna og endurgreiða þeim sem höfðu greitt of mikið. Þau lög hafa nú verið dæmd ólögmæt.

- mþl

## Hreyfingin greiddi ein atkvæði á móti

Lögin voru samþykkt með 27 atkvæðum gegn þremur á Alþingi þann 18. desember 2010. Þingmenn Hreyfingarinnar greiddu atkvæði gegn frumvarpinu, en 22 þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sátu hjá. Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, sat einnig hjá. Aðrir þingmenn Samfylkingar og Vinstri græns greiddu atkvæði með frumvarpinu.

Þingmenn Hreyfingarinnar voru mótfallnir því að lög væru sett á meðan enn væru í gangi dómsmál fyrir Hæstarétti um lögmæti og vexti. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins sögðu frumvarpið ekki nógu vel unnið og vildu fresta málinu.







Lokað í dag!

Fimmtudaginn 16. febrúar er lokað hjá ríkisskattstjóra

Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda.

Athygli er vakin á að á **skattur.is** er boðið upp á sjálfsafgreiðslu og á **rsk.is** er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um skattamál.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI



ÚT FYRIR ENDIMÖRK ALHEIMSINS!
MIKIÐ ÚRVAL AF
ÖSKUDAGS-
BÚNINGUM
& FYLGIHLUTUM
NINJA BÚNINGUR 2.499
BÓSI BÚNINGUR 4.999
BÚNINGAR VERÐ FRÁ 1.499
VIDDI BÚNINGUR 3.999
PRINSESSA BÚNINGUR 2.999
HATTAR VERÐ FRÁ 1.299
SVARTHÖFÐI GRÍMA&SKIKKJA 2.499
BEINAGRIND BÚNINGUR 2.499
HÁRLITA-SPREY VERÐ FRÁ 499
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hversu mörg mörk skoraði Steven Lennon fyrir Fram gegn KR í úrslitum Reykjavíkurmótsins?*

**2.** *Hver er forstjóri Vinnumálastofnunar?*

**3.** *Með hverjum er Lay Low á tónleikaferð um Bandaríkin?*

**SVÖR:**

*1. fimm, 2. Gissur Pétursson, 3. Of Monsters and men.*

Innanríkisráðherra segir flugvöll í Reykjavík grundvöll samgöngustefnu:

# Gjöld á flug komin að ýtrustu mörkum

**ALÞINGI** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir svo kunna að vera að gjöld á innanlandsflug séu komin á ýtrustu mörk. Hann varar þó við miklum upphrópunum varðandi málið og segir gjöldin hafa hækkað minna en vísitalan síðustu ár. Málið var rætt á Alþingi í gær.

Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var málshefjandi. Hann sagði innanlandsflugið í alvarlegri stöðu. Því ylli bæði óvissa með Reykjavíkurflugvöll og skattahækkanir ríkisstjórnarinnar. Ríkisvaldið hefði fylgt marxískri stefnu undanfarin ár með það að leggja opinber gjöld á innanlandsflugið sérstaklega.

> Á næstu tveimur árum verða gjöld á Reykjavíkurflugvöll hækkuð um 250 milljónir í tveimur áföngum
>
> **EINAR K. GUÐFINNSSON**
> ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

„Á næstu tveimur árum verða gjöld á Reykjavíkurflugvöll hækkuð um 250 milljónir í tveimur áföngum, á atvinnustarfsemi sem veltir fjórum milljörðum árlega.“



ÖGMUNDUR JÓNASSON



EINAR K. GUÐFINNSSON

Ráðherra sagði gjöldin undir vísitöluhækkunum, en með hækkun í apríl, og enn frekari hækkun, færu þau yfir þau mörk. Hluta þeirra mætti skýra með viðhaldi, en í stað þess að setja einn milljarð af fjárlögum í viðhald flugvalla hefði verið valin sú leið að setja umrædd gjöld á.

Einar krafði ráðherra um afstöðu sína varðandi staðsetningu flugvallarins. Ögmundur áréttaði þá skoðun sín að hann ætti að vera þar sem hann er. Hann vildi ná betra jafnvægi á flutningum á lofti, láði og lögum og flugvöllur í Vatnsmýri væri grundvöllur þess. **- kóp**

Northland Healing Arts kynnir

Heilunarnám

Með Victor McWind

Heilunarnám á vegum Northland Healing Arts hefst 9. mars og stendur til 1. des. Um er að ræða 11 helgar, frá föstudegi til sunnudags. Að náminu loknu útskrifast nemendur sem heilarar.

**Kynningarfundur um námið verður haldinn laugardaginn 25. feb. kl. 12:00 að Bæjarflöt 15, Grafarvogi.**

Nánari upplýsingar um námið er að finna á www.mcwindbodywork.com. Einnig má hafa samband við Victor í síma 690-7281 eða með tölvupósti: victor@mcwindbodywork.com.

Hvað segja útskriftarnemar okkar um námið?



Gjaldskyldur tími lengist:

## Leggja til hærri bílastæðagjöld

**BORGARMÁL Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur beint því til borgarráðs að gjald fyrir bílastæði í miðborginni verði hækkað og að gjaldskyldur tími verði lengdur.**

**Lagt er til að klukkutíma gjald fyrir bílastæði á götum hækki úr 150 í 250 krónur. Gjaldskyldur tími verður frá 9 til 18 á virkum dögum og frá 9 til 16 á laugardögum.**

**Ráðið leggur til að gjald í bílastæðahúsum verði óbreytt. Þar kostar fyrsti klukkutíminn 80 krónur en næstu tímar 50 krónur. Áformað er að breyta gjaldtaka hefjist 15. apríl. - shá**

**NEYTENDAMÁL**

### Villandi framsetning bönnuð

Neytendastofa hefur bannað framsetningu verðs á heimasíðu Hátækni þar sem hún þótti villandi gagnvart neytendum. Vörur voru þar kynntar annars vegar á svonefndu listaverði og hins vegar venjulegu verði sem var lægra. Neytendastofa taldi gefið til kynna að neytendur nytu verðhagræðis þrátt fyrir að svo væri ekki.



**ÆTTINGJAR KREFJAST SVARA** Við fangelsishliðið beið fjöldi aðstandenda fanganna og vildu margir komast inn til að sjá líkin með eigin augum. NORDICPHOTOS/AFP

# Hundruð brunnu inni í fangelsinu

**Meira en þrjú hundruð manns létu lífið í eldsvoða í fangelsi í Hondúras í gær. Tugir brunnu inni meðan slökkvilið var að leita að lyklum. Fimm hundruð fangar sluppu. Ævareiðir aðstandendur heimta svör.**

**HONDÚRAS, AP** Heyra mátti skelfingar- og kvalaóp frá fjölda fanga sem sátu innilokaðir í klefum sínum meðan fangelsið í borginni Comayagua í Hondúras brann í gær.

Talið er að rúmlega 350 fangar hafi brunnið inni. Tugir þeirra brunnu inni eða köfnuðu af reyk vegna þess að slökkviliðsmenn fundu ekki lykla klefanna fyrr en of seint.

„Við gátum ekki komið þeim út vegna þess að við vorum ekki með lyklana og fundum ekki fangaverðina sem voru með þá,“ sagði Josue Garcia, talsmaður slökkviliðsins í Comayagua.

Tugir manna særðust en óttast er að 475 fangar hafi sloppið út í ringulreiðinni sem varð. Óeirðir brutust út meðal fanganna þegar eldsins varð vart.

Einn fanganna, Silverio Aguilar, sagði í útvarpsviðtali að einhver hafi byrjað að hrópa: Eldur! Fangarnir hafi hrópað á hjálp en lengi vel brást enginn við.

„Um stund heyrði enginn neitt, en eftir nokkrar mínútur, sem virtust vera heil eilífð, kom vörður með lykla og hleypti okkur út.“

Ævareiðir aðstandendur margra fanganna kröfðust þess að komast inn um hlið fangelsisins og fá afhent brunnin lík ættingja sinna og ástvina. Sumir reyndu að brjóta sér leið inn í fangelsið.

„Við viljum fá að sjá líkið,“ sagði Juan Martinez, faðir eins fanganna sem sagðir voru hafa dáið. „Við verðum hér þangað til við fáum það.“

> Um stund heyrði enginn neitt, en eftir nokkrar mínútur, sem virtust vera heil eilífð, kom vörður með lykla og hleypti okkur út.
>
> **SILVERIO AGUILAR**
> FANGI

Hundruð aðstandenda fóru einnig á sjúkrahúsið í Comayagua, en þangað höfðu margir hinna særðu verið fluttir. Sumir voru einnig fluttir á sjúkrahús í höfuðborginni Tegucigalpa.

Sumir hinna særðu eru lífshættulega meiddir, þannig að tala látinna gæti enn átt eftir að hækka nokkuð.

Óljóst var um upptök eldsins í gær. Tvennt þótti helst koma til greina: Annað hvort var þetta íkveikja eða kviknað hefur í út frá rafmagni.

Lucy Marder, yfirmaður réttarmeinadeildar ríkissaksóknara, sagði að erfitt yrði að bera kennsl á fjölmarga fanga því lík þeirra væru svo illa brunnin.

Allt að þrír mánuðir geti liðið áður en tekist hefur að bera kennsl á alla með erfðaefnisrannsóknum.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Söluferli:

SIGURPLAST - umbúðir

**Eignabjarg ehf., dótturfélag Arion banka, hefur falið KONTAKT fyrirtækjaráðgjöf að annast sölu á öllum hlut sínum (100%) í Sigurplasti ehf.**

Fyrirtækið framleiðir fjölbreyttar umbúðir úr plasti og hefur það verið starfandi frá 1960. Það er til húsa að Völuteig 17-19 í Mosfellsbæ.

Áhugasömum fjárfestum er boðið að fá senda stutta kynningu á fyrirtækinu í tölvupósti. Beiðni þar um skal send á: gunnar@kontakt.is.

Leiði fyrsta skoðun fjárfestis til þess að hann óski eftir ítarlegri kynningu, fyllir hann út fjárfestaform og undirritar ásamt trúnaðaryfirlýsingu, en hvort tveggja fær hann sent með fyrri kynningunni. Þessu skilar fjárfestir til KONTAKT og sækir jafnframt ítarlegri kynningu. Gunnar Svavarsson (gunnar@kontakt.is) er umsjónaraðili söluferlisins f.h. KONTAKT.

**Tilboðum skal skila inn til KONTAKT fyrir kl. 12:00 fimmtudaginn 8. mars.**

Tilboðin skulu vera bindandi og einungis með eðlilegum fyrirvörum. Þeim fjárfesti/fjárfestum sem skila inn hagstæðustu tilboðunum að mati seljanda verður boðið að afla sér frekari upplýsinga í gagnamöppum, skoða starfsstöð félagsins, eiga samtöl við stjórnendur þess og að öðru leyti kanna áreiðanleika upplýsinga áður en skrifað er undir kaupsamning.

Haukur 02.12

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200 www.kontakt.is
globalM&A Iceland



# Lífeyrissjóðakerfið bognaði en brotnaði ekki í bylnum stóra

Skýrsla nefndar um starfsemi lífeyrissjóða í aðdraganda efnahagshrunsins er tilefni líflegra umræðna í samfélaginu um lífeyrissjóðakerfið, tilgang þess, stöðu og framtíð. Málefnið varðar landsmenn alla og skýrslan skerpir sýn á þá staðreynd að íslenska lífeyrissjóðakerfið í heild stóð af sér hrunið þrátt fyrir að eignir lífeyrissjóða hafi rýrnað mikið.

Tjón íslenskra lífeyrissjóða nam tæplega meðaltalstapi lífeyrissjóða í OECD-ríkjum. Rétt er að minna á, hvorki til að afsaka né réttlæta að neinu leyti að svo fór sem fór, að Ísland er ekki eyland í efnahagslegum skilningi. Sumir íslenskir lífeyrissjóðir urðu að bregðast við með því að skerða lífeyrisréttindi og það ber að harma. Þessir sjóðir höfðu reyndar áður aukið réttindi umfram vísitölu neysluverðs í krafti góðrar ávöxtunar.

Einnig ber að nefna að verðtryggður lífeyrir úr lífeyrissjóðum hefur verið greiddur út frá upphafi efnahagskreppunnar og kjör lífeyrisþega verið varin sem því nemur.

ATHYGLI / EFFEKT

**Hrein eign til greiðslu lífeyris**

Allar tölur eru í milljörðum króna, á verðlagi hvers árs.




Heimildir: Seðlabanki Íslands vegna 2011 (áætluð heildareign). Fjármálaeftirlitið vegna 1997-2010.

**Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða**




Meðaltal hreinnar raunávöxtunar lífeyrissjóða 1997-2011 er 3,3%. Hrein raunávöxtun er ávöxtun umfram verðbólgu að frádregnum rekstrarkostnaði sjóðanna. Heimild: Fjármálaeftirlitið og Landssamtök lífeyrissjóða.

- Íslenska lífeyriskerfið er öflugt og traust þrátt fyrir hrunið haustið 2008. Hrein eign lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris náði því strax árið 2009 að verða meiri en hún var mest fyrir hrun og var í lok árs 2011 orðin tæplega 2.100 milljarðar króna.
- Hrein eign íslenskra lífeyrissjóða nam tæplega 124% af landsframleiðslu árið 2010. Einungis í Hollandi var hlutfallið hærra innan OECD.
- Lífeyrissjóðir verða að ávaxta eignir sínar svo þær svari til skuldbindinga gagnvart sjóðfélögum þegar þeir þurfa á lífeyri að halda. Fjárfestingar þurfa að vera eins öruggar og kostur er.
- Stjórnir og stjórnendur lífeyrissjóðanna hafa yfirfarið og endurmetið á sjálfsgagnrýninn hátt vinnubrögð og vinnureglur við mat og eftirlit af margvíslegu tagi í starfseminni, ekki síst varðandi fjárfestingar og siðferði.
- Fjárfestingakostir lífeyrissjóðanna nú eru því miður of fáir og einsleitir til að teljist viðunandi. Það gengur of hægt að koma efnahagslífinu hérlendis á skrið og gjaldeyrishöftin koma í veg fyrir að lífeyrissjóðirnir geti ávaxtað sitt pund erlendis á þann hátt sem ákjósanlegt er til að dreifa áhættu og nýta álitlega kosti til fjárfestinga.

*„Varðandi stöðugleika kerfisins má líta til þess að þrátt fyrir að mikið áfall hafi riðið yfir þá hlaut lífeyriskerfið þó ekki verri útreið en raun ber vitni og telja verður líklegt að lífeyriskerfið geti staðið undir sér í framtíðinni."*

Katrín Ólafsdóttir lektor: Íslenska lífeyriskerfið og íslenskur þjóðarbúskapur. Viðauki II í 1. hefti úttektarskýrslu um lífeyrissjóðina bls. 159.

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Landssamtök lífeyrissjóða •• Sætún 1 •• 105 Reykjavík •• Sími 563 6450

www.ll.is

**FRÉTTASKÝRING: Orkustefna fyrir Ísland**

# Innlendir orkugjafar verða efldir

**Dregið verður úr innflutningi jarðefnaeldsneytis og framleiðsla innlendra orkugjafa efld. Hugað verður að flutningi raforku til Evrópu um sæstreng og hagkvæmni mun ráða orkuframleiðslu. Þetta kemur fram í skýrslu um orkustefnu Íslands. Gagnrýnendur segja hana leggja til hærra raforkuverð og skorta raunhæfar tillögur.**

Frumorkunotkun Íslendinga árið 2009 jafngildir 67 terawattsstundum á ári. Með frumorkunotkun er átt við orkunám, þ.e. varmi tekinn úr jörðu, afl virkjaðra fossa eða orkugildi olíu. Jarðvarminn skipar þarna stærstan sess og þá vatnsorka. Þriðja uppspretta frumorku á Íslandi kemur úr jarðefnaeldsneyti.

Vinna við orkustefnu á Íslandi miðar meðal annars að því að draga úr vægi þessarar þriðju uppsprettu. Í staðinn er ætlunin að notast við innlenda orkuframleiðslu.



ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR

Á vormánuðum verður innleidd hér á landi Evróputilskipun um hlutfall endurnýjanlegrar orku, en hún á að verða 20 prósent af heildarorkunotkun árið 2020. Þar er ekki um að ræða sama hlutfall í öllum löndum, heldur heildarmarkmið fyrir Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið.

Mjög mismunandi er hve langt á veg lönd eru komin til að ná þessu markmiði. Malta þarf að auka hlutdeild endurnýjanlegrar orku upp í 10 prósent en Svíþjóð í 49 prósent. Vegna sérstöðu Íslands er gert ráð fyrir að hlutfallið hér verði 64 prósent. Hlutfallið er hærra en það nú þegar, eða 67 prósent.

### Minna jarðefnaeldsneyti

Eldsneytisinnflutningur vegur tiltölulega þungt í vöruinnflutningi og viðskipta- og gjaldeyrisjöfnuði hennar. Verðmæti innflutts eldsneytis og smurolíu var 51 milljarður króna árið 2009. Allur vöruinnflutningur það ár nam 410 milljörðum.

Stjórnvöld hafa sett sér það markmið að noktun vistvæns eldsneytis í sjávarútvegi og samgöngum verði að minnsta kosti 20 prósent árið 2020, eins og kemur fram í samþykkt um orkuskipti í samgöngum. Höfundar skýrslu um orkustefnu telja einnig mikilvægt að stuðla að orkusparnaði.

„Unnt er að draga verulega úr notkun jarðefnaeldsneytis með orkusparnaði, og þá einkum með sparneytnari bifreiðum, eflingu almenningssamgangna og hvatningu til vistvænni ferðamáta. Líkur eru til þess að ávinningur verði meiri á þessu sviði til skemmri tíma litið en af orkuskiptum."

### Arður til þjóðar

Skýrsluhöfundar leggja til að stofnaður verði auðlindasjóður sem leigi nýtingarrétt auðlinda út. Miðað er við 25 til 30 ár, en þó geti það verið breytilegt í einstaka tilfellum. Einn nefndarmanna, Gunnar Tryggvason, skilaði séráliti og taldi þennan nýtingartíma of skamman.

Lagt er til að sjóðurinn haldi utan um allar orkuauðlindir í eigu ríkisins á einum stað. Oddný G. Harðardóttir, starfandi iðnaðarráðherra, sagði í framsöguræðu sinni með skýrslunni að unnið væri að því innan forsætisráðuneytisins að útfæra fyrirkomulag auðlindaleigu og nýtingarsamninga vegna auðlinda í eigu ríkisins.

Hún sagði þó skoðun stýrihópsins að ekki ætti að ganga á framlegð eða arðsemi orkuvinnslu og orkusölu vegna byggða- eða atvinnusjónarmiða í héraði. „Markmiðum á þeim sviðum verði náð með öðrum og almennari hætti, t.d. með hlutdeild nærsamfélags í auðlindarentu."

Að sama skapi eigi aðeins arðsemi að ráða þegar í virkjanaframkvæmdir er ráðist.




**BREYTINGAR Í VÆNDUM** Samkvæmt samþykktum stjórnvalda á 20 prósent af fiskskipaflotanum að nota endurnýjanlega orkugjafa árið 2020. Ljóst er að breytingar eru í vændum í þeim geira. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Til umræðu

Ljóst er að orkustefna er víðfeðmt plagg og kemur inn í flesta anga þjóðlífsins. Oddný lýsti því yfir þegar hún mælti fyrir skýrslunni að plaggið væri til umræðu. Það færi síðan til iðnaðarráðuneytisins þar sem það yrði fullunnið.

Gagnrýni á plaggið var einmitt á þeim nótum, eins og sést dæmi um hér á síðunni. Að hér væru lögð fram falleg áform án þess að raunverulegar tillögur fylgdu. Þá var einnig gagnrýnt að pólitíska ábyrgð vantaði á þær tillögur sem þó væru lagðar fram í skýrslunni.




**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is


## Áætluð raforkugeta og núverandi notkun




HEIMILD: SKÝRSLA UM HEILDSTÆÐA ORKUSTEFNU

## Mun fela í sér hærra raforkuverð



EINAR K. GUÐFINNSSON

Raforkuverð er lægra hér á landi en í Evrópu, eins og skýrsluhöfundar benda á. Þar segir að ef ná eigi svipaðri framlegð hér á landi og í Evrópu þurfi verðlagning orku að færast nær því sem gerist á meginlandsmörkuðunum. Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir koma skýrt fram í skýrslunni að hækka eigi raforkuverð í landinu.

„Þar eru bornar saman tölur um orkuverð hér á landi og í Evrópu. Af þeim má ráða að ef gera á eins og boðað er í plagginu, að færa orkuverð til þess sem gerist í Evrópu, getur það þýtt allt að helmings hækkun á raforku." Einar segir þau rök færð fyrir því að ná eigi meiri arðsemi út úr orkufyrirtækjunum. Hingað til hafi þeirri stefnu hins vegar verið fylgt að láta almenning og fyrirtæki njóta lágs orkuverðs og því væri um algjöra stefnubreytingu að ræða.

„Þetta mun ekki bara bitna á stóriðjunni, heldur hlýtur með einhverjum hætti að lenda á almenningi. Ég knúði starfandi iðnaðarráðherra svara, en þau voru heldur léttvæg. Stjórnvöld hafa ekki leyfi til að skila auðu við þessar aðstæður og verða að segja með skýrari hætti hver þeirra afstaða er."

## Góðar hugmyndir en engar tillögur



SIGURÐUR INGI JÓNSSON

Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir skýrsluna uppfulla af fögrum fyrirheitum. Ýmislegt vanti þó í stefnuna, hún sé almennt orðuð og skortur sé á almennri stefnumótun í málaflokknum. Hann segir fjölmargt þar inni frekar eiga heima í rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Of mikið beri á því að talað sé um vernd á ýmsum sviðum en ekki orkunýtingu. Þá segir hann oft og tíðum óljóst hvernig það rímar saman við aðrar áætlanir stjórnvalda.

Í því skyni nefnir Sigurður sérstaklega stefnu um erlendar fjárfestingar, sem er til umræðu í atvinnuveganefnd þingsins. „Til hvers er þetta sett fram? Það er út af fyrir sig ágætt að setja þetta á blað, en þarna vantar ákveðnari stefnu í ýmsum málum." Tiltekur Sigurður sérstaklega jöfnun landshluta um aðgengi að orku.

„Þetta snertir lítið atvinnuvegastefnu og fjárfestingarstefnu. Hvernig á að byggja upp á þessum svæðum? Á að gera það með línum inn á þau eða að virkja? Þetta vantar allt."

Þá kvartar Sigurður Ingi yfir því að ekkert sé fjallað um jöfnun húshitunarkostnaðar í skýrslunni. Allir þegnar landsins verði að sitja við sama borð, það varði jöfnun lífsskilyrða á landinu öllu.






## Heildarstefna um mögulegar orkulindir landsins

**Verkefni stýrihópsins voru eftirfarandi:**

Ná heildaryfirsýn yfir mögulegar orkulindir landsins, aðferðir og tækni við nýtingu þeirra, hugsanleg umhverfisáhrif og sjálfbærni nýtingarinnar ásamt rekstrarlegri og þjóðhagslegri hagkvæmni.

Fara sérstaklega yfir möguleika og hugsanlegar aðferðir stjórnvalda til þess að stjórna nýtingu orkunnar m.t.t. sjálfbærni, efnahagslegrar uppbyggingar og stöðugleika.

Stýrihópurinn skal sérstaklega fjalla um möguleika á að nýta orkulindirnar og sérþekkingu okkar og reynslu á sviði orkumála til atvinnuuppbyggingar á næstu árum.

Stýrihópurinn skal skoða möguleika á samvinnu við aðrar þjóðir í orkumálum og gera tillögur um aðgerðir stjórnvalda til að efla slíka samvinnu ef hagkvæmt er talið.

Stýrihópurinn skal gera tillögu að forgangsröðun á nýtingu orkunnar með hliðsjón af áherslum og markmiðum ríkisstjórnarinnar, s.s. í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.

Móta skal skýra stefnu og markmið um minnkandi notkun jarðefnaeldsneytis og losun koltvísýrings með betri orkunýtni, orkusparnaði, hagrænum hvötum og með því að þróa og nýta vistvæna orkugjafa fyrir bifreiðar, tæki og skip.

Meta stöðu Íslands með tilliti til orkuöryggis og viðbúnaðar til að bregðast við utanaðkomandi aðstæðum.

Kortleggja fræðslu og rannsóknir á sviði orkumála og gera tillögur um samstarfsvettvang sem kanni möguleika á betri samhæfingu og samstarfi mismunandi starfseininga.

Stýrihópurinn skal í starfi sínu leitast við að skilgreina og tímasetja markmið og kennistærðir þannig að hægt sé að mæla þróun og árangur á sviði orkunýtingar og minni umhverfisáhrifa

Í hópnum sátu: Vilhjálmur Þorsteinsson, formaður, Bergur Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Guðni A. Jóhannesson, Guðrún Jóna Jónsdóttir, Gunnar Tryggvason og Salvör Jónsdóttir.




# Takk fyrir að velja Inkasso

Yfir **400** fyrirtæki **velja Inkasso** – við þökkum þeim traustið.

Við sjáum um: fruminnheimtu, milliinnheimtu og löginnheimtu.

**Kynntu þér málið núna á Inkasso.is**
**eða hringdu í síma 520-4040**
**og fáðu nánari upplýsingar.**

**Einbeittu þér að rekstrinum**
**og láttu okkur sjá um**
**innheimtuna.**

INKASSO

PIPAR\TBWA • SÍA • 120485

INKASSO ehf | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Sími 520-4040 | Fax 520-4041 | inkasso@inkasso.is | www.inkasso.is

# neytendur
*hagur heimilanna*

**52.824 KRÓNUR** voru meðalútgjöld hverrar íslenskrar fjölskyldu í tómstundir og menningarstörf árið 2010 samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Árið 2006 voru meðalútgjöldin 46.508 krónur, og hafa því hækkað um 13,6 prósent á fimm árum.

**Sektir**

## Brutu lög um útsölu

Neytendastofa hefur sektað þrjár raftækjaverslanir fyrir að brjóta gegn lögum sem gilda um sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Verslanirnar eru Sjónvarpsmiðstöðin, Heimilistæki og Rafha, sem allar höfðu kynnt vörur á tilboðsverði. Sjónvarpsmiðstöðin og Heimilistæki fengu stjórnvaldssekt sem nemur 150.000 krónum og Rafha 100.000 krónum.
Fram kemur á vef samtakanna að fyrirtækin gátu ekki sýnt fram á að ákveðnar vörur hafi verið seldar á því verði sem tilgreint var sem fyrra verð. Tilboðsverð megi einungis auglýsa þegar um raunverulegt tilboð er að ræða og þarf að koma fram hvert sé fyrra verð vörunnar. Varan þarf að hafa verið á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð og þarf það að vera verðið sem varan var seld á áður en varan er kynnt á tilboðsverði.




# Gæðastimpill á vöru án eftirlits

**Grunur leikur á að bændur noti merki um vottaða vistvæna framleiðslu án þess að nokkurt eftirlit sé með því. Neytendasamtökin vilja að bændur hætti að nota merkið.**

Að mati sérfræðinga er vottunin „Vistvæn landbúnaðarafurð“ orðin marklaus og barn síns tíma. Eftirlit með framleiðslu vara undir merkinu er í flestum tilvikum í molum og leikur grunur á að bændur séu að nota merkið án þess að uppfylla þau skilyrði sem fylgir því.

Nýjustu breytingarnar á reglugerðinni um vistvæna ræktun voru gerðar árið 1998, nokkru áður en lífræn ræktun ruddi sér til rúms hér á landi.

Ólafur Dýrmundsson, landsráðunautur Bændasamtakanna í lífrænum búskap, segir eftirlit með vistvænni landbúnaðarframleiðslu í molum. Um sé að ræða umhverfistengda gæðastýringu sem þekkist víða í nágrannalöndunum, en á síðustu árum hafi eftirlit með henni flust á milli aðila og verið sinnt illa eða ekkert. Samkvæmt reglugerðinni er eftirlitið í höndum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og búnaðarsamtaka.

„Það er mikið að og það verður að fara ofan í þau mál,“ segir Ólafur. „Það verður að vera óháður aðili sem sér um eftirlitið.“

Ólafur segir það ljóst að hópur bænda sé að nota merkið, þá sér í lagi eggja-, kartöflu-, agúrku- og tómatbændur, þrátt fyrir að eftirlitið sé ekki nægilega öruggt. Gæðastýring sem neytendur geta treyst þurfi að skila sér til neytenda, líkt og með lífræna vottun þar sem strangar reglur gilda og eftirlit er virkt.

„Það gengur ekki upp. En það segir þó ekki að forsendur fyrir vottuninni séu ekki fyrir hendi,“ segir hann. „En við erum samt hrædd við að það sé verið að misnota miðana í einhverjum tilvikum.“

Brynhildur Pétursdóttir, fulltrúi Neytendasamtakanna, segir að bændur og framleiðendur ættu að hætta að nota merkið.

„Það veit enginn lengur hvaða kröfur það eru sem þarf að uppfylla,“ segir hún. „Það er svo mikið til af merkjum sem tákna ýmislegt og í þeim felast mikilvæg skilaboð til neytenda. Við viljum ekki hafa nein merki sem gera ekkert annað en að rugla fólk.“

Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, tekur undir að eftirliti með notkun merkisins sé að mörgu leyti ábótavant. Það sé þó mismunandi eftir búnaðarsamtökum, og nefnir að Búnaðarsamband Eyjafjarðar hafi ætíð sinnt eftirliti sínu vel.

„Það er þó örugglega brotalöm í eftirlitinu í mörgum tilvikum,“ segir hann. „Það má alveg velta upp þeirri spurningu hvort þetta sé ekki bara úrelt. Það þyrfti að fara fram umræða og skoðanaskipti um það hvort menn eigi að viðhalda þessari reglugerð og þessu merki.“ sunna@frettabladid.is

VISTVÆN LANDBÚNAÐARAFURÐ



**VISTVÆN RÆKTUN?** Fulltrúar frá landbúnaðarráðuneyti, Bændasamtökunum og Neytendasamtökunum telja að merkið fyrir vistvæna landbúnaðarafurð sé úrelt. NORDICPHOTOS/GETTY

**Mikill munur á lífrænu og vistvænu**

**Lífrænn búskapur** byggist á lífrænni ræktun og tekur til allra búgreina. Farið er eftir alþjóðlegum reglum. Búskaparhættirnir eru gæðavottaðir og afurðirnar merktar sérstökum vörumerkjum.

**Vistvænn búskapur** er í raun hefðbundinn, gæðastýrður landbúnaður. Þar eru notuð hefðbundin eiturefni, lyf og tilbúinn áburður, upp að leyfilegum mörkum. Þó er hafður hemill á notkun eiturefna, takmörkun á notkun tilbúins áburðar og meðferð á búfé er betri.





## SUMARÁÆTLUN 2012

**Sala ferða með Herjólfi í sumar hefst þriðjudaginn 21. febrúar nk. kl. 9.**

Sumaráætlun Herjólfs gildir frá 15. maí til 14. september. *

**Upplýsingar um bókanir í ferðir Herjólfs er að finna á heimasíðu skipsins, herjolfur.is**

Fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag verða fimm ferðir:

| | Kl. | Kl. | Kl. | Kl. | Kl. |
|---|---|---|---|---|---|
| Frá Vestmannaeyjum | 08:30 | 11:30 | 14:30 | 17:30 | 20:30 |
| Frá Landeyjahöfn | 10:00 | 13:00 | 16:00 | 19:00 | 22:00 |

Mánudag, þriðjudag og miðvikudag verða fjórar ferðir:

| | Kl. | Kl. | Kl. | Kl. |
|---|---|---|---|---|
| Frá Vestmannaeyjum | 08:30 | 11:30 | 17:30 | 20:30 |
| Frá Landeyjahöfn | 10:00 | 13:00 | 19:00 | 22:00 |

* Sala ferða Þjóðhátíðarvikuna 1.–8. ágúst 2012 er undanskilin og verður sett í sölu í mars.

HERJÓLFUR
MILLI LANDS OG EYJA

Básaskersbryggju | 900 Vestmannaeyjar | Sími 481 2800 | Fax 481 2991 | www.herjolfur.is




Make-up: Teint Radiance Nr. 2, Mascara Volume Effet Faux Cils Shocking nr. 1, Dessin du Regard Nr. 1, Rouge Pur Couture Vernis à Lèvres nr. 9.

révolution

YVES SAINT LAURENT

**ROUGE PUR COUTURE VERNIS À LÈVRES**

Gloss? Lakk? Varalitur? Þú þarft ekki lengur að velja, veldu allt.
Loksins tækifæri til að fullkomna varirnar.
Þunn formúlan aðlagast vörunum og skilur eftir glansandi lit sem endist og endist.

NÝ BYLTINGARKENND VARA HEFUR LITIÐ DAGSINS LJÓS.



---

# YVES SAINT LAURENT

## KYNNING Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG SMÁRALIND 16.-22. FEBRÚAR

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF
**ROUGE PUR COUTURE VERNIS À LÈVRES**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KO

# FYRIR BOLLUDAGINN FYRIR BOLLUDAGINN

## ÓDÝRT Í BÓNUS







259 KR. 400 GR

KJARNASULTUR **JARÐARBERJA, BLÁBERJA OG BLÖNDUÐ**




398 KR. 14 STK.

BÓNUS **14 STK.VATNSDEIGSBOLLUR**

# FYRIR BOLLUDAGINN FYRIR BOLLUDAGINN

## ÓDÝRT Í BÓNUS










198 KR. 250 GR

EUROSHOPPER **ÞEYTIRJÓMI**

249 KR. 350 GR

KÖTLU 350 GR **BOLLUMIX**

259 KR. 400 ML

BÓNUS 400 ML **RJÓMI**

198 KR. 280 GR

BÓNUS **SÚKKULAÐI BOLLUGLASSÚR**




798 KR. KG

FERSKT **GRÍSAHAKK**









998 KR. KG

FERSKAR **GRÍSAKÓTILETTUR**

1598 KR. 10 STK.

FROSNIR **NAUTABORGARAR**




798 KR. 620 GR

620 GR FROSIÐ **100% NAUTAHAKK**


BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# SPRENGIDAGS SALTKJÖTIÐ
## ÓDÝRT Í BÓNUS


998 KR.KG 1.FL
**SS BLANDAÐ SALTKJÖT I .FL**


1798 KR.KG
**VALIÐ SS SALTKJÖT** FRAMHRYGGJASNEIÐAR


1298 KR.KG
SALTAÐIR **SS LAMBALEGGIR**



459 KR.KG
KJARNAFÆÐI 2 FL. **LAMBASALTKJÖT**

# SPRENGIDAGS SALTKJÖTIÐ
## ÓDÝRT Í BÓNUS



1298 KR.KG
GRÍSAVEISLU **BEIKON**



998 KR. KG
ÍSLANDSLAMB ***SALTSKERT*** **LAMBASALTKJÖT**



298 KR.KG
LAMBASALTKJÖT **SÍÐUBITAR**


59 KR.KG
HOLLENSKUR **GULUR LAUKUR**


129 KR.KG
**RAUÐAR KARTÖFLUR** Í LAUSU



359 KR.KG
**ALI** SALTAÐIR **GRÍSASKANKAR**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 4 | | | | 7 |
| 1 | 3 | | 8 | 7 | | | | |
| | | | 5 | | | 9 | | 3 |
| | 5 | | | | | | | |
| 2 | 8 | 4 | 1 | | 5 | 3 | 7 | 6 |
| | | | | | | | 4 | |
| 9 | | 8 | | | 4 | | | |
| | | | | 3 | 1 | | 8 | 9 |
| 6 | | | | 8 | | 7 | | |

40

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 40 ER Á BONUS.IS

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**251 PUNKTUR** er skuldatryggingarálag ríkissjóðs sem hefur lækkað um 21 prósent frá áramótum.

# Íslenska krónan er fíll í stofunni

**Jón Sigurðsson forstjóri Össurar sagði krónuna vera uppsprettu illinda á Íslandi. Fólk ýmist reitt eða ánægt, eftir því hvar það „lenti“.**

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, sagði í ræðu á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands, því fjölmennasta frá upphafi, sem haldið var á Hilton Hótel Nordica í gær, að íslenska krónan væri uppspretta óstöðugleika í íslenska hagkerfinu. Vegna hennar væri fólk ýmist reitt eða ánægt, eftir því „hvar það lenti“ eftir reglulega kúvendingu hagkerfisins. Hann sagði þetta ástand ekki boðlegt, hvorki heimilum né fyrirtækjum.

„Krónan er eins og fíllinn í stofunni,“ sagði Jón og birti stóra mynd af fíl sem sat í leðurstól inni á venjulegu heimili. Hann sagði engan „þora að reka hann út“ en allir sæju samt að hann væri fyrirferðarmikið vandamál.

Jón sagði krónuna gera það að verkum að mikið fjármagn færðist til á milli fólks í síendurteknum kollsteypum. „Þetta gengur ekki, svo einfalt er það.“

Hann sagðist enn fremur hræddur um að gjaldeyrishöftin myndu ýta fyrirtækjum og tækifærum smátt og smátt úr landi, og að þeir sem hefðu aðrar lausnir en að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru, þyrftu að leggja til raunhæfar tillögur um hvernig væri hægt að leysa þetta mesta mein íslensks efnahagslífs.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, hélt einnig ræðu á Viðskiptaþingi og fór yfir reynsluna af veiði og vinnslu makríls. Hann sagði það vera krefjandi verkefni að stunda viðskipti með makríl, flutningsleiðir væru langar og samkeppni hörð. Íslenskur sjávarútvegur hefði náð góðum árangri á skömmum tíma. Óvissan um fiskveiðistjórnunarkerfið, vegna fyrirhugaðra breytinga stjórnvalda á því, væri slæm og skapaði mikil vandamál. Hann sagði makrílveiðarnar hafa skapað yfir þúsund störf á sjó og landi, og yfir 25 milljarða í verðmæti fyrir íslenska hagkerfið, á síðustu þremur árum.

Þorsteinn Már sagði samskipti stjórnvalda og íslensks atvinnulífs vera óboðleg. „Í íslensku atvinnulífi er til mikið af góðu, duglegu og heiðarlegu fólki sem gæti skapað meira af störfum ef samskipti atvinnulífsins við stjórnvöld væru eins og við hlustum á hér áðan,“ sagði Þorsteinn Már, eftir að hafa spila myndbandsupptöku af því þegar Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, ávarpaði Viðskiptaþingið í Noregi í fyrra.

**magnush@365.is**



**VIÐSKIPTAÞING** Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, og Steingrímur J. Sigfússon, efnahags-, viðskipta-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ræddu saman á Viðskiptaþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hreggviður Jónsson nýr formaður

*Hreggviður Jónsson, forstjóri og aðaleigandi Veritas Capital hf., var kjörinn formaður Viðskiptaráðs á aðalfundi þess í gær. Auk hans voru átján fulltrúar kosnir í aðalstjórn Viðskiptaráðs næstu tvö árin. Fulltrúar koma úr ólíkum greinum atvinnulífsins.*

### Í aðalstjórn Viðskiptaráðs 2012-2014 voru kjörin eftirfarandi:

**Björgólfur Jóhannsson,** Icelandair Group
**Sævar Freyr Þráinsson,** Síminn
**Eggert Benedikt Guðmundsson,** HB Grandi
**Sigrún Ragna Ólafsdóttir,** VÍS - Vátryggingafélag Íslands
**Hrund Rudolfsdóttir,** Marel
**Hörður Arnarsson,** Landsvirkjun
**Gylfi Sigfússon,** Eimskip Ísland
**Úlfar Steindórsson,** Toyota Íslandi
**Katrín Olga Jóhannesdóttir,** Já Upplýsingaveitur
**Kristín Pétursdóttir,** Auður Capital
**Ásbjörn Gíslason,** Samskip
**Höskuldur H. Ólafsson,** Arion banki
**Eyjólfur Árni Rafnsson,** Mannvit
**Ari Edwald,** 365 miðlar
**Brynja Halldórsdóttir,** Norvik
**Margrét Pála Ólafsdóttir,** Hjallastefnan
**Steinþór Pálsson,** Landsbankinn
**Guðbjörg Edda Eggertsdóttir,** Actavis Group

Gamalt fegrunarráð - í nútímalegum búningi


Dreifingaraðili Danson ehf :: Sími 588 6886






**MP BANKI** Skúli Mogensen er stærsti eigandi MP banka.

Kaup MP banka samþykkt:

## MP mátti kaupa ráðgjöf Sögu

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur samþykkt yfirfærslur fyrirtækjaráðgjafar Sögu Capital hf. til MP banka hf. Ákvörðun þess efnis var tekin 9. febrúar síðastliðinn og gerð opinber í gær. Í október hafði Samkeppniseftirlitið kynnt þá niðurstöðu sína að það teldi ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna kaupanna.

MP banki keypti fyrirtækjaráðgjöf Sögu í lok ágúst 2011. Kaupverðið var ekki gefið upp en samhliða fóru sex starfsmenn frá Sögu yfir til MP banka. Skömmu síðar, í október 2011, var starfsleyfi Sögu Capital sem lánafyrirtækis afturkallað. Fyrirtækið afsalaði sér í kjölfarið heimild til að leita nauðasamninga. Í frétt á heimasíðu þess segir að ljóst sé að Saga Capital „mun þurfa að fara í slitameðferð í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og mun því ekki geta uppfyllt fyrirliggjandi frumvarp að nauðasamningi“. **- þsj**

Morgunverðarfundur:

# Öpp & snjallsímar – brjáluð bylting!

**Opinn fundur Advania, föstudaginn 17. febrúar, kl. 8-10**

## Snjallsímar eru málið í dag

Snjallsímavæðingin er hraðskreiðasta tæknibylting 21. aldarinnar og markaðshlutdeild slíkra síma á íslenskum markaði er nú þegar um 80%.

## Hvers vegna app?

Fyrirtæki og stofnanir eru áhugasöm um að bjóða þjónustu og vörur gegnum öpp og veflausnir fyrir snjallsíma, en að mörgu er að hyggja:

- Henta öpp þínum vinnustað?
- Eru öpp yfirhöfuð við allra hæfi?
- Er snjallsímavæn veflausn ef til vill betri?
- Hver er hagkvæmnin og notagildið?
- Hver er ávinningurinn fyrir þjónustuaðila?
- Hvernig fer app-hönnun fram?

Þetta og margt fleira ræða landsins mestu app-snillingar á opnum morgunverðarfundi Advania.

## Skráning

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Skráning á advania.is. Fundurinn verður haldinn í ráðstefnusal Advania að Ármúla 2.

## Dagskrá:

**8.00** **Húsið opnað**
Gómsætur morgunverður og lútsterkt kaffi í boði Advania

**8.30** **Advania býður góðan dag**
Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania

**8.40** **Hvenær er app það eina rétta og hvenær er það alvitlaust?**
Stefán Baxter
deildarstjóri Netlausna VÍS

**9.00** **App sem markaðstæki**
Helgi Pjetur Jóhannsson
hönnuður/eigandi, Stokkur Software

**9.20** **Örugg samskipti við snjallsíma**
Sigurður Másson
deildarstjóri Öryggislausna Advania

**9.30** **Upplýsingakerfi sem app**
Sonja Fríða Jónsdóttir
hugbúnaðarsérfræðingur hjá Advania

**9.40** **Er eitthvað mál að skrifa farsímaforrit?**
Hjalti Jakobsson
tölvunarfræðingur og app-þróari

**10.00** **App eða ekki app**
Sigrún Eva Ármannsdóttir
forstöðumaður Veflausna Advania

**Fundarstjóri**
Bríet Pálsdóttir, verkefnastjóri hjá Advania





advania
Welcome to IT

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is

www.advania.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 12-0430

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Seðlabankinn bendir á það augljósa:

## Meiri fækkun ríkisstarfsmanna

Seðlabankinn sendi ríkisstjórninni og Alþingi kurteislega ábendingu í riti sínu Peningamálum, sem út kom í síðustu viku. Þar segir að fjárlög þessa árs séu breytt frá upphaflegu frumvarpi, sem lá til grundvallar hagspá Seðlabankans í nóvember. Hallinn á fjárlögunum sé þannig þremur milljörðum meiri en gert var ráð fyrir. „Mest munar um að ekki var gengið jafn langt í aðhaldi launakostnaðar eins og gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu eða sem nemur um 2,1 ma.kr. Gert er ráð fyrir að launakostnaður í ár verði 2,5% meiri en í fyrra. Í ljósi umsaminna launahækkana opinberra starfsmanna er ljóst að enn þarf að skera niður vinnumagn eigi þessi forsenda að halda," segir Seðlabankinn.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Á mannamáli þýðir þetta að fækka verði ríkisstarfsmönnum, annars verði hallinn á rekstri ríkisins meiri en fjárlögin gera ráð fyrir.

Ábending Seðlabankans er til merkis um að við meðferð fjárlagafrumvarpsins var látið undan þingmönnunum, sem undanfarin misseri hafa hamazt gegn fækkun ríkisstarfsmanna á ýmsum forsendum; þeir telja grafið undan velferðarkerfinu, undan einstökum byggðarlögum eða landshlutum o.s.frv. Vandinn við þennan málflutning er að viðkomandi benda sjaldnast á hvar megi skera niður í staðinn, nema hvað einn og einn kemur með gömlu lýðskrumslausnina: Skera niður risnu, utanlandsferðir og utanríkisþjónustuna. Sparnaður á þeim útgjaldaliðum er auðvitað nauðsynlegur eins og annars staðar en þeir eru bara svo pínulítill hluti af útgjöldum ríkisins að það skiptir litlu í heildarsamhenginu. Hinn kaldi veruleiki er að launakostnaður er svo stór hluti af ríkisútgjöldunum að ómögulegt er að ná utan um vandann í ríkisfjármálum án þess að segja upp fólki.

Þegar fyrirtæki á einkamarkaði sjá fram á kostnaðarhækkanir, meðal annars launahækkanir, en búast ekki við samsvarandi hækkun á tekjum segja þau upp fólki. Það eru sársaukafullar aðgerðir en nauðsynlegar, því að óábyrgt væri að stefna fyrirtækjunum í þrot með því að gera ekki neitt. Okkar sameiginlega fyrirtæki, ríkissjóð, verður að reka með nákvæmlega sama hætti.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu fjölgaði stöðugildum hjá ríkinu, þar með talið hjá opinberum hlutafélögum, um 38% áratuginn fyrir hrun, 1999-2008. Það var fjölgun byggð á óábyrgum ákvörðunum stjórnmálamanna sem vildu veita góða þjónustu og hafa kjósendur sína ánægða en tekjur ríkisins standa nú engan veginn undir góðverkunum. Hvernig gengur svo að snúa blaðinu við? Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar frá síðastliðnu hausti hefur ársverkum frá ríkinu fækkað um 6,5% frá 2008. Með öðrum orðum hefur aðeins verið undið ofan af fjórðungi af fjölguninni frá því fyrir hrun.

Einhverra hluta vegna þorir ríkisstjórnin að setja sér markmið um fækkun ríkisstofnana, en ekki að segja frá því hvað störfum eigi að fækka mikið við sameiningarnar. Það blasir þó við að eigi kerfisbreytingin að skila raunverulegum sparnaði, verður að fækka starfsmönnum. Kominn er tími til að horfast í augu við það.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



**Nýsköpunarsjóður tónlistar – Musica Nova**
**Styrkir vegna starfsársins 2012**

Sjóðurinn auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til nýsköpunar í tónlist. Flytjendur og tónleikahaldarar geta sótt um styrk til að panta tónverk og skal styrkfjárhæðin aðeins notuð til þess. Umsækjendur ábyrgjast frumflutning verksins.

**Í umsókn skal taka fram:**
- höfund tónverks
- tímalengd verks
- flytjendur
- hljóðfæraskipan
- áætlaða tímasetningu frumflutnings
- upphæð sem sótt er um

Þá skal fylgja fjárhagsáætlun verkefnisins sem og ferilskrá umsækjanda (flytjanda/tónleikahaldara)

**Umsóknir berist til:** Nýsköpunarsjóðs tónlistar – Musica Nova Laufásvegi 40, 101 Reykjavík

**Umsóknarfrestur rennur út miðvikudaginn 29. febrúar 2012. Póststimpill gildir.**

Nýsköpunarsjóður tónlistar er styrktur af Reykjavíkurborg


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ánægjan í Evrópu

Umræður sköpuðust á þingi í upphafi viku þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson vitnaði í ályktun utanríkismálanefndar Evrópuþingsins um aðildarferli Íslands og las þar út „mikla ánægju" með brotthvarf Jóns Bjarnasonar úr ríkisstjórn og „fögnuð" með að Steingrímur hefði tekið við málaflokkum Jóns.

### Tilgangurinn og meðalið

Vandamálið er að hvergi í tillögunni er vikið að Jóni eða ánægju með brotthvarf hans. Evrópuþingmaðurinn Christian Dan Preda segir í svari við fyrirspurn Evrópuvaktarinnar að í ályktuninni hafi verið vakin athygli á breytingunum og nýrri ríkisstjórn fagnað sem nýjum viðræðuaðila án þess að taka afstöðu til hennar. Það sé gert gagnvart öllum umsóknarríkjum. Staðreyndir sem þessar telja íslenskir þingmenn þó ef til vill aukaatriði ef hægt er að neyta færis og koma höggi á andstæðinga.



### Langsótt

Bjarni Benediktsson átti á sínum tíma aðkomu að viðskiptum sem hafa leitt til ákæru á hendur tveimur bankamönnum. Athygli hefur verið vakin á þessu í fjölmiðlum og það er ekki nema sjálfsagt, eðlilegt og þarft. Bjarna hefur gefist tækifæri til að svara fyrir þessa aðkomu sína og mörgum þykir honum hafa tekist það ágætlega. Nýjasta útspil Bjarna er hins vegar að tengja fréttaflutninginn, sem hófst fyrir mörgum misserum og lifnaði aftur við þegar ákæran var gefin út á dögunum, við þingmál sem hann lagði fram fyrir jól um að hætta við sakamál gegn Geir H. Haarde. Bjarni mætti hafa í huga að þegar menn segjast að ósekju bendlaðir við plott ættu þeir að forðast að smíða langsóttar samsæriskenningar sjálfir.



**thorgils@frettabladid.is**
**stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Hvað þurfa menn að afreka?


Menning



Sigurður A. Magnússon
rithöfundur


Hvað þurfa menn að afreka til að teljast verðugir umbunar og uppskera ávextina af hæfileikum sínum og framlagi til menningar eða annarra þjóðnytja? Spyr sá sem ekki veit! En spurningin vaknar óhjákvæmilega í sambandi við nýlega úthlutun úr Starfslaunasjóði rithöfunda; og vera má, að forsvarsmenn hans eigi einhver viðhlítandi svör við henni.

Svo vill nefnilega til, að í þetta sinn var gengið framhjá einum efnilegasta og ötulasta rithöfundi Íslendinga, Bjarna Bjarnasyni (f. 1965), sem á nokkrum síðustu árum hefur verið afkastameiri og afkastabetri en velflestir, ef ekki allir, jafnaldrar hans. Í því sambandi má benda á, að síðan 1992 hefur hann gefið út átta skáldsögur ásamt skáldævisögu og ritgerðasafninu „Boðskort í þjóðarveislu".

Síðustu þrjú árin hefur hann sent frá sér þrjár veigamiklar skáldsögur, sem vakið hafa almenna athygli, og fengið tvö af skáldverkum sínum þýdd á arabísku og þýsku. Skáldverkin þrjú eru „Leitin að Audrey Hepburn" (2009), „Mannorð" (2011) og „Endurkoma Maríu" (2012). Bjarni var sæmdur bókmenntaverðlaunum Tómasar Guðmundssonar 1998 og Laxnessverðlaunum 2001. Þá má einnig geta þess, að hann kom fram á Bókamessunni í Frankfurt á liðnu ári.

> Í þessu kræfa samfélagi gagnsærra pólitíkusa og misjafnlega spilltra broddborgara (samanber lífeyrissjóðina) má heita, að heiðarleg og markssækin vinnubrögð þyki sveitó eða púkó.

Í þessu kræfa samfélagi gagnsærra pólitíkusa og misjafnlega spilltra broddborgara (samanber lífeyrissjóðina) má heita, að heiðarleg og markssækin vinnubrögð þyki sveitó eða púkó. Hvers á Bjarni Bjarnason að gjalda? Má vera, að hann þyki of vel kvæntur til að verðskulda viðurkenningu fyrir heiðvirð og frábær vinnubrögð? Það væri svo sem eftir öðru á þessum kjörlendum kunningsskapar og pólitísks siðleysis!


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# „Hækkun í hafi“?

Sjávarútvegsmál

Þórólfur Matthíasson
hagfræðiprófessor



Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri-grænna lofaði fyrir þremur árum, í stjórnarsáttmála, að stofna auðlindasjóð sem sæi um innheimtu afgjalda fyrir fénýtingu einstaklinga og fyrirtækja á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Líta má á hækkun veiðigjalds í fiskveiðum undangengin ár sem veika viðleitni til að standa við þetta loforð. En loforðið er engu að síður enn óefnt að flestra manna mati.

Ein ástæða þess að enn hefur ekki verið staðið við loforð um að þjóðin njóti tekna af eignum sínum er harkaleg andstaða útgerðarmanna. Minna má á endurteknar dýrar auglýsingaherferðir og síendurteknar fullyrðingar talsmanna útgerðar um að útgerðin hafi ekki efni á að greiða fyrir að nýta þjóðauðlindina. Endurskoðendur sjávarútvegsfyrirtækjanna hafa heldur ekki dregið af sér í málafylgju fyrir skjólstæðinga sína. Sýnast sumir í þeim hópi jafn snjallir í að affegra reikninga útgerðarinnar sem þeir voru í fegrun ársreikninga bankanna á árum áður.

Þeir fjármunir sem um er að tefla þegar talað er um greiðslu fyrir nýtingarréttinn á þjóðarauðlindinni jafngildir svokallaðri auðlindarentu í sjávarútvegi. Upphæðin er veruleg þrátt fyrir fullyrðingar endurskoðenda um annað. Áætla má auðlindarentuna með því að skoða leiguverðmæti




> Þeir fjármunir sem um er að tefla þegar talað er um greiðslu fyrir nýtingarréttinn á þjóðarauðlindinni jafngildir svokallaðri auðlindarentu í sjávarútvegi. Upphæðin er veruleg þrátt fyrir fullyrðingar endurskoðenda um annað.

aflaheimildanna. Leiguverðmæti allra aflaheimilda við Ísland eru nálægt 60 milljarðar króna á ári um þessar mundir. Líklega er leiguverðið í hærri kantinum vegna lítils framboðs og áhrifa stjórnvaldssekta á verðmyndunina. Hagstofa Íslands birtir upplýsingar úr reikningum sjávarútvegsfyrirtækja. Auðlindarentuna má auðveldlega lesa úr þeirri skýrslugjöf, en hún jafngildir nokkurn veginn hreinum hagnaði þegar fjármagnskostnaður er reiknaður með svokallaðri árskostnaðaraðferð.

Myndin sem fylgir þessari grein lýsir þróun hreins hagnaðar útgerðarfyrirtækja annars vegar og útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja hins vegar. Tölur eru færðar til verðlags ársins 2011 með neysluverðsvísitölu. Myndin ber með sér að hagnaður útgerðarfyrirtækja hefur nálægt þrefaldast að verðmæti síðan 2004. Myndin ber einnig með sér að hagnaður fiskvinnslu sé býsna sveiflukenndur, en hafi batnað mjög mikið eftir hrun banka og krónu.

Nú er það svo að mörg sjávarútvegsfyrirtæki hafa haslað sér völl bæði í veiðum og vinnslu. Fyrir því kunna að vera eðlileg rekstrarrök. En þessu fyrirkomulagi fylgir að fiskvinnsla er ósjaldan að kaupa hráefni af útgerðarfyrirtæki í eigu sama aðila. Með því að halda verði á ferskum fiski lágu minnkar bókfærður hagnaður útgerðarfyrirtækja en bókfærður hagnaður vinnslunnar eykst. Í leiðinni kann eigandinn að hagnast vegna þess að hlutur sjómanna (launagreiðslur sjómanna) skerðist sé fiskverð lækkað „með handafli“. Raunveruleg auðlindarenta í íslenskum sjávarútvegi er því einhverstaðar milli ferlanna tveggja á línuritinu, þ.e.a.s. var á bilinu 22-45 milljarðar króna á árinu 2010 og hafði þá aukist um 20–30 milljarða á árinu 2008.

Það er rétt að staldra við nokkur atriði þegar línuritið er skoðað: Í fyrsta lagi sýnir það svart á hvítu að hreinn hagnaður sjávarútvegsins hefur aukist verulega eftir hrun bankanna. Í öðru lagi er sýnt að hafi sjávarútvegurinn getað lifað af við þær aðstæður sem voru 2003 til 2007 þá getur sjávarútvegurinn auðveldlega greitt 20 milljarða plús árlega í auðlindagjald við núverandi aðstæður. Í þriðja lagi hlýtur línuritið að vekja spurningar hjá sjómönnum og þeim sem eru í forsvari fyrir launamál þeirra. Ekki verður annað séð en að verðmæti afurðanna hækki verulega „í hafi“, þ.e.a.s. á leið sinni til útflutningsmarkaðanna.

Stjórnarflokkarnir boða að til standi að efna loforð um að þjóðin fái að njóta tekna af sjávarauðlindinni. Vonandi gengur það eftir. Sjómenn hafa lengi krafist bættrar öryggisþjónustu. Væri það ekki viðeigandi, að nota fyrstu tvo milljarðana sem fengjust með endurbættu veiðiog/eða auðlindagjaldi til að svara því kalli og efla þyrlukost Landhelgisgæslunnar?

## AF NETINU

### Bjarni Ben. seldi – lífeyrissjóðirnir keyptu

Ég ætla ekki að leggja mat á það hvort Bjarni Benediktsson hafi haft einhverjar innherjaupplýsingar enda hef ég engar forsendur til að meta slíkt. Hins vegar finnst mér þetta grafalvarlegt mál er lýtur að stjórnendum lífeyrissjóðanna því ef þetta er allt satt og rétt sem Bjarni segir, að það hafi nánast mátt vera öllum ljóst í hvað stefndi, að menn skyldu þá fjárfesta í Glitni fyrir 11 milljarða króna sem síðan gufuðu upp sex mánuðum síðar. Enda er hér verið að ræða um lífeyri íslensks launafólks.

http://www.pressan.is

**Vilhjálmur Birgisson**

### Svartholið á vinstri vængnum

Það er merkilegt hvað íslenskir stjórnmálaforingjar eiga erfitt með að þekkja sinn vitjunartíma. Það er endalaus eftirspurn eftir eftirspurn. Lenskan er að þeir safna að sér litlum hópi ráðgjafa og já-manna sem þeir treysta út yfir gröf og dauða og engum öðrum. Plássið sem þessir foringjar taka drepur allt starf í flokkunum og gjáin á milli fólksins og forystunnar breikkar og breikkar. Tengingin við almenning glatast og grasrótin er visin og áhugalaus. Tíðinda sætir ef fleiri en 10 mæta á auglýsta fundi foringjanna.

http://smugan.is

**Grímur Atlason**


# GRÆDDU Á GULLI Á GRAND HÓTELI



## AFTUR Á ÍSLANDI VEGNA MIKILS ÁHUGA!

**Boðið verður upp á verðmat á skartgripum.
Engin skuldbinding til að selja.**

## AÐEINS ÞESSA ÞRJÁ DAGA:

Föstudaginn **17. febrúar**, laugardaginn **18. febrúar** og sunnudaginn **19. febrúar** frá 11 til 18.

**Falinn fjársjóður?**
Líklega gerir þú þér ekki grein fyrir því að gömlu skartgripirnir sem þú ert hætt/hættur að nota geta hugsanlega verið mjög verðmætir og jafnvel tugþúsunda ef ekki hundruð þúsunda virði. Nú er tækifærið til að komast að því hvort það leynist fjársjóður í rykföllnum skartgripaskrínum enda safnanar á höttunum eftir ónotuðum gömlum skartgripum um þessar mundir.

Nú þegar verð á gömlu gulli er í sögulegu hámarki er um að gera að láta leggja faglegt mat á ónotaða skartgripi. Matið er ókeypis og því fylgir engin skuldbinding til að selja. Sé hins vegar vilji til þess verður gengið frá viðskiptunum með reiðufé á staðnum.

**Að hverju er verið að leita? Hvað ætti að taka með?**
Það er sama hversu stórir eða litlir munirnir eru. Hér eru nokkur dæmi um muni sem farandsalarnir gætu haft áhuga á:
- Gömlu gulli: skartgripum, sígarettuhulstrum úr gulli eða öðrum gullmunum.
- Demöntum yfir einu karati.
- Úrum og vasaúrum en þá frá virtum framleiðendum á borð við Rolex, Cartier, Patek Philippe, Vacheron, Universal, Breitiling, IWS og Omega.
- Skartgripum með gimsteinum, jafnvel þó þeir séu brotnir eða þó vanti steina.
- Gömlu silfri.

„Ég hef áralanga reynslu af því að meta og kaupa skartgripi og hef á þeim tíma séð fólk koma með hluti sem voru í þeirra augum lítils virði. Þeir hinir sömu hafa svo gengið út með umtalsverða peninga á milli handanna,“ segir Franks. Hann segir markaðinn fyrir herraúr aldrei hafa verið betri og að verð á gulli sé í sögulegu hámarki.

**Einkaviðtal við verðmat.**

**Vinsamlegast athugið að skilríkja er krafist við viðskipti.**

**Nánari upplýsingar á www.pandhjewellers.com**

# Öllu snúið á haus

Samfélagsmál
Helgi Jóhannesson
hæstaréttarlögmaður



Úr rústum efnahagshrunsins 2008 hafa risið draugar sem eru að valda þjóðfélagi okkar mun meira tjóni en hrunið sjálft gerði. Það voru þó bara peningar sem fóru í súginn þá. Upp úr því svekkelsi öllu saman er nú sprottinn einhver furðulegasti anarkismi sem um getur og engu eirir. Meinsemdin er mikil og þjóðin virðist verið komin á enn eitt meðvirknisfylleríið, löngu búin að missa sjónar á því hvað er rétt og rangt að gera og segja.

Ráðist er að rótum réttarríkis okkar úr öllum áttum. Skolpræsahernaður bloggheima, með DV og álíka pappíra sem hina helgu bók að vopni, njóta þess að traðka í svaðið allar grundvallarreglur réttarríkisins og snúa öllu á hvolf. Það versta er að kerfið sjálft virðist vera að sogast niður í skolpræsið með þessu öllu saman. Alþingi og ríkisstjórn auðvitað löngu búin að missa fótanna og enginn man lengur að Alþingi er löggjafarsamkoma þjóðarinnar, einn af hornsteinunum, en ekki framleiðsluverksmiðja fyrir bitlausa „populistalöggjöf“ sem engu skilar almenningi nema fölskum vonum og er að auki á góðri leið með að veita atvinnulífinu náðarhöggið.

Birtingarmyndir þessa alls eru meðal annars þær að nú tala ráðamenn og mikilsmetandi lögfræðingar, sem ættu þó að vita betur, að það sé bara gott fyrir Geir H. Haarde að sitja undir ákæru, því þá geti hann sannað sakleysi sitt. Nálægt 300 manns hafa réttarstöðu grunaðs svo árum skiptir hjá sérstökum saksóknara. Menn þar á bæ telja að það sé í raun miklu betra fyrir menn að hafa þá réttarstöðu en stöðu vitnis því það sé svo mikil vernd falin í hinu fyrrnefnda. Ég er ekki viss um að þeir sem í hlut eiga og ekki fá vinnu vegna réttarstöðunnar séu á sama máli.

Fjölmiðlar hamast á formanni Sjálfstæðisflokksins vegna mála sem hann hefur löngu gefið skýringar á. Meira að segja fréttamaður á ríkisfjölmiðlinum RUV spyr hann í viðtali hvort hann myndi ekki bara fagna því að verða tekinn til opinberrar rannsóknar. Þetta er allt svo arfavitlaust að engu tali tekur. Öllu snúið á haus.

Það er nauðsynlegt að miklu fleiri leggi hendur á árar við að snúa þessari óheillaþróun við. Láti í sér heyrast sem víðast. Það gengur ekki að bloggheimar og skolpræsahermennirnir séu það eina sem heyrist í. Núverandi stjórnvöld hafa ekki dug eða þor til að standa í lappirnar gegn þessari óheillaþróun. Þau ýta bara undir dómstólameðferð götunnar með því að fagna opinberlega handtökum og ákærum sem gefnar eru út og láta engu skipta grundvallarreglur eins og þær að menn teljist saklausir þar til sekt er sönnuð. Efnahagshrunið 2008 mun verða hjóm eitt í samanburði við það sem verður ef það tekst að rústa réttarríkinu.

# Hagsmunir barna eftir skilnað

Samfélagsmál
Ársæll Arnarsson
prófessor í sálfræði við Háskólann á Akureyri



Þóroddur Bjarnason
prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri



Börn fráskilinna foreldra á Íslandi hafa yfirleitt fasta búsetu hjá móður sinni en heimsækja feðurna með mjög misreglulegum hætti. Þetta er í samræmi við hefðbundna verkaskiptingu þar sem litið er á konuna sem umönnunaraðila en karlinn sem fyrirvinnu. Á seinni árum hefur sú jákvæða þróun orðið að karlmenn hafa tekið virkari þátt í uppeldi og umönnun barna sinna, en jafnframt orðið sífellt tregari til að yfirgefa börn sín ef sambandi við barnsmóður lýkur.

Í mörgum tilfellum ná foreldrar sátt um framhaldið en staðreyndin er samt sú að skilnuðum fylgja oft deilur og særindi og í því tilfinningalega uppnámi sem ríkir reynist jafnvel mjög velmeinandi fólki ómögulegt að ná lendingu í mikilvægum málum. Á þeirri stundu getur verið nauðsynlegt að dómstólar skeri úr um fyrirkomulag eftir skilnað.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um breytingar á barnalögum. Sú breyting hefur orðið frá fyrri útgáfu að tekin hefur verið út heimild dómara til að dæma foreldrum sameiginlega forsjá. Dómarar hérlendis geta því aðeins dæmt öðru foreldrinu forsjá og þar með verður hitt foreldrið sjálfkrafa forsjárlaust. Þetta skapar ójafna stöðu milli foreldra og munu feður í flestum tilfellum eiga undir högg að sækja í dómsölum verði frumvarpið að lögum. Þar sem ósætti er til staðar verður það augljóslega í hag flestra mæðra að málið fari fyrir dóm þar sem talsvert meiri líkur eru að þeim verði dæmd forsjá. Lögin munu því ekki hvetja til sátta eins og höfundar þeirra vilja meina, heldur þvert á móti.

Almennt sýna rannsóknir að börn fráskilinna foreldra standa félagslega verr en börn sem búa hjá báðum foreldrum. Tvennt hefur verið nefnt sem hugsanlegar orsakir; að ráðstöfunartekjur foreldra minnki eftir skilnað og þeir hafi minni tíma til samveru með barninu. Ein augljós leið til að spyrna gegn þessum óæskilegu áhrifum skilnaðar er því að efla þátttöku beggja foreldra í lífi barnsins eftir skilnað. Þegar lengst er gengið í slíkri viðleitni, búa börn jafnt til skiptis á heimilum beggja foreldra og er sú lausn ýmist tilkomin vegna samkomulags foreldra eða tilskipan dómstóla.

Ýmsir hafa hins vegar viðrað áhyggjur sínar af því að skipt búseta barna eftir skilnað sé ávísun á viðvarandi deilur milli foreldra og meiri streitu og rótleysi fyrir barnið. Þetta er eitt af viðfangsefnum rannsóknarinnar Heilsa og lífskjör skólanema sem nær til 200 þúsund barna í 36 löndum og unnin er að tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Niðurstöðurnar sýna að börn sem búa jafnt til skiptis hjá fráskildum foreldrum sínum eiga í jafn góðum eða betri samskiptum við foreldra sína miðað við þau börn sem búa hjá báðum líffræðilegum foreldrum. Þessi börn eiga því í mun betri samskiptum en önnur börn fráskilinna foreldra.

Raunar eyða börn meiri tíma með föður sínum ef um jafnskipta búsetu er að ræða heldur en börn í öllum öðrum fjölskyldugerðum. Þessi aukni tími í samveru með foreldrum kann einnig að skýra þá niðurstöðu að samskipti barna við föður eru marktækt best hjá þeim börnum sem búa jafnt til skiptis, jafnvel örlítið betri en þeirra sem búa hjá giftum foreldrum. En þó samskipti barna við föður sinn virðist vera mun betri hjá þeim sem hafa börnin jafnt til skiptis en öðrum fráskildum foreldrum, virðist það alls ekki koma niður á samskiptum þessara barna við mæður sínar. Þvert á móti eiga þær í betri samskiptum en t.d. einstæðar mæður við sín börn.

Ein ástæða þessara jákvæðu áhrifa gæti verið sú að þetta form geti dregið úr neikvæðum afleiðingum skilnaðar eins og minni ráðstöfunartekjum og/eða tíma foreldra. Raunkostnaður við uppeldið er líklegri til að skiptast jafnar á foreldra en þegar eingöngu er greitt meðlag. Jafnskipt búseta felur einnig í sér að ábyrgðinni á uppeldi barnsins er skipt á milli foreldranna sem geta sótt stuðning í hvort annað. Þá auðveldar það báðum foreldrum að stunda atvinnu ásamt því að sinna uppeldi og hafa frítíma sem öllum er nauðsynlegur.

Sameiginleg forsjá virðist þannig auka virkni feðra í uppeldi barna sinna og hvetja til jafnari skiptingar ábyrgðar og verkefna. Feður í þessum aðstæðum virðast þannig taka föðurhlutverkið fastari tökum en bæði þeir sem búa með barnsmæðrum sínum og helgarpabbar. Sameiginleg forsjá getur þannig tryggt að báðir foreldrar haldist virkir í lífi barna sinna og eigi við þau góð samskipti.



# Eftirlitshlutverk ráðuneyta

Stjórnsýsla

Pétur Berg Matthíasson
stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur



Umræða um opinbert eftirlit skýtur reglulega upp kollinum, sérstaklega þegar stofnunum eru veitt ný úrræði til að halda uppi eftirliti eða þegar eftirlit með tiltekinni starfsemi hefur brugðist. Hið opinbera gegnir veigamiklu eftirlitshlutverki sem snertir flesta kima samfélagsins. Rannsóknir á aðferðum og framkvæmd opinbers eftirlits hafa ekki verið ýkja margar í gegnum tíðina, þó hefur Ríkisendurskoðun einna helst gert úttektir á eftirliti ráðuneyta og stofnana. Fræðilegar rannsóknir á eftirliti hins opinbera eru að mörgu leyti óplægður akur sem nauðsynlegt er að huga betur að, m.a. til að bæta aðferðir við eftirlit.

## Skipulag eftirlits

Eftirlit ráðuneyta með stofnunum ræðst m.a. af þekkingu starfsmanna ráðuneyta á viðfangsefni stofnana. Fyrir vikið hefur menntun og reynsla starfsmanna mikil áhrif á burði ráðuneyta til að halda uppi eftirliti. Það skiptir því miklu máli hverjir ráðast til starfa hjá hinu opinbera.

Hjá stofnunum eru forstöðumenn oft ráðnir vegna fagþekkingar sinnar á starfseminni. Starfsfólk ráðuneyta er hins vegar sjaldnast ráðið af því það hefur yfirburðarþekkingu á starfsemi stofnana ráðuneyta. Rekstrarþekking hefur þó jafnan verið öflug innan ráðuneyta, enda hefur eftirlit með fjárhagsstöðu stofnana lengi verið mjög ofarlega í forgangi.

Eftirlit ráðuneyta með faglegri starfsemi stofnana hefur ekki verið eins markvisst og rekstrarlega eftirlitið. Meðferð fjármuna segir aftur á móti lítið um það hvort stofnuninni sé vel stjórnað, hvort hún sé að gera það sem lög um stofnunina kveða á um, hvort viðskiptavinir séu ánægðir með þjónustuna eða hvort starfsmönnum líði vel í starfi.

Ánægja viðskiptavina, skilvirkni verkferla og ánægja starfsmanna eru meðal þátta sem fengið hafa aukið vægi síðastliðin ár við mat á stjórnun stofnana. Starfsmannamál eru að færast frá hefðbundinni starfsmannastjórnun yfir í árangursmiðaða mannauðsstjórnun, þar sem starfsmannakannanir eru gerðar til að meta starfsskilyrði og líðan manna á vinnustað. Jafnframt eru reglulegar viðhorfskannanir orðnar algengar meðal viðskiptavina stofnana til að greina hvað megi betur fara í starfseminni.

Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis var lögð áhersla á að fjölga þyrfti í þeim hópi starfsmanna Stjórnarráðsins sem eru vel menntaðir og þjálfaðir og hafa getu til að takast á við mjög flókin og krefjandi verkefni. Í skýrslunni Samhent stjórnsýsla (2010) er fjallað um menntun starfsmanna Stjórnarráðsins og kemur í ljós að hlutfallslega fleiri háskólamenntaðir starfsmenn Stjórnarráðsins eru menntaðir í félagsvísindum en í öðrum greinum eins og raunvísindum.

Fjölgun starfsmanna með fjölbreyttari menntun kann því að vera einn liður í því að efla burði ráðuneyta til að hafa eftirlit með stofnunum ásamt því að efla endurmenntun og þjálfun starfsmanna ráðuneytanna með tilkomu Stjórnsýsluskóla Stjórnarráðsins.

## Öflugra eftirlit

Ráðuneyti eiga að hafa yfirumsjón með útfærslu og framkvæmd stefnu stjórnvalda. Jafnframt ber ráðuneytum skylda til að hafa eftirlit með stofnunum sem að stærstum hluta sjá um þessa framkvæmd, eins og löggæslumál, velferðarmál eða menntamál.

Hins vegar er almennt ekki skilgreint nánar hvernig eftirliti ráðuneyta skuli hagað né með hverju eftirlitið eigi sérstaklega að vera. Það er einna helst eftirlit með fjárreiðum ríkisins sem hefur verið útfært nánar og grundvallast það á ýmsum þáttum. Í lok tíunda áratugarins tók eftirlit ráðuneyta ákveðnum breytingum með tilkomu árangursstjórnunarsamninga við stofnanir, en árangursstjórnun er einn liður í því að ráðuneyti geti rækt yfirstjórnar- og eftirlitsskyldur sínar gagnvart stofnunum.

Í kjölfar hruns íslenska bankakerfisins í október 2008 jókst umræðan um eftirlit hins opinbera til muna, sérstaklega vegna skorts á eftirliti með framkvæmd laga og reglna á fjármálamarkaði. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis var fjallað um að eftirlit ráðherra með öðrum stjórnvöldum hafi þótt æði óljóst.

> Meðferð fjármuna segir aftur á móti lítið um það hvort stofnuninni sé vel stjórnað, hvort hún sé að gera það sem lög um stofnunina kveða á um, hvort viðskiptavinir séu ánægðir með þjónustuna eða hvort starfsmönnum líði vel í starfi.

Í nýlegum lögum um Stjórnarráð Íslands er reynt að skerpa á þessu eftirlitshlutverki ráðuneyta. Í lögunum er sérstaklega kveðið á um stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra með stjórnvöldum, bæði þeim sem heyra undir yfirstjórn hans (lægra sett stjórnvöld) sem og þeim sem heyra stjórnarfarslega undir ráðherra (sjálfstæð stjórnvöld). Með þessum breytingum er mælt með skýrari hætti en í eldri lögum um eftirlitsskyldur ráðherra sem undir hann heyra.

Eftir sem áður þurfa ráðuneyti að útfæra og skilgreina nánar hvernig eftirliti með hverri stofnun skuli háttað út frá tilgangi og hlutverki stofnunar í lögum en jafnframt áherslum ráðherra hverju sinni.



# LINDIR KÓPAVOGI

# HEILSU

## Frábær heilsutilboð í öllum verslunum –






**4.490**
(fullt verð 7.990)
40% afsláttur

**RÖHNISHC VIOLA PRINT RACERBACK / TEE**
Stutterma- eða hlýrabolur úr léttu og teygjanlegu efni með góðri öndun. Dömustærðir.



**5.490**
(fullt verð 10.990)
50% afsláttur

**RÖHNISCH MAJA LOOSE PANTS**
Æfingabuxur úr mjúku EXHALE-efni með góðri öndun. Hægt að stilla hæð á streng og draga saman skálmar. Dömustærðir.




**4.890**
(fullt verð 6.990)
30% afsláttur

**ADIDAS ESSENTIAL TEAMBAG**
Íþróttataska. Litir: Rauð, svört.
Stærð: Medium.



**4.990**
(fullt verð 9.990)
50% afsláttur

**NIKE WMN'S STEADY**
Léttir æfingaskór með sveigjanlegum sóla sem gefur gott grip. Dömustærðir.



44% afsláttur
**99** kr. kg
Verð áður ~~176~~ kr. kg
Extra safaríkar appelsínur, 3 kg í pk.



49% afsláttur
**99** kr. kg
Verð áður ~~198~~ kr. kg
Vatnsmelóna




hámark 4 pk. á mann
– meðan birgðir endast

**1799** kr. kg
Kjúlli kjúklingabringur




2 tvennan
30% afsláttur
**898** kr. tvennan
Verð áður ~~1275~~ kr. tvennan
Krakka lýsi og Omega 3 fiskiolía

INTERSPORT KRÓNAN




# OPIÐ TIL 20:00

*fimmtudag til sunnudags í öllum verslunum!*

# JDAGAR

*fimmtudag til sunnudags!*




**Fjöldi kynninga alla helgina!**



**ÞREK** Súkkulaði

*Arnar og Ívar kynna nýjasta próteinsúkkulaðið í Krónunni á föstudaginn milli kl. 15-18*



**28% afsláttur**

**129 kr. stk.**

Verð áður ~~179~~ kr.
Egils V-Sport og V-Brennsla, 0,5 l



**19.995**
Fullt verð 27.995

**29% afsláttur**

**GARMIN**

Forerunner 110, einfalt og gott hlaupaúr sem gefur helstu upplýsingar um hlaupið hjá þér. Segir þér hversu hratt og langt þú ferð, gefur upp tíma, meðal takt og kaloríubrennslu. Aðeins þarf að ýta á start og byrja að hlaupa! Hleðslutæki og kapall í tölvu fylgir.

0100086301



**50% afsláttur**

**1.495**
Fullt verð 2.995

**KÖNIG**

Glæsileg baðvog sem vegur allt að 180 kíló á 100 g bili. Stór LCD skjár sem slekkur sjálfvirkt á sér og hún er einnig búin einföldum snertirofa.

HCPS100



**50% afsláttur**

**5.995**
Fullt verð 11.995

**SONY**

MP3 spilari með 2GB minni sem samsvarar u.þ.b. 500 lögum. Vandaður skjár og innbyggð hleðslurafhlaða. Spilarinn er með USB tengi og heyrnartól fylgja. 2 litir í boði: rauður og svartur.

NWZB162



**25% afsláttur**

**8.995**
Fullt verð 11.995

**SONY**

PS3 Move Starter Pack. Taktu þátt í leikjahasarnum með því að sveifla til Move stýripinnanum, hreyfa þig og hrista. Í þessum pakka er sjálfur stýripinninn, PlayStation Eye myndavélin og diskur sem inniheldur 9 prufur af Move leikjum.

PS3MSTARTERPA




**5.995**
Fullt verð 11.995

**50% afsláttur**

**SONY**

UFC trainer er slagsmála og fitness leikur sem notast við Move tæknina í PS3. Komdu þér í form með því að æfa með þeim bestu. Þarfnast Move stýripinna og myndavélar.

PS3MUFCTRAINE



**50% afsláttur**

**1.995**
Fullt verð 3.995

**SONY**

Heyrnartólatappar með 1,2 metra snúru. Eyrnapúðar í þremur stærðum fylgja með (S/M/L).

MDREX35LPR

## *Nýtt kortatímabil!*

ELKO

## *tilboðin gilda aðeins í Lindum*

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ANDY TAYLOR,** trommuleikari hljómsveitarinnar Duran Duran, er 52 ára í dag

*„Ég uppgötvaði hversu einmanalegt það er að vinna einn. Þá byrjaði ég að vinna með öðrum listamanni sem vinnur einn, Rod Stewart, og hann sagði mér hversu einmana hann var!“*

## Merkisatburðir

1918 Litháen lýsir yfir sjálfstæði frá Rússlandi og Þýskalandi.
1920 Hæstiréttur Íslands kemur saman í fyrsta sinn.
1927 Heimdallur, félag ungra Sjálfstæðismanna í Reykjavík, er stofnað.
1937 Wallace H. Carothers fær einkaleyfi á næloni.
1968 Neyðarlínan 911 er tekin í notkun í Bandaríkjunum.
1999 Kúrdískir skæruliðar hertaka nokkur sendiráð í Evrópu eftir að einn foringja þeirra, Abdullah Öcalan, er handtekinn af Tyrkjum.
2011 Goðafoss, flutningaskip Eimskips strandar við Noregsstrendur, skammt frá Fredrikstad.

**ÞETTA GERÐIST:** 16. FEBRÚAR 1899

## *Fótboltafélag Reykjavíkur stofnað*

Knattspyrnufélag Reykjavíkur, betur þekkt sem KR, var stofnað þennan dag árið 1899. Eins og nafnið bendir til var félagið stofnað í kringum fótboltaiðkun en hefur fyrir löngu fært út kvíarnar. Félagið var stofnað í verslun Guðmundar Olsens í Aðalstræti og hét raunar Fótboltafélag Reykjavíkur fyrstu árin og hafði að leiðarljósi að búa til aðstöðu fyrir unga drengi til að spila knattspyrnu. Nafninu var svo breytt í Knattspyrnufélag Reykjavíkur fimm árum síðar að undirlagi Erlends Ó. Péturssonar sem fannst orðið fótbolti ekki góð íslenska. KR hafði sína fyrstu félagsaðstöðu þar sem Ráðhús Reykjavíkur stendur í dag en árið 1939 var ráðist í kaup á svæði í Kaplaskjóli, þar sem félagið hefur enn í dag aðstöðu.

KR er eitt sigursælasta íþróttafélag landsins í handbolta, körfubolta og fótbolta. Sigurgangan hélt áfram á síðasta ári en þá urðu KR-ingar Íslands- og bikarmeistarar í fótbolta og körfubolta karla.





†

*Elskuleg eiginkona mín,*

**Bryndís Karlsdóttir**

Þrastarási 14, Hafnarfirði,

lést að heimili sínu þann 31. janúar sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Reynir Albertsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hjörtur Árnason**

stýrimaður,
Bakkabakka 4a, Neskaupstað,

lést 8. febrúar á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Útförin fer fram frá Norðfjarðarkirkju laugardaginn 18. febrúar kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað.

**Bjarni Jóhannsson** **Ingigerður Sæmundsdóttir**
**Gyða María Hjartardóttir** **Jóhann Gunnar Kristinsson**
**Lára Hjartardóttir** **Sigurður Indriðason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar elskulega móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Hálfdanardóttir**

Miðtúni 8, Höfn í Hornafirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands þriðjudaginn 14. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju laugardaginn 18. febrúar kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Guðrúnar er góðfúslega bent á að láta Heilbrigðisstofnun Suðausturlands og Bergmál, líknar- og vinafélag njóta þess. Símanúmer Bergmáls er 587 5566 og 845 3313.

**Guðný Svavarsdóttir** **Ingvar Þórðarson**
**Haukur H. Þorvaldsson**
**Vigfús Svavarsson** **Sigurlaug Hauksdóttir**
**Snæfríður H. Svavarsdóttir** **Stefán Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**DOKTOR MARGARET CORMACK:** FÆRÐI ÁRNASTOFNUN FÁGÆT VÖGGUPRENT

# Smitaðist af Íslandi sumarið 78

Margaret Cormack prófessor í háskólanum í Charleston færði á dögunum Árnastofnun tvö fágæt vögguprent að gjöf, en svo nefnast bækur prentaðar fyrir árið 1500, og eitt handrit. Handritið er frá miðri 15. öld en bækurnar eru frá síðari hluta fimmtándu aldar.

Margaret Cormack er tíður gestur á Íslandi og er við rannsóknir á Árnastofnun um þessar mundir en hún leggur stund á rannsóknir á íslenskum dýrlingum. „Ég hef komið nær árlega til Íslands síðan ég kom hingað fyrst árið 1978. Ég hafði mikinn hug á að læra forníslensku, hafði stundað nám í málvísindum og langaði til að bæta kunnáttu og skilning með því að dvelja á Íslandi,“ segir Margaret á afar góðri íslensku. „Ég var eitt sumar í sveit og fór svo í íslensku í Háskóla Íslands veturinn á eftir. Sumardvölin var á Vorsabæ á Skeiðum hjá þeim Jóni Eiríkssyni og Emelíu Kristbjörnsdóttur og hjá þeim lærði ég að tala nútímaíslensku. Ég smitaðist líka af Íslandi sem er voðalegur sjúkdómur og hef komið margoft aftur síðan. Og alltaf fer ég í heimsókn á Vorsabæ.“

Margaret hefur dvalið í lengri og skemmri tíma á Íslandi á þessu langa tímabili og doktorsritgerð hennar í miðaldafræðum fjallar um dýrlinga á Íslandi frá kristnitöku og fram til ársins 1400. „Ég heillaðist af viðfangsefninu af ýmsum ástæðum. Það er forvitnilegt að rannsaka dýrlinga af ýmsum ástæðum. Átrúnaður á þá og dýrlingasögur skýra til að mynda hugsanagang fólks á þeim tíma, dýrlingasögur skýra vel hvað er mikilvægur þáttur í lífi fólks. Tengslin við útlönd sjást líka glöggt í gegnum dýrlinga, sögur þeirra berast á milli landa,“ segir Margaret sem vinnur að gagnagrunni um íslenska dýrlinga sem verður aðgengilegur á netinu.

Handritið og bækurnar sem hún gaf Árnastofnun voru í eigu föður hennar sem safnaði forngripum. „Hann safnaði ýmsu, meðal annars gömlum bókum sem hann leit á sem fjárfestingu. Þegar hann varð gamall seldi hann sumar af þessum bókum en þó ekki þessar. Þær lét hann mig fá þegar hann vissi að hann ætti ekki langt eftir. Ég vissi svo að með því að gefa Árnastofnun ritin yrðu þau á góðum stað, svona bækur þarf og á að geyma við réttar aðstæður og þær eru hér.“

Margaret segir planið að vera á Íslandi fram í mars og koma svo aftur á árinu. „Mín heitasta ósk er að setjast hér að þegar ég kemst á eftirlaun,“ segir hún að lokum.

sigridur@frettabladid.is



**MARGARET CORMACK** Kom fyrst til Íslands fyrir 34 árum og hefur komið á hverju ári síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ófrjósemi af völdum endómetríósu

Fjallað verður um helstu ástæður ófrjósemi af völdum endómetríósu og velt upp mögulegum meðferðum og óhefðbundnum leiðum í fyrirlestri sem haldinn verður á aðalfundi Samtaka kvenna með endómetríósu sem verður haldinn laugardaginn 18. febrúar. Fyrirlesturinn flytur Berglind Ósk Birgisdóttir, hjúkrunarfræðingur.

Endómetríósa eða legslímuflakk er krónískur sjúkdómur sem talið er að um 5 prósent kvenna þjáist af. Helstu einkenni eru slæmir túrverkir, verkir við samfarir, verkir við þvaglát, meltingartruflanir og verkir samfara hægðum, síþreyta og fleira. Talið er að þriðjung af ófrjósemi og vanfrjósemi kvenna megi rekja til endómetríósu.

Aðalfundurinn hefst klukkan eitt og stendur til þrjú. Hann er haldinn á Landspítalanum við Hringbraut og skal ganga inn um aðaldyr kvennadeildar á fyrstu hæð og síðan til hægri.

Á dagskrá fundarins verða venjuleg aðalfundarstörf, auk þess sem ný lög samtakanna verða lögð fyrir fundinn. Einnig verða rædd helstu verkefni sem eru á döfinni hjá samtökunum á árinu og loks almennar umræður.



**Ágústa Kristófersdóttir** sýningarstjóri við Þjóðminjasafn Íslands mun leiða gesti um sýninguna TÍZKA - kjólar og korselett sunnudaginn 19. febrúar klukkan 14. Ágústa mun segja frá kjólunum sem sjá má á sýningunni, en hver kjóll býr yfir einstakri sögu.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457



NÝKOMINN – GLÆSILEGUR



teg 810858 - fer mjög vel og fæst í C, D skálum á kr. 4.600,- buxur við kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur



Eirberg




Verð: 6.950 kr.

Skrefamælir

Sýnir vegalengd orkunotkun og tíma • Skynjar hröðun

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is





Full verslun af nýrri vorvöru

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook


**Tískuhönnuðurinn Mary Katranzou var valin besti ungi hönnuðurinn á Elle style-verðlaunahátíðinni.**



NORDICPHOTOS/GETTY

# Ný stjarna rís

Verðlaunahátíðin Elle Style Awards var haldin í byrjun vikunnar. Veitt eru verðlaun í ýmsum flokkum á borð við besta alþjóðlega hönnuðinn, bestu fyrirsætuna, besta leikara og leikkonu, bestu sjónvarpsstjörnuna og stærsta tískugoðið svo eitthvað sé nefnt. Þá var einnig valið besta ungstirnið í tískuhönnun og þetta árið varð hluskörpust hin gríska Mary Katrantzou.

;FRAMHALD | 4


Gerið gæða- og verðsamanburð

Saga/Freyja/Þór

hágæða heilsudýnur



Gerð úr 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með 4 cm þrýstijöfnunarefni í bólstrun.
**Verð á Queen 153x203 cm á íslenskum botni frá**
**129.900 kr.**



12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00



**Móðir Kona Meyja** er ný verslun sem selur meðgöngu- og brjóstagjafafatnað. Verslunin er á Laugavegi 86.

AÐEINS ÞESSA VIKUNA
ALLAR YFIRHAFNIR Á
50% AFSLÁTTI



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

MATUR



Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

# Flestar gærur úr landi

**Allt að 95 prósent alls gæruskinns sem er sútað hérlendis á árinu verður selt úr landi. Framkvæmdastjóri Loðskinns hf. segir að eftir nokkur mögur ár sé loks að lifna almennilega yfir mokkaskinnsmarkaði.**

Allt stefnir í að yfirgnæfandi meirihluti gæruskinna sem sútuð hefur verið á árinu eða um 95 prósent verði fluttur úr landi. Þannig er útlit fyrir að allt að 75 þúsund mokkaskinn verði seld ytra en það er tæplega helmings aukning miðað við í fyrra að sögn Gunnsteins Björnssonar, framkvæmdastjóra Loðskinns hf. á Sauðárkróki.



Gunnsteinn Björnsson.

„Þetta eru vitanlega gleðitíðindi. Við sjáum fram á að veltan aukist um helming miðað við á síðasta ári. Fari úr á bilinu 180-190 milljónum upp í 350 milljónir íslenskra króna, sem er met í sögu fyrirtækisins," upplýsir Gunnsteinn og segir aukna veltu meðal annars taka mið af meðalverði á mokkaskinni sem hafi hækkað á heimsvísu á árinu.

Að sögn Gunnsteins er það helst veiking krónunnar sem hefur gert framleiðsluna hagstæða hérlendis eftir nokkur mögur ár. „Við hættum alveg framleiðslu frá 2005 til og með 2007. Gengi krónunnar var einfaldlega of hátt fyrir þennan iðnað hér heima því við erum auðvitað í samkeppni við erlenda aðila. Svo fórum við aðeins af stað aftur 2008 og erum nú komin á blússandi siglingu," segir hann og reiknar með enn meiri útflutningi á næsta ári.



Um fimm prósent framleiðslu Loðskinns er seld á innlendan markað. Hér má sjá hvernig gæruskinn er nýtt í kollinn Fuzzy eftir Sigurð Má Helgason.

Loðskinn er dótturfyrirtæki Sjávarleðurs ehf. sem hefur um árabil framleitt roð fyrir alþjóðamarkað. Fyrirtækið er það eina sem framleiðir sútað skinn á Íslandi eftir að skinnaiðnaður lagðist af á Akureyri fyrir nokkrum árum. Meirihluti kaupenda er frá Evrópu og Asíu þar sem íslensk skinn hafa löngum verið eftirsótt, meðal annars sökum náttúrulegs útlits og léttleika sem Gunnsteinn segir vera algjört lykilatriði. „Þung mokkaföt eru fyrir löngu komin úr tísku. Þessi sérstaða íslensks gæruskinns hefur tryggt því viðvarandi vinsældir um árabil."

Hann getur þess að óunnin gæruskinn séu einnig seld að mestu leyti á erlenda markaði, eða í kringum hálf milljón skinna á ári hverju. „Okkar framleiðsla er því aðeins lítið brot af því, en frá hverju hráu skinni yfir í unnið skinn er fimmföld verðmætasköpun."

*roald@frettabladid.is*



Erlend tískuhús eru á meðal viðskiptavina Loðskinns.



FULL BÚÐ
af flottum
fötum fyrir
flottar konur

Stærðir 40-60

Vertu vinur á Facebook

belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

MILANO leðurskór
Dúndurdagar 10. til 18. febrúar
35% afsláttur



ARNA
Grímsbær við Bústaðaveg
Efstalandi 27, 108 Rvk.
Sími: 527-1999
Opið: mán-fös 11:00-18:00
laug 11:00-15:00
Sendum í pósti um allt land!



KJÓLL 9.900 KR.
LEGGINGS 2.990 KR.
KROSS 5.900 KR.



KJÓLL 14.900 KR.
LEGGINGS 2.990 KR.
BLÚNDUERMAR 5.990 KR.

Ferming 2012
aldrei meira úrval

COSMO
Kringlunni

# Komin í samband við forlag í Danmörku

**Úr einni flík í aðra, leiðbeiningabók um breytingar og endurnýtingu á fatnaði, kom út í síðustu viku. Höfundurinn er þegar kominn í viðræður við danska forlagið Mellemgård um útgáfu bókarinnar þar í landi.**

Bókin heitir Úr einni flík í aðra og í henni eru tuttugu og sex verkefni sem sýna hvernig á að breyta fötum,“ segir Elín Arndís Gunnarsdóttir, höfundur og útgefandi bókarinnar.


Elín Arndís Gunnarsdóttir.

„Verkefnin eru útskýrð bæði skriflega, í einföldum þrepum, og myndrænt með teikningum. Þannig að fólk getur lesið leiðbeiningarnar og notað teikningarnar sem stuðning. Þetta eru tiltölulega auðveldar leiðbeiningar og miðað við þau viðbrögð sem ég hef fengið er fólk mjög ánægt með bókina.“

Fleiri en ánægðir notendur hafa sýnt bókinni áhuga. Elín er komin í samband við danskan útgefanda sem íhugar að gefa bókina út. „Mig langaði til að koma bókinni út á Norðurlöndunum og setti mig í samband við sænsk, norsk og dönsk forlög,“ segir Elín. „Danska forlaginu Mellemgård leist svo vel á bókina að þeir eru akkúrat núna að skoða hana með útgáfu í huga.“ Elín gerir ráð fyrir því að þýða bókina sjálf á dönsku, ef til útgáfu kemur, enda bjó hún um tíu ára skeið í Danmörku og er þaulkunnug tungumálinu. „Þeir tóku sér tvær vikur í að skoða bókina og gefa mér svar, þannig að ég bíð bara spennt.“ segir hún.

*fridrikab@frettabladid.is*



Náttkjóll breytist í sumarkjól með pífum.

Síða „vintage“ pilsið verður að forláta kjól.



Fölsk augnhár voru fundin upp af af bandaríska leikstjóranum D.W. Griffith árið 1916. Griffith vildi að leikkonan Seena Owen fengi lengri augnhár í myndinni Intolerance. Hárkollugerðarmaður fléttaði fölsku augnhárin úr mannshárum og límdi við augnhár leikkonunnar.

www.model21eyelashes.com









# bailine vaxtarmótun

Fyrir konur 18 ára og eldri



## Konudagstilboð

Við kaup á 10 tímum frjáls mæting
1 sinni á dag í 5 vikur frá kaupdegi tilboðs
Hægt er að velja á milli nudd, húð-fitubrennslu, og vöðameðferða

Takmarkað magn af kortum er í boði. -
Tilboð þetta gildir til 24 febrúar 2012



**Við bjóðum þig velkomna í frían prufutíma ásamt vaxtargreiningu og fitumælingu.**

**bailine byggir á 3 grundvallaratriðum**
- Líkamlegri þjálfun
- Andlegri þjálfun
- Leiðbeiningum um mataræði

**Tölvustýrt þjálfunartæki**
- Mótar, styrkir, þjálfar, grennir, nuddar
- Eykur brennslu
- Eykur orku og almenna vellíðan

bailine

**Tímapantanir í síma 568 0510**
**www.bailine.is**

**Vertu flottara eintak af sjálfri þér!**

bailine · Hlíðarsmári 11, 201 Kópavogur · Sími 568 0510 · www.bailine.is


Framhald af forsíðu

Mary Katrantzou fæddist í Aþenu árið 1983 en býr og starfar í London í dag. Hún stundaði nám í arkitektúr í Bandaríkjunum frá 2003 við Central Saint Martins College of Art and Design. Hún beindi sjónum sínum fyrst að innanhússarkitektúr en skipti síðan yfir í tískuhönnun. Árið 2008 var hún aðalnúmerið í útskriftarsýningu skólans og var tískulína hennar tilnefnd til verðlauna. Hún hlaut styrk til að sýna fyrstu Prêt-à-porter línu sína á tískuvikunni í London haustið 2008.

Tískulína hennar er nú seld víða um heim í yfir 60 hátískuverslunum. Hún hefur hannað línu fyrir Topshop og föt hennar hafa birst í heimsfrægum tímaritum á borð við Vogue, Dazed & Confused og Grazia. Því er ekki úr vegi að hafa augun opin fyrir hönnun þessarar hæfileikaríku konu í framtíðinni.

*- sg*



Mary Katrantzou vann í flokknum: Next Young Designer of the Year á ELLE Style-verðlaunahátíðinni á mánudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY







Myndirnar eru frá tískusýningu Katrantzou á tískuvikunni í London í september síðastliðnum.




# NÁM Í DANMÖRKU

## Á VIA UNIVERSITY COLLEGE,
BJÓÐUM VIÐ UPP Á FJÖLDA NÁMSKEIÐA

### Í BOÐI ER:

**Á ENSKU OG DÖNSKU**
- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Byggingatæknifræði
- Efnistæknifræði
- Markaðshagfræði
- Véltæknifræði

**Á ENSKU**
- Alþjóðleg viðskiptafræði
- Framleiðslutæknifræði
- Tölvutæknifræði
- Útflutningstæknifræði

**Á DÖNSKU**
- Aðgangsnámskeið
- Kort og landmælinga tækni
- Véltækni
- Vöruþróun og tæknileg sameining

**KYNNINGARDAGUR Í HÁSKÓLABIÓ Í REYKJAVÍK:**
Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi laugardaginn 18. febrúar 2012, frá 12-16. Áhugasamir geta haft samband í síma 8458715. Leggið inn skilaboð og við munum hringja til baka.

VIAUC.COM

VIA UNIVERSITY COLLEGE

# Konudagurinn er á sunnudaginn



Blóm gera kraftaverk

íslensk blóm

HEILSA



**Sölufulltrúar:**
**Jóna María**
jmh@365.is 512 5473
**Brynja Dan**
brynjadan@365.is 512 5465
**Snorri**
snorris@365.is 512 5457

# ÚTSÖLULOK

## hjá Hrafnhildi 60%

afsláttur af ÖLLUM fatnaði og skóm!

**Bitastæð útsala!**





TUZZI ullarkápa fullt verð 49.990
verð nú 19.600.
Michele buxur fullt verð 21.990
verð nú 8.400.
K&S leðurskór fullt verð 31.990
verð nú 12.400
SWING kjóll fullt verð 18.990
verð nú 7.200
EHC peysa fullt verð 14.990
verð nú 5.600

**LAGERSALA 2. hæð**
**70-90% afsláttur af fatnaði og skóm!**
Þýskur og danskur gæðafatnaður í stærðum 36-52
Opnunartími:
Fim. og föst. 12-18
Laug. 10-16

Opnunartími:
Fimmtudag 10-18
Föstudag 10-18
Laugardag 10-16
Sunnudag 13-18

• Engjateigur 5 • Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

Vertu vinur okkar á facebook




**Sjálfsagðir hlutir** kallast ný sýning á Hönnunarsafni Íslands. Á sýningunni er vakin athygli á gripum sem við lítum á sem sjálfsagða í daglegu lífi. Gripirnir eiga sér oft á tíðum sögu sem kemur á óvart, þar sem tilviljun og hugmyndaauðgi eiga stóran þátt í að nýr hlutur verður til. www.honnunarsafn.is










# Furðuleg fjölbýlishús

**Arkitektúr eru fáar skorður settar eins og sjá má á þessum fjölbreyttu og jafnvel furðulegu húsum.**

**1** VM húsið í Kaupmannahöfn í Danmörku er íbúðarblokk hönnuð af PLOT, BIG og JDS arkitektum. Blokkin var byggð á árunum 2004-2005 en í henni eru 230 íbúðir. Húsið þykir sérstakt vegna nýstárlegra forma og notkunar glers.

**2** Kubuswoningen eða Kubbahús eru frumleg íbúðarhús í Rotterdam og Helmond í Hollandi. Þau eru hönnuð af arkitektinum Piet Blom. Blom hallaði hefðbundnu húsi um 45 gráður og tyllti því á sexhyrningslaga grunn. Húsin eru vinsæll viðkomustaður ferðamanna og hefur einn eigandinn breytt húsi sínu í safn.

**3** Casa Milà er nafn þessa sérstæða íbúðarhúss í Barcelona. Það er reyndar betur þekkt undir nafninu La Pedrea sem þýðir grjótnáman. Húsið var hannað af Antoni Gaudi og var byggt á árunum 1905 til 1910. Það stendur við Passeig de Gràcia 92 í Eixample-hverfinu í Barcelona. Hönnun hússins var umdeild á sínum tíma vegna djarfra forma enda virðist framhlið hússins bylgjast. Húsið fór á heimsminjaskrá UNESCO árið 1984. Í dag geta ferðamenn fengið að fara skoðunarferð um húsið.

**4** Fred & Ginger er gælunafn þessa húss sem stendur í miðborg Prag í Tékklandi enda líkist það helst tveimur dönsurum á dansgólfi. Nationale-Nederlanden byggingin var hönnuð af króatísk-tékkneska akritektinum Vlado Miluni í samvinnu við kanadísk-bandaríska akritektinn Frank Gehry á lóð við Moldá. Byggingin var reist árið 1996.

**5** Aqua er 86 hæða hár skýjakljúfur í Chicago. Hann var hannaður af hönnunarteymi Jeanne Gang en byggingin er sú hæsta í heimi þar sem kona er aðalarkitekt. Húsið er 262 metrar á hæð og hefur hlotið ýmis hönnunarverðlaun.








**Kynning - auglýsing**

# Hagræðing í rekstri húsfélagsins

**Umsjón húsfélags getur verið tímafrekt starf sem íbúar fjölbýlishúsa þurfa gjarnan að sinna kauplaust og í sínum eigin frítíma. Fyrirtækið Eignaumsjón veitir húsfélögum heildarþjónustu í rekstri bæði atvinnu- og íbúðarhúsnæðis.**

Húsfélög eru í eðli sínu lítil fyrirtæki og þurfa gott utanumhald. Við erum hagnýtur samstarfsaðili hússtjórna og eigenda íbúða,“ segir Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar.

Hann segir utanumhald fjármála viðamikinn þátt þjónustu fyrirtækisins, umsjón húsfunda og leit eftir tilboðum í viðhaldsverk. Þá komi Eignaumsjón einnig að hinum mannlega þætti sambýlisins í húsinu.

„Við tökum að okkur bæði skemmtilegu og leiðinlegu verkefnin, til dæmis ef upp koma brot á húsreglum. Hússtjórnin losnar þá við að vera á þröskuldinum hjá nágrannanaum. Fyrsta grunnþjónustan okkar snýst þó um gjaldkerahlutverkið. Við verðum í raun skrifstofa húsfélagsins þar sem bæði eigendur íbúða og hússtjórnir hafa aðgang að okkur. Við tryggjum að eigendur nái fram réttindum sínum, til dæmis varðandi endurgreiðslu á virðisaukaskatti og lækkun á skattstofni vegna viðhaldsvinnu,“ segir Daníel og ítrekar hagræðið við að formleg vinna sé í höndum utanaðkomandi aðila.

„Það reynir oft á hvernig staðið er að formlegri ákvarðanatöku varðandi stærri viðhaldsverkefni, kostnað sem getur hlaupið á milljónum, enda aðstæður eigenda oft misjafnar. Þá þarf að standa rétt að ákvörðunum og stundum er skynsamlegt að áfangaskipta viðhaldsverkum. Við höldum utan um húsfundi, boðun þeirra og framkvæmd og ráðleggjum fólki varðandi fjármögnunarmöguleika. Við leiðbeinum eigendum hvernig hver getur staðið að fjármögnun á sínum hlut og aðstoðum einnig ef húsfélagið sjálft fer í lántöku.“

Eignaumsjón þjónustar bæði atvinnu- og íbúðarhúsnæði, allt frá stórum fjölbýlishúsum og niður í einstaka stigaganga. Daníel segir kostnað húsfélaga við þjónustu Eignaumsjónar ekki þurfa að hækka húsgjöld þar sem oft náist umtalsverð hagræðing fram í rekstri húsfélagsins.



Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar, segir húsgjöld ekki endilega þurfa að hækka með aðkomu þjónustunnar þar sem oft náist umtalsverð hagræðing í rekstri húsfélagsins. MYNDGVA

„Við leggjum okkur fram um að vinna fyrir kaupinu okkar og stillum verði í hóf. Við höfum starfað í rúman áratug og búum yfir þekkingu og reynslu til að glíma við ýmiss konar verkefni. Við keppum ekki við sjálfboðaliða við eldhúsborðið heima í verði en oftast náum við fram hagræðingu í rekstri húsfélagsins og að auki er ótvíræður kostur að losa stjórn undan framkvæmd erfiðra mála. Þegar fólk áttar sig á í hverju þjónusta okkar felst þá vill það ekki hætta.“ www.eignaumsjon.is

## UMSÖGN VIÐSKIPTAVINAR

„Þjónusta Eignaumsjónar er tvímælalaust skilvirk og unnin með faglegum hætti. Þjónustan sparar mér mikinn tíma og fyrirhöfn við fjármál og rekstur húsfélagsins. Þetta á við störf sem snúa að gjaldkera, s.s. umsjón með innheimtu, greiðslu reikninga, færslu bókhalds og undirbúning aðalfundar. Þá hefur reynst dýrmætt að geta leitað til Eignaumsjónar varðandi útvegun aðkeyptrar þjónustu, s.s. trygginga og verktaka. Ég get óhikað mælt með Eignaumsjón.“

Jón Ellert Lárusson, fv. gjaldkeri, Blásölum 22.

# FARSÍMAR & INTERNET

**Kynningarblað** Hugmyndasímar, spennandi nýjungar, snjallsímar, aukahlutir, viðgerðir og fróðleikur.







Sigurður selur allar helstu Apple-vörur sem í boði eru og mikið af aukahlutum fyrir iPhone. MYNDANTON

# Fyrstur til að selja iPhone

**Sigurður Helgason hjá iPhone.is flutti fyrstur Íslendinga inn hina geysivinsælu iPhone síma. Það var í miðju hruni árið 2008 en fleiri fylgdu ekki í kjölfarið fyrr en rúmu ári seinna, eða í lok árs 2009. Hann selur allar Apple-vörur ásamt því að bjóða upp á fyrirtaks viðgerðarþjónustu.**

Sigurður Helgason hjá iPhone.is var fyrstur Íslendinga til að flytja inn iPhone á því herrans ári 2008. En hvað kom til? „Ég var einfaldlega með sambönd á Ítalíu sem gerði það mögulegt og var lengi vel sá eini sem seldi þessa síma út úr búð hér á landi, sem var reyndar netverslun á þeim tíma. Fyrir það hafði verið gríðarlega erfitt að nálgast iPhone síma á Íslandi og var það einungis á færi þeirra sem áttu leið til útlanda auk þess sem sumir keyptu þá á uppsprengdu verði á eBay, segir Sigurður. „Í dag bjóðum við upp á meira úrval af iPhone-símum en samkeppnisaðilar okkar og leggjum mikla áheyrslu á að eiga vöruna alltaf á lager."

Sigurður rekur verslun að Tryggvagötu 17 og selur allar þar helstu Apple vörur sem á boðstólnum eru. Má þar nefna iPhona, iPada og Apple-Tv, sem er sérstaklega vinsælt þessa dagana.

„Þá er ég með alla helstu aukahluti sem eru fáanlegir með iPhone símum, þar að auki þyrlur og skriðdreka sem fáir bjóða upp á en eru skemmtileg tæki. Þeim er fjarstýrt með því að snúa símunum í tilteknar áttir en þegar kveikt er á þyrlunni, sem er búin fjórum hreyflum og tveimur myndavélum, svífur hún upp í loft og hangir í eins og hálfs metra hæð. Henni er svo stýrt upp og niður, aftur á bak og áfram með símanum og drífur allt að fimmtíu metra. Hún getur svo myndað allt sem fyrir „augu" ber.

Skriðdrekanum, sem er búinn myndavél, míkrafón og nætursjón, er stýrt með sama hætti og þyrlunni og er hægt að fylgjast með ferðum hans í gegnum myndavélina sem eru beintengd símunum.

Sigurður býður einnig upp á fyrirtaks viðgerðarþjónustu. „Viðgerðarmaðurinn okkar er með meistaragráðu í rafeindavirkjun og ellefu ára reynslu af farsímaviðgerðum. Hann hefur starfað við iPhone viðgerðir frá árinu 2007 og eru símarnir því í góðum höndum hjá honum ef eitthvað kemur upp á," segir Sigurður sem leggur höfuðáherslu á góða þjónustu. Ég vil að allir mínir viðskiptavinir séu ánægðir og leggjum við því mikla áheyrslu á að veita persónulega og góða þjónustu.

Árið 2010 stofnaði Sigurður styrktarsjóðinn iBörn en hann er ætlaður hreyfihömluðum börnum. Þá var ákveðið að þúsund krónur af hverjum seldum iPad eða iPhone myndu renna í styrktarsjóðinn og er úthlutað úr honum með því að gefa hreyfihömluðu barni iPad með reglulegu millibili. „Við reynum að velja börn sem eru í hvað mestri þörf en þessi tæki bjóða upp á ótal möguleika og forrit sem geta auðveldað þeim að tjá sig. Ég hef í kjölfarið fengið til mín fjölda fagfólks eins og lækna, iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga, talmeinafræðina og þroskaþjálfa og haldið kynningar, enda ljóst að tækin bjóða upp á ótal möguleika fyrir hina ýmsu sjúklingahópa," segir Sigurður en tekið er við umsóknum og ábendingum um hreyfihömluð börn sem gætu haft gagn af iPad á iborn@iphone.is.

### MIKIÐ ÚRVAL AUKAHLUTA

Hjá iPhone.is er að finna mikið úrval af aukahlutum fyrir iPhone síma og má þar nefna þyrlur og skriðdreka sem er fjarstýrt með símanum. Þessi tæki eru meðal annars búin myndavélum og geta myndað allt sem fyrir „augu" ber.



### ÁRALÖNG REYNSLA AF FARSÍMAVIÐGERÐUM

iPhone.is býður upp á fyrirtaks viðgerðaþjónustu. Gert er við allar gerðir af iPhone, iPad og iPod. Fagmaður með meistaragráðu í rafeindavirkjun gerir við tækin og hefur hann starfað við farsímaviðgerðir í ellefu ár.

### IBÖRN

Styrktarsjóðurinn iBörn var stofnaður árið 2010 en hann er ætlaður börnum með hreyfihömlun. Þúsund krónur af hverjum seldum iPad eða iPhone rennur í sjóðinn og er úthlutað úr honum með því að gefa hreyfihömluðu barni iPad með reglulegu millibili. „Þessi tæki bjóða upp á ótal möguleika og til eru forrit sem geta auðveldað hreyfihömluðum börnum að tjá sig og auka lífsgæði þeirra," segir Sigurður.




Allskonar Apple hjá okkur

Gott úrval af aukahlutum:


The Parrot AR.Drone


allskonar frá IK Multimedia


ZooGue iPad 2 Case Genius


Þráðlaust lyklaborð fyrir iPad


iPad 2

Apple TV





„Verð á iPhone 4S frá 139.990 kr."

iPhone 4S

iPhone.is

**Verslun:** Tryggvagötu 17
101 Reykjavík
Sími 566 8000
iphone.is



## VISSIR ÞÚ ...

- ... að Motorola framleiddi fyrsta farsímann?
- ... að í Hong Kong eiga flestir jarðarbúa farsíma, en fæstir í Úkraínu?
- ... að yfir 100 milljón farsímum er fleygt á ári hverju?
- ... að Vesturlandabúar tala að meðaltali minnst hálftíma á dag í farsíma?
- ... að Nokia er stærsti farsímaframleiðandi í heiminum?
- ... að konur nota farsíma meira en karlar?
- ... að fyrsta símtal úr farsíma átti sér stað vorið 1973?
- ... að tveir af hverjum þremur sem eiga farsíma nota ljós úr þeim sem vasaljós?
- ... að ungir Kóreubúar senda yfir 200 þúsund sms-skeyti á ári?
- ... að Japanar skipta árlega gamla farsímanum sínum út fyrir nýjan?
- ... að langflestir unglingar geta ritað sms blindandi á farsíma sína?




5



1

# Furðulegar hugmyndir um farsíma

**Farsímar hafa tekið örum framförum síðustu ár og hafa ýmsar skondnar hugmyndir litið dagsins ljós. Sumar hafa fengið grænt ljós. Aðrar ekki.**



3




2



4

**1** Fyrirtækin KDDI og Flower Robotics kynntu símann Polaris fyrir nokkrum árum. Síminn er með innbyggt eftirlitskerfi sem birtir sjálfkrafa nýjar upplýsingar um heilsu, viðskipti og veður. Þá er hægt að nota símann Polaris eins og fjarstýringu á önnur raftæki.

**2** Nokia 888 er hugmyndafarsími hannaður af Tamer Nakisci. Hægt er að breyta formi símans, hafa hann beinan, boginn, í bylgjum, hjartalaga og notað hann sem armband. Ólíklegt er að hann fari í framleiðslu.

**3** Þessi farsími kallast Matchbox Cell Phone en heitið vísar til þess að hann þykir einna helst líkjast eldspýtnastokki. Síminn er kannski ekki mikið augnayndi en er afar léttur og meðfærilegur. Með því að ýta á hnapp rennur lok af lyklaborði.

**4** Farsímann Nokia SURV1 má hengja í belti og þykir henta vel fyrir ferðalanga. Síminn er höggþolinn og með innbyggðu GPS-staðsetningartæki, MP3-spilara og vasaljósi.

**5** Eins og heiti Marlboro 508 farsímans gefur til kynna er útlitið sótt í Marlboro sígarettupakka. Síminn er með innbyggðu bluetooth, MP3/MP4, útvarpi og 1,3-megapixla myndavél. Rúsínan í pylsuendanum er hólf á hliðinni undir sígarettur.

## GEIMSÍMI EÐA HVUTTI

Skammstöfunin GSM stendur fyrir Global System for Mobile Communications eða heimskerfi fyrir farsímasamskipti. Reynt hefur verið að smíða mörg nýyrði yfir það sem á ensku kallast GSM. Á meðal uppástunga eru orðin: hvutti, gripsimi og geimsími. Ekkert þeirra hefur hins vegar átt vinsældum að fagna. Orðin gemsi og farsími hafa hins vegar náð útbreiðslu. Þess má geta að orðið gemsi merkir gemlingur eða veturgömul kind.



Hér á Íslandi hóf GSM-kerfið göngu sína árið 1994 og síðan þá hafa farsímar orðið sífellt mikilvægari þáttur í daglegu lífi Íslendinga.

Heimild: visindavefur.hi.is




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

# *Fyrsti Nokia-síminn sem keyrir Windows Phone-stýrikerfið væntanlegur*

Nokia hefur staðfest að Nokia Lumia 800 sé væntanlegur í sölu hér á landi 2. mars næstkomandi. Nokia Lumia-línan hefur fengið mikið lof frá alþjóðlegum gagnrýnendum, því í símanum sameinast einstök hönnun og öflugt Windows Phone stýrikerfi frá Microsoft.

Nokia Lumia 800 er fyrsti snjallsíminn frá Nokia sem keyrir Windows Phone-stýrikerfið frá Microsoft. Windows Phone-stýrikerfið býður upp á einstaka samþættingu á mismunandi samfélagsmiðlum eins og Facebook, Twitter, Linkedin og fleiri þar sem notandinn getur á einum skjá fylgst með öllum miðlunum í einu. Að auki er Windows Phone-stýrikerfið einstaklega þægilegt fyrir þá sem nýta sér aðra þjónustu frá Microsoft eins og Xbox Live og fyrirtækjalausnir frá Microsoft á borð við Exchange, Outlook, Office og Lync. Við þetta bætist að Nokia hefur gert Nokia Maps og Nokia Drive-leiðsögulausnina aðgengilega fyrir Windows Phone-stýrikerfið. Nokia-notendur ættu að kannast við sig í því umhverfi, en Nokia Maps er ókeypis GPS-kortalausn með ókeypis raddleiðsögn.

Hönnunin á Nokia Lumia 800 er einstök og hefur síminn fengið mikið lof fyrir útlit og hönnun. Síminn er hannaður og smíðaður úr heilum polycarbonate-plastkubbi sem skilar sér í glæsilegu útliti og áferð. Sveigjurnar á plastinu renna alveg upp að skjánum sem er meðal annars smíðaður úr Gorilla Glass-blöndu og gerir hann einstaklega sterkan. Nokia Lumia 800 hefur unnið til fjölda verðlauna víða um heim og fengið mjög góðar móttökur í þeim löndum þar sem hann er til sölu.

Nokia Lumia 800 er til í bláum, svörtum og bleikum lit. Lumia 800 verður fáanlegur hjá Elko, Hátækni, Nova, Símanum og Vodafone frá og með 2. mars.




Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktfreyr@365.is s. 512 5411.
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Leysum vandamálin samdægurs

**iSíminn í Skipholti er himnasending fyrir alla notendur iPhone, iPad og iPod á Íslandi, en þar sameinast verkstæði sem tekur á málunum strax og verslun sem býður endalaust úrval tölvubúnaðar og aukahluta fyrir Apple á verði sem allir ráða við og hefur aldrei sést áður á þessum vinsælu vörum.**

Apple-vörur hafa alltaf verið óþarflega dýrar á Íslandi og löngu kominn tími á heilbrigða samkeppni með alvöru úrvali og stórum lægri álagningu," segir Tómas Kristjánsson, eigandi iSímans, sem hann opnaði í Skipholti 21 á vordögum í fyrra.

„iSíminn varð til árið 2008, en þá hafði ég dundað mér við heimaviðgerðir á iPhone-símum eftir hefðbundinn vinnudag í heilt ár," útskýrir Tómas, en fyrstu iPhone-símarnir litu dagsins ljós 2007.

„Þá keyptu Íslendingar sér símana í útlöndum en lentu í standandi vandræðum ef símarnir biluðu því hér var enginn farinn að þjónusta iPhone. Fljótlega spurðist út viðgerðaþjónusta mín meðal ört stækkandi notendahóps iPhone. Árið 2010 sá ég ekki annan kost en að segja upp í vinnunni og opna fyrstu iSíma-verslunina sem strax fékk fádæma góðar viðtökur og hefur blómstrað æ síðan," segir Tómas sem fyrst opnaði á Stórhöfða, en flutti sig um set í Skipholtið í fyrra. Nánar tiltekið í vöggu Apple-menningar á Íslandi, þar sem fyrsta Apple-umboðið var til húsa á tíunda áratugnum.

„iSíminn þjónustar nær alla söluaðila iPhone á landinu og markaðurinn fer gríðarlega ört vaxandi þrátt fyrir að tækin séu dýr," útskýrir Tómas sem meðfram verkstæðisvinnunni ákvað fljótt að hefja sjálfur innflutning á iPhone.

„Mér fannst tímabært að bjóða almenningi til sölu fjölbreytta flóru aukahluta fyrir Apple því fram að því voru aukahlutir fyrir iPhone varla til í verslunum hér. Ég byrjaði því strax með um 250 mismunandi



iSíminn sérhæfir sig í sölu og viðgerðum á iPhone, iPod og iPad og er alltaf með lægsta verðið. Verslunin státar einnig af stærsta aukahlutalager landsins fyrir ofangreind tæki. Sjá nánar á www.isiminn.is.

hulstur á verði sem enginn hafði séð áður og hef allar götur síðan verið með einstakt úrval aukahluta á verulega lágu verði," segir Tómas sem leggur áherslu á fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavini sína.

„iSíminn er eina fyrirtækið á landinu sem gerir við iPhone samdægurs og leysir málin strax, á meðan sex vikna bið þykir eðlileg annars staðar. Þessi hraða þjónusta kemur til af kröfuhörðum iPhone-notendum sem flestum finnst þeir handalausir án símans," upplýsir Tómas sem hefur í nógu að snúast með starfsfólki sínu hjá iSímanum.

„Snjallsímakynslóðin er einkar vel með á nótunum þegar kemur að verðlagi, því svo auðvelt er að gera samstundis verðsamanburð í gegnum símana. Því hafa þeir tekið lágu vöruverði iSímans fagnandi frá byrjun."




Tómas Kristjánsson er eigandi iSímans. MYND/GVA

## FALLEG, TRAUST OG KLÁR

**Rjóminn í** iPad-vörum iSímans er svört Zoogue iPad 2-taska sem fæst mörg þúsund krónum ódýrari hjá iSímanum.

Zoogue iPad 2-taskan er falleg, stórkostlega nytsamleg og býður upp á enn fleiri notkunarmöguleika fyrir iPad 2. Þannig vekur hún eða svæfir iPad 2 með því einu að opna eða loka og aðgangur að tengjum og tökkum er greiður. Útskorið er fyrir myndavél að framan og aftan.

Zoogue iPad 2-taskan er handunnin úr ekta leðri og með sérstökum festingum með frönskum rennilás, ásamt öruggum festingum fyrir hendur og hauspúðafestingum fyrir bíl. Töskunni er hægt að stilla í hvaða halla sem er á öruggan hátt.





# Snjallsímar í verslunum ELKO

**Fyrir ekki svo löngu var vinsælt að vera með stóra NMT-farsíma og símboða. Þessi tæki voru einföld og skiluðu vel sínu hlutverki sem samskiptatæki. Í dag eru breyttir tímar og nánast hver einasti maður með GSM-síma í vasanum. Farsímar hafa nýtt hlutverk í dag sem snjallsímar.**

Gríðarleg þróun hefur átt sér stað síðustu ár á farsímum. Farsímar eru nú orðnir miklu afkastameiri og í nokkrum tilvikum eru símarnir öflugri en sumar fartölvur. Stórir og bjartir snertiskjáir með mjög góðri upplausn eru þó sennilega það sem er eftirtektarverðast þegar snjallsímar í dag eru bornir saman við „forfeður“ þeirra fyrir örfáum árum.

Raftækjasalinn ELKO hefur tekið þátt í þessari þróun með því að bjóða ávallt upp á það nýjasta sem er í gangi hverju sinni. ELKO býður upp á yfir 60 gerðir af GSM-símum í verslunum sínum í Lindum, Skeifunni, Granda og Fríhöfn. Mest heimsótta verslunin er þó ELKO.is þar sem hægt er að skoða allt úrvalið og bera saman eiginleika símanna.



Óttar Örn Sigurbergsson, innkaupastjóri ELKO, segir að snjallsímamarkaðurinn hafi verið í gríðarlegum vexti síðan fyrstu snjallsímarnir litu dagsins ljós.

Óttar Örn Sigurbergsson, innkaupastjóri ELKO, segir að snjallsímamarkaðurinn hafi verið í gríðarlegum vexti síðan fyrstu snjallsímarnir litu dagsins ljós. „Snjallsími er í raun sími sem er byggður á tölvugrunni, það er að hann býður upp á hugbúnað og meiri tengimöguleika heldur en venjulegur sími. Símarnir bjóða flestir upp á ógrynni af möguleikum og eru þeir orðnir afþreyingarmiðstöð notandans sem passar beint í vasann. Á meðal eiginleika sem þeir öflugustu bjóða upp á er meðal annars MP3-spilari, myndbandsafspilun með DivX-stuðningi, myndavél, internetvafri, GPS-aksturstölva, leikjavél, tölvupóst, útvarp, raddupptökutæki, miðstöð félagsmiðla svo sem Facebook, lesbretti og margt fleira ásamt því að þjóna þeim megintilgangi að vera samskiptatæki.“

### Samsung Galaxy S-II öflugastur

Að sögn Óttars er öflugasti farsíminn hjá ELKO í dag Samsung Galaxy S-II. Óttar segir Samsung hafa komið inn á farsímamarkaðinn eins og stormsveipur og veitt iPhone mikla samkeppni enda eru þessir tveir símar oft bornir saman af tæknigúrúum. „Samsung Galaxy S-II var settur í sölu árið 2011 og seldust hátt í tíu milljón eintök á fyrstu fimm mánuðunum. Á þriðja ársfjórðungi 2011 var salan á Samsung Galaxy S-II meiri en á iPhone.“ Samsung Galaxy S-II hefur fengið fullt hús stiga hjá mörgum tímaritum og vefsíðum og talar Óttar um að GSMarena.com hafi sagt að síminn væri „The ultimate smartphone“.

> **Samsung Galaxy S-II hefur fengið fullt hús stiga hjá mörgum tímaritum og vefsíðum**

Samsung Galaxy S-II byggir á Android-stýrikerfinu. Aðaleinkenni Samsung Galaxy S-II er hve léttur og þunnur hann er en þó með stórum snertiskjá og gríðarlega öflugum örgjörva. Síminn hefur upp á að bjóða DualCore 1.2GHz örgjörva og 4.3“ skjá sem er með Gorilla rispuvörðu gleri. Síminn tekur ljósmyndir með 8MP myndavél og myndbönd í FullHD-háskerpu. Þar sem síminn er samkvæmt skilgreiningunni orðinn hálfgerð lófatölva þá fylgir með 8gb minni og MicroSD-minniskortarauf fyrir þá sem vilja stækka minnið enn frekar. Óttar minnist á að fyrir þá sem vilja geyma bíómyndir, ljósmyndir og tónlist inn á símanum séu minniskort ódýr leið til að stækka minnið. Samsung Galaxy Sii styður öll vinsælustu myndbandssniðin svo sem DivX, Xvid, H.264, MKV og fleira og er einstaklega þægilegt að horfa á bíómynd eða sjónvarpsþátt á stórum skjánum.

Samsung Galaxy S-II býður upp á GPS-staðsetningarkerfi sem býður upp á ótal notkunarmöguleika. Fyrir þá sem vilja spara sér GPS-tækið þá er síminn með það stórum skjá að hann getur auðveldlega þjónað þeim tilgangi. Það eru til forrit (app) á Android-markaðinum sem bjóða upp á vegaleiðsögn með grunnkorti af Íslandi.

### Margvíslegir tengimöguleikar

Tengimöguleikar símans eru margvíslegir en þá má nefna helstan þann möguleika að geta notað símann sem þráðlausan beini. Óttar segir að Samsung Galaxy S-II geti deilt innbyggðu 3G neti símans þráðlaust með öðrum tækjum svo sem fartölvu. „Þetta er einstaklega hentugt upp í bústaðinn sem er ekki með internet-tengingu en þá birtist síminn í fartölvunni sem þráðlaus nettenging, allt með einfaldri stillingu á símanum.“

Samsung er með nýjan Galaxy á leiðinni árið 2012 sem ber nafnið Samsung Galaxy S3. Þó segir Óttar ekkert vitað um eiginleika á þessu stigi þótt því sé spáð að sá sími muni setja ný viðmið fyrir farsíma líkt og Galaxy S-II hefur gert.

### Hentar tæknifælnum

Fyrir tæknifælna og óvana notendur þá segir Óttar að þeir sem hafi prófað þennan síma segi að það sé sáraeinfalt að læra á hann. „Samsung Galaxy S-II hentar öllum enda er notendaviðmótið einkar vel uppbyggt og á hvers manns færi að vinna með það.

Samsung Galaxy S-II fer einstaklega vel í vasa, eða veski þrátt fyrir stóran skjá. Í snjallsímakapphlaupinu mælir ELKO með Samsung Galaxy Sii.“

Samsung Galaxy Sii kostar kr. 98.995 í verslunum ELKO.






## Notalegar staðreyndir um Samsung

**Samsung Galaxy S-II** býður upp á GPS-staðsetningarkerfi sem býður upp á ótal notkunarmöguleika.

**Samsung Galaxy Sii** styður öll vinsælustu myndbandssniðin svo sem DivX, Xvid, H.264, MKV og fleira og er einstaklega þægilegt að horfa á bíómynd eða sjónvarpsþátt á stórum skjánum.

**Aðaleinkenni Samsung Galaxy S-II** er hve léttur og þunnur hann er en þó með stórum snertiskjá og gríðarlega öflugum örgjörva.






# Hægmeyrnaðar nautasteikur

## einstakt bragð og mýkt sem þú hefur ekki fundið áður.

Argentína býður nú nautasteikur sem fara með bragðlaukana í stórkostlegt ferðalag. Þær eru verkaðar á algerlega nýjan máta. Nautakjötið er látið hægmeyrna við kjöraðstæður í a.m.k. 35 daga áður en það er hlutað niður. Með þessari aðferð verða steikurnar bragðríkari og meyrari en áður hefur þekkst á Íslandi.

Hægmeyrnaðar steikurnar verða svo að hreinu lostæti eftir að matreiðslumeistarar Argentínu hafa handleikið þær á grillinu og töfrað fram meðlætið. Ef þú vilt bjóða bragðlaukunum í ævintýraferð ættir þú að panta borð sem fyrst. Þú sérð ekki eftir því!

*Skráðu þig í netklúbb Argentínu á argentina.is. Heppnir meðlimir eru dregnir úr mánaðarlega. Vinningar eru m.a. gjafabréf á Argentínu.*

Sérvalið þurrverkað kjöt
HÆGMEYRNAÐ
Kjötið er látið meyrna við kjöraðstæður í 4-6 vikur
Þannig næst einstakt bragð og mýkt í kjötið

ARGENTÍNA

Barónsstíg 11a • 101 Reykjavík
Sími 551 9555 • www.argentina.is



## Besta sveitahótelið

HÓTEL RANGÁ VAR VALIÐ BESTA SVEITAHÓTEL Í EVRÓPU NÝVERIÐ.

Hótel Rangá fékk nýverið viðurkenningu sem besta sveitahótelið í Evrópu árið 2011. Þá var það valið eitt af þeim hótelum sem helst má mæla með í hópi fjölda úrvalshótela í Evrópu. Frá þessu er greint á vefnum www.freisting.is.

Verðlaunin eru veitt af fyrirtæki sem er í samstarfi við Bloomberg-sjónvarpsstöðina en verðlaunaafhendingin fór fram í London.

Þótt tómatar séu ber, sé litið til grasafræðinnar og þar með undirflokkur ávaxta, eru þeir einnig flokkaðir sem grænmeti samkvæmt næringarfræðinni. Tómaturinn kom fyrst til Evrópu með Spánverjum á sextándu öld. Tómatar eru vítamínríkir, einkum af A- og C-víamíni.



www.wikipedia.is




# Saltgildrur leynast víða

**Of mikil saltneysla er engum holl. Það er hins vegar ekki nóg að takmarka borðsaltið enda leynist saltið víða.**

Fimm grömm af salti er talin æskileg hámarksneysla á dag hjá fullorðnum einstaklingi. Fari hún yfir 14 grömm á dag er hún talin óhófleg.

Samkvæmt bókinni Ný og betri bætiefnabiblía er meðalneysla á borðsalti 7 til 18 grömm á dag. Of mikið salt getur valdið háum blóðþrýstingu og eykur hættuna á hjartasjúkdómum. Mikil saltneysla veldur vökvasöfnun sem kemur fram í svima, appelsínuhúð og þrútnum fótleggjum. Það getur of mikið salt valdið því að kalíum skolast út með þvaginu. Það getur sömuleiðis hindrað nýtingu hvítuefnaríkrar fæðu.

Vandamálið er að minnst af salti kemur úr borðsalti. Mun meira er falið í unnum mat eins og smurosti, unnum kjötvörum, morgunkorni, pakkasúpum, nasli og tilbúnum réttum.





Matreiðslumenn Hamborgarafabrikkunnar eru óhræddir við að innleiða nýjungar.

# Heiðar á matseðli

**Fjölbreyttir hamborgarar hjá Hamborgarafabrikkunni.**

Matreiðslumenn Hamborgarafabrikkunnar verða sjálfsagt seint sakaðir um hugmyndaskort. Staðurinn státar af fjölbreyttum matseðli þar sem nokkuð er um að hráefni sé notað með óvenjulegum hætti.

Gæsaborgarinn Heiðar er nýjasta viðbótin við úrval óvenjulegra borgara á matseðli Fabrikkunnar. Hann inniheldur 60 prósent gæsakjöt og 40 prósent nautahakk og fitu þar sem gæsakjöt er magurt og þarf fitu til eldunar. Áður hefur staðurinn boðið upp á árstíðabundna borgara á borð við laxaborgara, hrefnuborgara og hreindýraborgarann Rúdolf.

Hamborgarinn Heiðar er borinn fram með rjómaosti, villibláberjasultu og peru og frönskum kartöflum.

Sjá freisting.is.



## Bílar til sölu



CADILLAC Seville sls. Árgerð 1994, ekinn 171 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.110087.



VWPassat'04 1,9 TDI, station, ek. 176þús.km, ný þvetrardekk, sjálfsk, dráttarbeisli, smurbók. 950.000kr. S:8493899

## 0-250 þús.



**Nýskoðaður sparigrís !**
Renault Clio árg '98, ekinn aðeins 136, ný skoðaður, beinskiptur, 3 dyra, mjög eyðslugrannur, Tilboðsverð aðeins 190þús, uppl í s:659-9696

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659-9696.

**Kaupi bilaða bíla**
Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar á ca. 30 - 200 þús. S. 896 6744.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar



Til sölu Knaus Sunliner 650. Árg. 2004 Ekinn 18 þ. km. Uppl. í s: 617-4549.

## Reiðhjól




**Veturinn er kominn!**
Ljós, nagladekk og allt hitt. KRÍA HJÓL, reiðhjóla verslun og verkstæði Hólmaslóð 2, s.5349164

## Hjólhýsi

T.S.hobby 560 UFE, sólars.flatsk. boiler truma hitak. markisa,br. 2,50 S:8929260

## Vinnuvélar






LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR OG VÖRUBÍLAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is

## Bátar

BÁTAR OG SKIPASALAN BÚNAÐUR

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Varahlutir




Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230 '97. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, H1, Trooper, Freelander, Baleno, Caddy 98-02,Polo 97-99, Matiz,Mondeo 98, Corollu 01, Golf 03, Megan 01. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Alhliða hreingerningarþ. Teppahreinsun / Bónþjónusta / flutningsþrif. Þrif og þvottur 101, S. 893 0611.

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja







## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

## Málarar

**Málarameistari**
Öll almenn málningarvinna. Egill s. 868 5171.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**Óli smiður**
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla. Óli smiður, sími 698 9608.

**Dren og klóaklagnir!**
Tökum að okkur endurnýjun á Dren og klóaklögnum á.a almennri jarðvinnu. Uppl. 869 1700, jardlausnir@gmail.com









**Handriðaplast**
Útvegum og setjum á handriðaplast, margir litir. Uppl. Dúkarinn Óli Már s. 699 4418.




Viðgerðir og viðhald. Fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög. Gluggar, pallar, múrviðgerðir, lekavandamál. Sveinn Húsasmíðameistari S:8608838 vogarafl@vogarafl.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Spádómar




**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Spákonan Sirrý**
Ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

Spásíminn 903 3090 Ertu á tímamótum? Hvað viltu vita? Tarotlestur Draumaráðningar. Trúnaður.

Símaspá ræð drauma, ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun




**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Trésmíði

**Smiður**
Óskar eftir verkefnum. Nýsmíði eða viðhald. Uppl. s. 895 6820

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**ÖSKUDAGSFJÖR**
Aldrei meira úrval af skemmtilegum barnabúningum t.d. Star Wars, Harry Potter, Batman, Superman, Super Mario, ofl. Úrvalið er aðgengilegt á www.hokuspokus.is sem einnig er vefverslun fyrir alla landsbyggðina. Hókus Pókus Laugavegi 69 S. 551 7955

**Heitur pottur til sölu**
Til sölu mjög lítið notaður, 4 ára gamall heitur pottur-rafmagns, yfirbreiðsla og trappa fylgir. Potturinn er hvítur að innan og klæðning er grámáluð! Potturinn er Kanadískur og er frá versluninni poulsen í skeifunni. V.700þús, kostra nýr 1.2 - 1.3millj. Uppl í s. 8999907 eða 8446447




Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Kílóverð 1700.- kr. Allar upplýsingar í s. 868 7204 eða á www.myranaut.is




**Öskudagur 22. febrúar!**
Tugir öskudagsbúninga á frábæru verði; prinsessur, afturgöngur, indíánar, kúrekar, ninjur, trúðar, nornir, sjóræningjar, galdramenn, hermenn, pönkarar, hippar, o.fl., o.fl. Fylgihlutir í þúsundatali! Skoðaðu búningaúrvalið á Facebook síðu okkar. Partýbúðin, Faxafeni 11, s. 534-0534



**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. www.ditto.






**Thermo spa Heitir pottar á tilboði.**
Eigum 2 stk. Eftir af Amerískum hágæða nuddpottum fulleinangruðum 7-8 manna 2.000 lítra. Tilboð. 1.600 þús m/vsk. Örninn hjól ehf. Uppl. I síma 847 7419.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 845 5976 - 445 4237.



## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**www.kaupumgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun



NÝJAR VÖRUR!! Einnig helling á 50% afslætti.Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is




**7 rósir 990 kr.**
**Dalía**
**BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ**
**S. 568 9120**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**
**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

3 herbergja íbúð til leigu 100 fm í 203 kóp. 155þ. Virkilega falleg íbúð. S:6959054

3 herbergja íbúð til leigu 100 fm í 203 kóp. 155þ. Virkilega falleg íbúð. S:6959054

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir stúdíó eða 2. herb. íbúð í 101 til leigu. Ég er 26 ára, reglusamur og reyklaus. 100% skilvísum greiðslum heitið. Sími: 611-9921

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að taka á leigu 50 fm eða stærra atvinnuhúsnæði. Helst með útisvæði. Uppl. 845 4096.

**Til leigu.**
Fákafen, mjög vandað 140 fm skrifstofuhúsn. Tunguháls 327 fm iðnaðarhúsn, lofthæð 4,70, tvær innkeyrsludyr. Við sund, 20 fm verslunar/þjónustuhúsn. á jarðhæð ásamt 20 og 40 fm skrifstofum á 2.hæð. leiguval.is S. 553 9820 og 894 1022.

Óskum eftir húsnæði til að reka hljóðver í. Komum til með að hljóðeinangra vel. 70-100fm2 væri hentug stærð. haraldsson@hljomur.is

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Viðburðarfyrirtækið Silent vantar hresst fólk á aldrinum 20-30 ára í ýmis verkefni næstu mánuði. Sendið ferilsskrá á info@silent.is

**Stýrimaður**
Vanan stýrimann vantar á 50 tonna dragnótabát sem rær frá norðvesturlandi. Upplýsingar í síma: 847-8182.

Stýrimann og yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna rækjubát. Sem er að hefja rækjuveiðar. Uppl. í síma 845 3480.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



**AFMÆLISTÓNLEIKAR**
Verða haldnir í Langholtskirkju, 18. febrúar 2012 klukkan 15:00. Tónleikarnir eru haldnir í tilefni af 45 ára afmæli Árnesingakórsins í Reykjavík. Fram koma: Árnesingakórinn í Reykjavík, Skólakór Kársness og Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands. Miðaverð 3000kr við innganginn, 2500kr í forsölu, 500kr börn yngri en 12ára og öryrkjar / ellilífeyrisþegar 2500kr.

## Einkamál

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

**Þú getur gert kraftaverk**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Fasteignir

# Boðaþing 6 Kópavogi

**AÐEINS 1 ÍBÚÐ EFTIR Í ÞESSARI BLOKK FYRIR 55 ÁRA OG ELDRI.**



**EINSTAKT TÆKIFÆRI - LÚXUS ÍBÚÐ!** Fyrir fólk á besta aldri 55 ára og eldri. Íbúð 101. 145,6 fm íbúð á 1. hæð í austurenda húsins, ásamt stæði í bílageymslu. Sérafnotaréttur lóðar er 54 fm! Eignin skiptist í forstofu með skáp, hjónaherbergi með fataherbergi og sér baðherbergi, aukaherbergi með skáp, glæsilegt eldhús, stofu, borðstofu, þvottahús innan íbúðar, minna baðherbergi, svalahýsi og verönd. **Frábært verð, aðeins 37,5 m.**

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
Elías Haraldsson, lögg. fasteignasali

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.HUSAVIK.NET Sími 510-3800**

# Athafnamenn-Verktakar athugið Frábært tækifæri að kaupa lóðir og atvinnuhús!

**Stakkholt 2-4 og 3 í Rvík. (Hampiðjureitur).**
Samtals lóðarstærð er 6.550 fm. Gert ráð fyrir að byggja megi um 15.000.- fm, íbúðir/þjónusta og að auki 11. þús fm bílageymslu, samtals 26.000.- fm. Gatnagerðargjöld f.ca. 8.200 fm fylgja. Ekkert áhvílandi, engin skipti. **Verð 530 millj.**

**Árvað 1- Norðlingaholt.**
Lóðin er 8792 fm. Byggja má á þessari lóð 4.200 fm verslunar- og þjónustuhús (eina matvöruverslunin í hverfinu) og að auki 9 íbúða íbúðarhús. Gatnagerðargjöld eru greidd fyrir atvinnuhúsið. Ekkert áhvílandi engin skipti. **Verð 90.0 millj.**

**Urðarhvarf 8, Heil húseign.**
Fokhelt hús á 6.hæðum, glæsilegt útsýni, skráð 14.475.- fm.
**Verð 775 millj.**

Allar upplýsingar veitir Stefán Hrafn Stefánsson hdl, s: 895-2049 (stefan@storborg.is)

## Atvinna


# STERK ATVINNUAUGLÝSING Á RÉTTUM STAÐ

**Vertu með atvinnuauglýsinguna þína í Fréttablaðinu, mest lesna blaði landsins.***

*Atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu birtast líka á atvinnuvef Vísis.*

FRÉTTABLAÐIÐ

vísir ATVINNA

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*




*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup október–desember 2011

**BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:**

**VIÐAR INGI PÉTURSSON**
vip@365.is 512 5426

**HRANNAR HELGASON**
hrannar@365.is 512 5441

FRAMLENGJUM ÚTSÖLU

# ARÚTSALA

Rúm Gott

# ERTU AÐ VAKNA ÞREYTT/UR EÐA MEÐ VERKI Í LÍKAMANUM?

**Komdu í legugreiningu og fáðu sérsmíðað rúm fyrir þig!**





Tvíbreið fjölstillanleg rafmagnsrúm: **Verð frá kr. 309.897.-**
Tvíbreið heilsurúm: **Verð frá kr. 139.000.-**

**25-50% afsláttur af öllum heilsurúmum!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu

**Einstaklingsmiðuð þjónusta**

Rúmgott er eini aðilinn á Íslandi sem notar legugreiningu til að meta þarfir viðskiptavina sinna.

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**ÞAR SEM HVER VIÐSKIPTAVINUR ER SÉRSTAKUR!**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

# Vífill Oddsson heiðursfélagi VFÍ

Vífill Oddsson var útnefndur heiðursfélagi Verkfræðingafélags Íslands á árshátíð félagsins fyrir skemmstu. Slík nafnbót hlotnast aðeins fólki sem leyst hefur af hendi mikilsverð störf á sviði verkfræði og vísinda. Hún er einnig veitt fyrir framtak til eflingar verkfræðingastéttinni í heild og fyrir félagsstörf í þágu stéttarinnar. Vífill Oddsson er sá 22. í röðinni sem hlýtur þetta sæmdarheiti í 100 ára sögu félagsins.

Fjórir aðrir verkfræðingar voru sæmdir heiðursmerki félagsins, þau Guðmundur Guðmundsson, Sólveig Þorvaldsdóttir, Steinar Friðgeirsson og Steindór Guðmundsson. Alls hafa ríflega eitt hundrað einstaklingar hlotið þá viðurkenningu. -gun




**HEIÐURSFÓLK** Vífill Oddsson, Guðmundur Guðmundsson, Sólveig Þorvaldsdóttir, Steinar Friðgeirsson og Steindór Guðmundsson.



**ÞAU TAKA ÞÁTT Í STORA DALDANSEN** Þórey Birgisdóttir, Ellen Margrét Bæhrenz og Karl Friðrik Hjaltason. MYND/HEIÐA KRISTÍN RAGNARSDÓTTIR

# Dansað til sigurs

Þrjú íslensk ungmenni munu keppa í Stora Dalsdansen, norrænni/baltneskri sólóballettkeppni sem haldin er árlega í Svíþjóð og verður að þessu sinni í Falun í mars. Þetta eru þau Ellen Margrét Bæhrenz, Þórey Birgisdóttir og Karl Friðrik Hjaltason, öll nemendur við Listdansskóla Íslands. Þau sigruðu í undankeppni sem Félag íslenskra listdansara hélt nýlega í Gamla bíói.

Ellefu keppendur á aldrinum 16-19 ára tóku þátt í undankeppninni og fengu viðurkenningarskjöl fyrir. Sigurvegararnir hlutu verðlaunagripi, ásamt 40 þúsund króna ferðastyrk úr minningarsjóði Svandísar Þulu Ásgeirsdóttur en sjóðurinn var stofnaður 2. desember 2008 þegar tvö ár voru liðin frá því Svandís Þula lést í bílslysi, aðeins fimm ára gömul. Hún hafði stundað ballettnám í Ballettskóla Eddu Scheving í rúm tvö ár áður en hún dó. - gun

# Kynna styrki til nýsköpunar

Hvað gerum við fyrir og með hönnuðum? er yfirskrift fundar í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi í kvöld klukkan 20. Þar kynna Bjarnheiður Jóhannsdóttir og Guðmundur Óli Hilmisson þjónustu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og helstu styrki og stuðningsmöguleika.

Sérstök áhersla verður lögð á Átak til atvinnusköpunar sem er styrkáætlun fyrir nýsköpunarverkefni og markaðsaðgerðir starfandi frumkvöðla- og nýsköpunarfyrirtækja en næsti umsóknarfrestur er til 1. mars.

Fundurinn er liður í fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvar, Listaháskólans og Listasafns Reykjavíkur.



**HAFNARHÚS** Fundurinn verður í Listasafni Reykjavíkur.

---



†

*Elskuleg dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,*

**Vilhelmína Guðmundsdóttir**

sem lést þriðjudaginn 7. febrúar, verður jarðsungin föstudaginn 17. febrúar kl. 13.00 frá Hjallakirkju í Kópavogi.

**Guðmundur Ottósson** **Anna Þóra Sigurþórsdóttir**
**Grétar Karlsson** **Ólöf Ólafsdóttir**
**og frændsystkini.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Haukur A. Bogason**

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík þann 11. febrúar, verður jarðsunginn frá Áskirkju í Reykjavík 17. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Guðlaug Jónsdóttir**

---



†

*Elskuleg frænka okkar,*

**Ingibjörg Halldórsdóttir**
Kambsmýri 6, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar sunnudaginn 5. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk.

**Sigurbjörg Andrésdóttir og aðstandendur.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Baldur Skarphéðinsson**
Dalbraut 27, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 12. febrúar.

**Halla Björg Baldursdóttir** **Magnús Páll Albertsson**
**Gísli Baldursson** **Ragnheiður Sigurgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

*Okkar ástkæri*

**Jón Tryggvason**
fyrrum húsgagnabólstrari, síðast til heimilis að Jóruseli 8 í Reykjavík,

lést föstudaginn 10. febrúar sl. Jarðarförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 17. febrúar nk. kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á barnauppeldissjóð Thorvaldsensfélagsins eða aðra líknarsjóði.

**Hrefna Magnúsdóttir**
**Auður Jónsdóttir** **Víðir Ástberg Pálsson**
**Petra Jónsdóttir**
**Kristjana Þórdís Jónsdóttir** **Jóhannes Karl Sveinsson**
**Jón Tryggvi Jónsson** **Svala Breiðfjörð Arnardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elsku hjartans mamma, tengdamamma og amma,*

**Guðrún Hjörleifsdóttir (Guggú)**

lést í faðmi fjölskyldunnar á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 13. febrúar. Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 21. febrúar kl. 15.00.

**Ragnhildur Bergþórsdóttir** **Sigurbergur M. Ólafsson**
**Atli Bergþórsson** **Sólrún Helga Örnólfsdóttir**
**Eleonora Bergþórsdóttir**
**Hekla Mekkín, Hlynur Snær, Sindri Freyr og Alísa Rán**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórdís Tryggvadóttir**
myndlistarkona,

lést föstudaginn 10. febrúar 2012. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 17. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Sigríður Egilsdóttir** **Ólafur Jóhann Ólafsson**
**Helga Egilsdóttir**
**Björgúlfur Egilsson** **Lísa Pálsdóttir**
**Tryggvi Egilsson** **Elín Magnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Yndislegi faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Halldór Ásgeirsson**

lést að heimili sínu að Kjarnalundi, Akureyri, sunnudaginn 12. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 20. febrúar kl. 13.30.

**Ásgeir Halldórsson**
**Jónína Halldórsdóttir** **Pétur S. Georgsson**
**Guðrún Halldórsdóttir** **Hafliði Þ. Brynjólfsson**
**Stefán Halldórsson** **Júlía Árnadóttir**
**og barnabörn.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigríður Guðmundsdóttir (Sigga á Hvítanesi)**
Höfða, Akranesi,

lést laugardaginn 11. febrúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju laugardaginn 25. febrúar kl. 14.00.

**Ástríður Þ. Þórðardóttir**
**Ester Teitsdóttir**
**Ævar Hreinn Þórðarson** **Þórey J. Þórólfsdóttir**
**Sigurður Þórðarson** **María Lárusdóttir**
**barnabörn, langömmubörn, langalangömmubörn og fjölskyldur.**




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Föstud. | 24. feb | 20:00 ö | Föstud. | 16. mars | 20:00 | Laugard. | 24. mars | 20:00 |
| Laugard. | 25. feb | 20:00 ö | Laugard. | 17. mars | 20:00 | Sunnud. | 25. mars | 20:00 |

**Síðustu sýningarnar á þessu leikári!**

Miðasala á gamlabio.is og á midi.is

Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opið alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** barningur, **6.** í röð, **8.** skordýr, **9.** stefna, **11.** stöðug hreyfing, **12.** tildur, **14.** yfirstéttar, **16.** gjaldmiðill, **17.** rúm ábreiða, **18.** þróttur, **20.** aðgæta, **21.** lipurð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** morð, **3.** frá, **4.** vegklæðning, **5.** landspilda, **7.** stífkrampi, **10.** hestaskítur, **13.** samræða, **15.** tafl, **16.** kóf, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** basl, **6.** rs, **8.** fló, **9.** átt, **11.** ið, **12.** pjatt, **14.** aðals, **16.** kr, **17.** lak, **18.** afl, **20.** gá, **21.** fimi.
**LÓÐRÉTT: 1.** dráp, **3.** af, **4.** slitlag, **5.** lóð, **7.** stjarfi, **10.** tað, **13.** tal, **15.** skák, **16.** kaf, **19.** lm.


# TILBOÐSBÍLAR

**Frábærir 4x4 bílar á verði sem lætur engan ósnortinn**



**Toyota Land Cruiser 4x4**
árg. 2008, ekinn 82 þús. km.
2982cc, sjálfsk. dísil
**Verð áður: 6.490.000 kr.**
**▸ Verð nú: 5.790.000 kr.**

**Subaru Forester 4x4**
árg. 2009, ekinn 31 þús. km.
2000cc, beinsk. bensín
**Verð áður: 3.390.000 kr.**
**▸ Verð nú: 2.950.000 kr.**





**Ford F150 4x4**
árg. 2006, ekinn 70 þús. km.
5409cc, sjálfsk. bensín
**Verð áður: 2.990.000 kr.**
**▸ Verð nú: 2.190.000 kr.**

**Toyota Land Cruiser 35" 4x4**
árg. 2004, ekinn 141 þús. km.
2982cc, beinsk. dísil
**Verð áður: 3.790.000 kr.**
**▸ Verð nú: 3.190.000 kr.**





**Nissan Patrol 4x4**
árg. 2007, ekinn 79 þús. km.
2953cc, sjálfsk. dísil
**Verð áður: 4.590.000 kr.**
**▸ Verð nú: 3.890.000 kr.**

**Ford Expedition 4x4**
árg. 2007, ekinn 98 þús. km.
5400cc, sjálfsk. bensín
**Verð áður: 5.490.000 kr.**
**▸ Verð nú: 3.890.000 kr.**



ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.


# Sjáum, metum og virðum

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Ég hlustaði nýlega á vitra konu tala með næmleik um vanda dreifbýlis og þéttbýlis og líka um hlutverk kirkjunnar. Hún sagði, að vandi fólks væri kannski hvað sárastur, þegar það nyti ekki athygli. Þetta var sláandi athugasemd, sem ég staldraði við. Getur verið, að það sé stórt mein og vandi í samskiptum fólks? Er kannski brestur á athygli útbreiddur meðal fólks, jafnvel þjóðarvandi, sem skýrir ýmsar samfélagslegar ófarir, einangrun fólks og vanlíðan?

**ÖLL** þörfnumst við þess að vera séð, heyrð og metin. Það er dyggð að sjá fólk, í gleði og sorg, í vanda þess og vegsemd. Raunar verður engin manneskja til nema einhver líti til og líti eftir. Eftirlitsleysi veldur áföllum. Ef enginn sér fólk byrjar það að deyja, svo afdrifaríkur og skelfilegur er skortur tillits. Þegar fólk hylur sig gegn augliti Guðs færist myrkrið nær.

**HRIFIN** augu vekja viðbrögð. Elskurík móður- og föðuraugu sjá mennsku í barni sínu. Þetta eru augnagotur ástarinnar, sem draga eða kalla fram andlega auðlegð þess og þroska. Hvernig líður þér þegar einhver dáist að þér og sér þig með augum umhyggju og hrifningar? Væntanlega vel og eflir þig og stælir. Guð sér okkur menn og þess vegna verður lífið gott og gjöfult. Athygli Guðs bjargar heiminum.

**ÆVIVERKEFNI** okkar allra er að skerpa athygli gagnvart sjálfum okkur, öðru fólki og litbrigðum lífsins. Við megum gjarnan læra að sjá betur, heyra betur og finna meira til með öðrum. Í þeim efnum þurfum við að æfa okkur reglulega til að við náum færni. Við ættum líka að segja fólki þegar það gerir gott. Auðvitað eigum við ekki að leggja af gagnrýni heldur nýta skynsemi og leyfa dómgreind að styrkjast. Svo er ráð að nýta vel H-vítamínið – hrós. Við erum svo gerð að við getum numið afar margt í lífi annarra. Við höfum augu, eyru, tilfinningar, líkama og ýmsar náðargáfur til að nema líðan annarra. Og skimum í kringum okkur eftir augliti Guðs og himneskri athygli.

**LOFUM** fólk en nöldrum ekki, upphefjum í stað þess að draga niður, umbunum í stað þess að letja. Sjáum, metum og lofum fólk. Það er í anda erindisins um fögnuð að gleðjast yfir fólki. Hvernig væri að veita þeim athygli sem þú hittir í dag? Jákvæð orð skadda engan heldur efla. Takk fyrir athygli þína.

## myndasögur

■ **Pondus** Eftir Frode Øverli




■ **Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ **Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




■ **Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**Gluggi tækifæranna til að spjalla saman heldur áfram að minnka...**



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl



**NÝTT SJÓÐHEITT VAR AÐ LENDA**

**FLAKKARI KORTALESARI MINNISLYKILL**

## 1TB FLAKKARI

1TB Hitachi LifeStudio Desk Plus flakkari með 4GB minnislykli og er jafnframt minniskortalesari

**14.900**

STÓRSNIÐUG NÝJUNG !



**USB 3.0**

VIRKAR EINNIG Á ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA

## 2TB FLAKKARI

LaCie Minimus er glæsilegur 2TB USB 3.0 flakkari í höggvörðu burstuðu álhúsi

**24.900**

10X MEIRI HRAÐI MEÐ USB3



## 2TB NETWORK SPACE2

Tengist beint við heimanetið svo allar tölvur á heimilinu geti tengst og deilt gögnum

**29.900**

LACIE NETWORK SPACE 2

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · SONY · TOSHIBA

# menning

menning@frettabladid.is



**SJÁLFSSKOÐUN LISTAMANNA** er viðfangsefni verka listamanna sem verða sýnd á sýningunni Ásjónu sem opnar í Listasafni Árnesinga á laugardaginn. Sýnd verða verk úr eigu safnsins með áherslu á portrett og teikningu.








**SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR** Þú þarft ekki að vera kvikmyndagerðarmaður, tæknigúrú eða sérstaklega ritfær til að geta gert góðar stafrænar sögur segir Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stafrænar sögur sækja heimildirnar undir yfirborðinu

**Söfn og skólar eru á meðal þeirra sem gætu nýtt sér kosti stafrænna sagna að mati Sólveigar Ólafsdóttur sagnfræðings, sem er heilluð af aðferðafræðinni.**

Digital Storytelling, sem á íslensku kallast stafrænar sögur, er aðferðafræði sem er að ryðja sér til rúms á námskeiðum og vinnustofum víðs vegar um heim. Í San Francisco er starfrækt Miðstöð stafrænna sagna (Center for Digital Storytelling), en henni stjórnar Bandaríkjamaðurinn Joe Lambert, sem talinn er til frumkvöðla á sviðinu.

Um er að ræða frásagnaraðferð sem venjulegt fólk getur nýtt sér til að búa til persónulega stuttmynd um líf sitt. Notaðar eru ljósmyndir, tónlist, texti og annað efni, ásamt aðgengilegum vinnsluforritum á borð við iMovie eða Movie Maker.

Sólveig Ólafsdóttir, sagnfræðingur og framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar, og Salvör Aradóttir, leikhúsfræðingur og þýðandi, hafa sótt námskeið á vegum setursins og hlotið réttindi til að halda utan um vinnustofur stafrænna sagna. Sólveig er heilluð af aðferðafræðinni. „Þegar þú leitar heimilda um eitthvað sem liggur undir yfirborðinu, til dæmis tilfinningar, þá er erfitt að skila því í texta,“ útskýrir hún. „Við erum hins vegar vön því að skila hlutum af okkur í textaformi. En þegar fólk bætir við textann verkfærum á borð við ljósmyndir og tónlist sprengir það af sér formið. Það verður til ofsalegur kraftur. Ég hef séð það gerast hjá fullorðnu fólki, unglingum og börnum.“

Sólveig segir að munurinn milli stafrænna sagna og heimildarmynda liggi helst í því að allir geti orðið höfundar stafrænnar sögu. „Þetta er leið til að segja persónulega sögu. Það getur verið saga af einhverjum öðrum en sagan er samt þín og þess vegna persónuleg. Þú þarft ekki að vera kvikmyndagerðarmaður, tæknigúrú eða sérstaklega ritfær. Það eiga allir sögur. Og það eru allir allan daginn að segja sögur.“

Sé reglum aðferðafræðinnar fylgt eru stafrænar sögur unnar í nokkurra daga vinnustofum með litlum hópi fólks, eftir fyrirfram mótuðum aðferðum. Sólveig hefur, í félagi við Salvöru, þegar stjórnað slíkri vinnustofu með hópi barna og ungmenna. Út úr vinnustofunni komu fjölmargar flottar sögur, sem tóku margar hverjar á mjög persónulegum málum, og hópur afar hreykinna ungmenna.

Þær Sólveig og Salvör hafa fengið styrk frá Reykjavíkurborg til að þróa áfram vinnustofur í stafrænum sögum, sem þær vona að eigi eftir að skila sér í samstarfi við eitthvert af reykvísku söfnunum. „Það sem gefur söfnum fyrst og fremst gildi er þegar komnar eru persónulegar tengingar við þau. Ef við tökum Ljósmyndasafn Reykjavíkur sem dæmi er þar mikið til af ljósmyndum frá síðustu öld. Á sama tíma er heilmikið af fólki þarna úti sem lifði á þessi tímabilum. Hugsaðu þér nú ef við fengjum að heyra söguna á bak við allar þessar myndir!“ **holmfridur@frettabladid.is**









## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 16. febrúar 2012**

### Sýningar

**13.00** Handverkasýningin Til að fagna fallegum hlutum stendur nú yfir á Hallveigarstöðum við Túngötu. Einkunnarorð sýningarinnar eru: Gerum hvern dag meira skapandi og enn fallegri.

**17.00** Sýningin Undanfari eftir Sigurð Guðjónsson verður opnuð í Sverrissal Hafnarborgar. Sýningunni lýkir 18.mars.

### Íþróttir

**18.45** Gestir frá knattspyrnuskóla Bobby Charlton halda opna BCSSA æfingu í Fífunni, Kópavogi. Gestirnir eru þau Helena Geraldine Shiels framkvæmdastjóri, Ciaran Donnelly yfirþjálfari, Dean M. Garrity þjálfari og Ryan M.T.Skivington þjálfari. Nánari upplýsingar á itferdir.is

### Kvikmyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kvikmyndina Draumastarf Kína í stofu 101 í Odda, Háskóla Íslands. Um er að ræða heimildarmynd sem miðar að því að veita nýrri kynslóð kínverskra farandverkamanna athygli. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.

### Kynningar

**20.00** Bjarnheiður Jóhannsdóttir og Guðmundur Óli Hilmisson kynna þjónustu Nýsköpunarmiðsvöðvar Íslands í fyrirlestraröð Hönnunarmiðsvöðvar Listasafns Reykjavíkur og Listaháskóla Íslands. Kynningin fer fram í Hafnarhúsi og er aðgangur ókeypis.

### Tónlist

**21.00** **Magni Ásgeirsson** ásamt hljómsveitinni Killer Queen flytja öll bestu lög Queen á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000.

**22.00** Prinspóló heldur tónleika á Faktorý. Loji hitar upp með söngvum og gamanmáli. Miðaverð er kr. 1.000. Tónleikarnir eru upphaf tónleikaferðar hljómsveitarinnar til Noregs, Sviss og Belgíu.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



### Fyrirlestrar

**17.15** Erindaröð um ábyrgð hefst í Bókasafni Kópavogs, Hamraborg 6a. Gunnar Hersveinn flytur erindi og á eftir verða umræður. Allir velkomnir og ókeypis aðgangur.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Fólk og hið manngerða landslag

„Myndefni bókarinnar er fólk og hið manngerða landslag borgarinnar,“ segir Davíð Þorsteinsson eðlisfræðikennari sem í dag fagnar útgáfu ljósmyndabókar sinnar í Bókabúð Máls og menningar milli klukkan 17 og 18.



Bókin ber nafnið Óður. Myndirnar í henni eru svarthvítar, 168 að tölu og allar teknar hérlendis á árunum 1983 til 1997. Margar þeirra á götum gamla miðbæjarins, aðrar í friðsæld kaffihúsa og á listsýningum; enn aðrar á verkstæðum iðnaðarmanna, á tónleikum og víðar. Sumar úti á landi.

„Fólkið á síðum Óðar er margs konar,“ segir Davíð. „Þar eru listamenn og skáld, sjómenn og kennarar; drottningar, bændur og bílvirkjar. Sumt er víðfrægt en annað flestum ókunnugt.“ - gun




# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 70% | 57,5% | Fréttablaðið | 73,0% | 59,4% |
| Morgunblaðið | 25% | 26,8% | Morgunblaðið | 32,1% | 33,1% |
| DV | 13,1% | 11,6% | DV | 13,3% | 12,2% |
| Fréttatíminn | 48,4% | 35,9% | Fréttatíminn | 54,8% | 40,8% |
| Finnur.is | 30,2% | 22,6% | Finnur.is | 38,8% | 29,5% |
| Monitor | 25,3% | 22,5% | Monitor | 25,5% | 23,7% |
| Viðskiptablaðið | 7,6% | 7,6% | Viðskiptablaðið | 10,2% | 9,1% |

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.** Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.




**Allt sem þú þarft...**





> Í SPILARANUM

**The Ting Tings** – Sounds From Nowheresville
Lambchop – Mr. M
Die Antwoord – Tension
**Leonard Cohen** – Old Ideas

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Þrjár plötur á leiðinni

Damon Albarn situr ekki með hendur í skauti því í þessum mánuði lýkur hann upptökum á þremur plötum.

Sú fyrsta er með hljómsveitinni Rocket Juice & the Moon sem hann skipar ásamt Flea úr Red Hot Chili Peppers og trommuleikaranum Tony Allen sem spilaði í Hörpunni í fyrra. Albarn er einnig að aðstoða við að semja og taka upp plötu með sálargoðsögninni Bobby Womack, auk þess sem hann ætlar að gefa út tónlist sem hann samdi við óperuna sína Doctor Dee: An English Opera, sem fjallar um lækni og ráðgjafa Elísabetar I, Englandsdrottningar. Allar plöturnar eru væntanlegar á næstu tveimur til þremur mánuðum.

Fleiri verkefni eru í pípunum hjá Albarn, þar á meðal fyrsta sólóplatan, nýtt efni frá Gorillaz og hugsanlega fyrsta plata Blur í níu ár en hljómsveitin spilar á Brit-hátíðinni í næstu viku.



**NÓG AÐ GERA** Damon Albarn hefur í nógu að snúast.




> PLATA VIKUNNAR

Helgi Júlíus - Kominn heim
★★★★
„Frábær plata sem sýnir að Helgi Júlíus er mjög liðtækur laga- og textasmiður.“ -TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Hæfileikar til spillis*

„Ein persóna deyr, milljónir gráta. Milljón deyja, enginn grætur,“ Svona hljómar yfirskrift myndar sem gengur á netinu. Undir fyrri setningunni er mynd af Whitney Houston, en þeirri seinni, hungursneyð í Afríku. Ja, svona er þetta bara. Lífið er ekki sanngjarnt.



Þó að Whitney Houston hafi ekki átt metsölulag í mörg ár þá hefur dauði hennar snert milljónir. Eins og Michael Jackson, var Whitney andlit sem allir þekktu og átti mörg lög sem slógu í gegn út um allan heim.

Whitney var fædd 9. ágúst 1963. Hún var umkringd söngkonum frá fyrsta degi. Hún var dóttir söngkonunnar Cissy Houston og umgekkst náfrænku sína Dionne Warwick mikið, auk þess sem sjálf Aretha Franklin var guðmóðir hennar. Whitney byrjaði að syngja gospel í hvítasunnukirkjunni heima í New Jersey ellefu ára og mamma hennar tók hana í söngkennslu á unglingsárunum. Þegar hún var 19 ára gerði Clive Davis hjá Arista samning við hana og þremur árum seinna var hún orðin ofurstjarna. Fyrsta platan hennar, samnefnd henni, er ein mest selda sólóplata söngkonu í sögunni og 22ja ára gömul var Whitney búin að koma þremur smáskífum á topp Billboardlistans. Þegar á leið fækkaði smellunum og fíkniefnaneyslan, sem varð vandamál eftir að hún giftist Bobby Brown í júlí 1992, tók æ stærri toll.

Whitney sýndi það í lögum eins og Greatest Love of All og I Will Always Love You að hún var mögnuð söngkona og þó að fæstar platna hennar teljist til meistaraverka poppsögunnar, þá var hún dáð og dýrkuð og hafði gríðarleg áhrif á yngri kynslóðir söngkvenna.

Nú er Whitney farin, blessuð sé minning hennar, og verksmiðjur í öllum heimshlutum farnar að framleiða plöturnar hennar til þess að anna eftirspurninni. Þegar þetta er skrifað eru t.d. 27 lög með henni á leið inn á breska smáskífulistann.


GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

## OPIÐ HÚS á Gigtarmiðstöðinni Ármúla 5
**Laugardaginn 18. febrúar milli kl. 13 og 16.**

Gigtarfélag Íslands býður fólki að koma á OPIÐ HÚS á Gigtarmiðstöðinni að Ármúla 5, laugardaginn 18. febrúar milli kl. 13 og 16.

Dagskrá:

**1. Ávörp og fyrirlestrar**
13:00 Einar S Ingólfsson formaður GÍ opnar húsið.
Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra ávarpar gesti.
13:15 Fyrirlestur um Gjörhygli „mindfulness“;
Bridget Ýr McEvoy verkefnastjóri hjúkrunar við heilsustofnunina í Hveragerði flytur.
13:45 Kynning á Tai Chi - vinnusmiðja; Anna Kristín Kristjánsdóttir sjúkraþjálfari flytur.

**2. Kynning á starfi Gigtarmiðstöðvarinnar, vörukynningar fyrirtækja og kaffi á könnunni.**

14:20 Kynnt verður sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, áhugahópar félagsins, hópþjálfun fótaaðgerðir, Gigtarlínan, fræðsla og ráðgjöf.

**Vörukynningar:** Eirberg, Iljaskinn, Lífsorka, Lýsi, Portfarma, Stoð, Varmahlífar Volcano Iceland, Öryggismiðstöðin og Össur.

**Allir eru velkomnir.**




**NÝ PLATA** Hljómsveitin Sleigh Bells gefur í næstu viku út plötuna Reign of Terror.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Eins og falleg haglabyssa

**Önnur plata bandaríska dúósins Sleigh Bells kemur út eftir helgi. Einstakur hljómurinn hefur vakið athygli víða um heim.**

Sleigh Bells er samstarfsverkefni Dereks E. Millers og söngkonunnar Alexis Krauss. Þau hittust í New York árið 2008 þegar Miller var að þjóna Krauss og móður hennar til borðs á brasilískum veitingastað. Þegar Miller minntist á að hann væri að leita að söngkonu í nýja hljómsveit stakk móðir Krauss umsvifalaust upp á dóttur sinni.

Hinn einstaki hljómur Sleigh Bells þar sem blandað er saman hávaðarokki og poppi á rætur að rekja til ólíks tónlistarbakgrunns þeirra Millers og Krauss. Miller var áður gítarleikari í harðkjarnasveitinni Poison the Well og Krauss var meðlimur unglingapoppsveitarinnar RubyBlue. Samvinna þeirra er því óvenjuleg en gengur einhverra hluta vegna alveg fullkomlega upp.

Sleigh Bells vakti hægt og bítandi athygli í tónlistarbransanum og vorið 2010 skrifaði hljómsveitin undir útgáfusamning við N.E.E.T. sem er í eigu tónlistarkonunnar M.I.A. Fyrsta platan, Treats, kom út skömmu síðar og vakti mikla athygli. Ekki skemmdi fyrir kraftmikil frammistaða Millers og Krauss á tónleikum. Öflugur trommutakturinn, bjagaður gítarleikurinn og hljóðgervlapoppið féll vel í kramið hjá gagnrýnendum og almenningi. Falleg rödd Krauss sveif svo yfir öllu saman þannig að úr varð grípandi tónlistarbræðingur.

Önnur plata Sleigh Bells, Reign of Terror, kemur út eftir helgi. Í þetta sinn störfuðu Miller og Krauss að henni í sameiningu en Miller sá algjörlega um lagasmíðarnar á Treats, enda hafði hann ekki hitt Krauss þegar þau lög voru samin.

Gítarleikurinn er meira áberandi en áður og platan er þung og yfirgripsmikil, samkvæmt fréttatilkynningu sveitarinnar. Þar segir að hljómurinn sé eins og í „fallegri haglabyssu sem hleypt er af í hausinn á manni“.

Sleigh Bells fylgir Reign of Terror eftir með tónleikaferð sem hófst á þriðjudaginn í Flórída en lýkur í Washington 27. mars. Tónleikarnir verða fimmtán í heildina, þar á meðal fimm á Bretlandseyjum. Einnig má búast við að sveitin trylli lýðinn á hinum ýmsu tónlistarhátíðum í sumar.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 9. febrúar - 15. febrúar 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters And Men | Lakehouse |
| ▶ | 2 | The Black Keys | *Lonely Boy* |
| ▶ | 3 | Retro Stefson | *Qween* |
| ▶ | 4 | Lana Del Ray | *Born To Die* |
| ▶ | 5 | Goyte / Kimbra | *Somebody I Used To Know* |
| ▶ | 6 | Lana Del Ray | *Video Games* |
| ▶ | 7 | Hjálmar | *Borð fyrir tvo* |
| ▶ | 8 | Foster The People | *Call It What You Want* |
| ▲ | 9 | Valdimar Guðm. / Helgi Júlíus | *Stöndum saman* |
| ▲ | 10 | Jason Derulo | *Fight For You* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 9. febrúar- 15. febrúar 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| * | 1 | Ýmsir | *Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012* |
| ▼ | 2 | Mugison | *Haglél* |
| ▶ | 3 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▼ | 4 | Valgeir Guðjónsson | *Spilaðu lag fyrir mig* |
| ▲ | 5 | Ýmsir | *Einu sinni var / Út um græna grundu* |
| ▲ | 6 | Leonard Cohen | *Old Ideas* |
| ▶ | 7 | Sólstafir | *Svartir sandar* |
| * | 8 | Paul McCartney | *Kisses On The Bottom* |
| ▼ | 9 | Adele | *21* |
| ▼ | 10 | Sigurður Guðm. og Sigríður Thorl. | *Ásamt Sinfó* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

# SJÁÐU VOLVO XC

**Opið í dag 9-17**
**Bíldshöfða 6**

Volvo XC sameinar tvo heima. Veröld náttúrunnar og klið borgarinnar. Sérhver Volvo XC er hannaður fyrir aðstæður sem skilyrða líf fólks á norðlægum slóðum.

Aðstæður sem krefjast ökutækis sem er lipurt í borgarumferð og áreiðanlegt og öruggt við erfiðar aðstæður utan borgarmarka. Hver einasti Volvo XC er hannaður fyrir íbúa þessara svæða þar sem öryggi, vellíðan og yfirvegun eru orð sem eru lýsandi fyrir tilfinningar ökumanns og farþega.

Þetta er bíllinn sem sniðinn er að þínum þörfum, bíllinn sem skilgreinir þig ... og segir þér hver þú ert! Öryggi er lúxus. Lifðu í lúxus.

Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.





## Volvo XC90 AWD

D5, 2.4 Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 200 hö, tog 420 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 6,8 l/100 km. $CO_2$ 219 g/km.
Verð frá kr. 10.990 þús.




## Volvo XC70 AWD

D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,7 l/100 km. $CO_2$ 179 g/km.
Verð frá kr. 9.090 þús.



## Volvo XC60 AWD

D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,6 l/100 km. $CO_2$ 179 g/km.
Verð frá kr. 8.890 þús.

**VOLVO SEGIR ÞÉR HVER ÞÚ ERT OG HVAÐ ÞÚ GETUR**

**Komdu í Brimborg Bíldshöfða 6.**
**Opið í dag 9-17.**

Brimborg | Bíldshöfða 6 | Sími 515 7000 | volvo.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndum í auglýsingu.

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!




## Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

SALTKJÖT OG BAUNIR ...

# SPRENGIDAGUR

17% afsláttur

Ódýrt!

1. flokkur

1166 kr. kg
Goða saltkjöt, blandaðir bitar

448 kr. kg
Krónu saltkjöt

989 kr. kg
Verð áður ~~1493~~ kr. kg
Krónu saltkjöt, 1. flokkur

198 kr. pk.
Jack Rabbit gular baunir, 454 g

1899 kr. kg
Goða saltkjöt, sérvalið

159 kr. stk.
Skyr.is drykkur, 2 teg.

589 kr. pk.
Nestlé Fitness, 625 g

209 kr. pk.
Haust hafrakex, 225 g

2499 kr. pk.
Neutral þvottaefni, 8 kg

1 lítri

396 kr. stk.
Neutral mýkingarefni, 1 l

1 lítri

699 kr. stk.
Neutral sturtusápa, 1 l

KÍKTU Á kronan.is
– meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Fimm myndir frumsýndar í kvikmyndahúsum

Fimm kvikmyndir verða frumsýndar í bíóhúsunum á morgun.

Stórmyndin Extremely Loud and Incredibly Close er mjög umtöluð í Bandaríkjunum og þykir ein allra besta mynd ársins.

Grínhasarmyndin This Means War fjallar um unga konu sem kemst í samband við tvo efnilega menn í gegnum netið. Í ljós kemur að þeir eru ekki bara bestu vinir heldur einnig þaulþjálfaðir leyniþjónustumenn. Reese Witherspoon, Chris Pine og Tom Hardy fara með aðalhlutverk í myndinni.

Olivia Newton-John, Xavier Samuel og Rebel Wilson leika aðalhlutverkin í myndinni A Few Best Men, sem hefur hlotið mikið lof sem ein besta grínmynd síðustu ára. Þrír vinir ferðast til Ástralíu til að vera viðstaddir brúðkaup annars vinar síns og koma svo sannarlega til með að setja mark sitt á brúðkaupið.

Act of Valor er mögnuð spennumynd sem fjallar um stríðið gegn hryðjuverkum. Sérsveit Bandaríkjahers er send á vettvang eftir að upp kemst um hryðjuverkasamsæri og út brýst mikill skotbardagi sem mun hafa miklar og alvarlegar afleiðingar.

Að lokum er það Disney-teiknimyndin um Fríðu og dýrið, eða Beauty and the Beast, sem kemur svo aftur í bíó um helgina.



**FLÆKIR MÁLIN** Reese Witherspoon bræðir hjörtu tveggja vina og samstarfsfélaga úr leyniþjónustunni í myndinni This Means War.




## KVIKMYNDARÝNI

★★★★☆
**SHAME**
Hugrökk mynd sem gleymist ekki í bráð.



★★★★☆
**HUGO**
Heillandi mynd fyrir börn og barnalegt fólk á öllum aldri. Ég skal glaður setja sjálfan mig í síðari flokkinn.

★★☆☆☆
**A DANGEROUS METHOD**
Sæmileg mynd frá leikstjóra sem hefur þó oft gert betur.

★★★★☆
**CHRONICLE**
Fínasta skemmtun en við sjóndeildarhringinn sé ég flóðbylgju af ömurlegum framhaldsmyndum.

★★☆☆☆
**WAR HORSE**
Kvikmyndir fyrir börn eru af hinu góða en barnaleg kvikmyndagerð er það ekki. War Horse er snotur en alveg innantóm.

★★★★☆
**CONTRABAND**
Coco hafði rétt fyrir sér. Contraband er þrælfín. - hva

## Fríða og dýrið

**Leikkonan Emma Watson fer með aðalhlutverkið í endurgerð á teiknimyndinni Beauty and the Beast ef marka má nýjustu fréttir frá Hollywood. Það er leikstjórinn Guillermo del Toro sem skipuleggur endurgerðina ásamt framleiðanda myndarinnar Crazy, Stupid, Love, Denise Di Novi. Enn eru öll smáatriði á huldu varðandi myndina en líklegt þykir að hún fari í tökur síðar árinu.**



**FRÍÐA** Emma Watson verður eflaust góð Fríða, enda jafn fríð og hún er hæfileikarík.



**Í HÆTTU STÖDD** Söngkonan Shakira var í hættu stödd í Suður-Afríku.

# Sæljón vildi bíta Shakiru

**Hurð skall nærri hælum þegar sæljón reyndi að bíta söngkonuna Shakiru í Höfðaborg í Suður-Afríku. Hún var í fríi niðri á strönd þegar hún sá nokkur sæljón og ákvað að komast nálægt þeim og smella af þeim myndum.**

**„Eitt þeirra stökk upp úr vatninu mjög hratt og stóð hálfan metra frá mér, horfði í augun á mér, öskraði og reyndi að bíta mig," sagði Shakira, sem lamaðist af ótta. Bróðir hennar Tony brást snöggt við og dró hana í burtu á síðustu stundu.**



**Í FORMI** Naomie Harris reynir að halda sér í góðu formi fyrir áhættuatriðin.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Æfir vel fyrir áhættuatriði

**Naomie Harris, sem leikur Bond-stúlkuna Eve í Skyfall, hefur lagt mjög hart að sér til að komast í form fyrir áhættuatriði myndarinnar. „Ég er að reyna að leika í öllum áhættuatriðunum sjálf. Ég hef hingað til leikið í þeim öllum. Eftir tvær vikur verður stórt áhættuatriði, þannig að ég veit ekki alveg hvort ég næ að leika í því," sagði hin 35 ára Harris.**

**Daniel Craig, sem leikur 007, hefur einnig lagt hart að sér og æft í tvo tíma á dag eftir allt að fjórtán klukkustunda tökur. „Hann er alltaf í frábæru skapi og heldur andrúmsloftinu léttu," sagði Naomie um Craig.**


IMAGE FUDGE **Þú kemst fljótt að!**

...en þú getur líka pantað tíma

FUDGE IMAGE

**Rakarastofan Klapparstíg**

**S: 551 3010**

Opið laugard. kl. 10-14


# Melódísk og tregafull

Tónlist ★★★★☆

**Low Roar**

Low Roar

Low Roar er listamannsnafn Ryans Karazija frá Kaliforníu. Ryan var áður meðlimur í hljómsveitinni Audrye Sessions sem gaf út samnefnda plötu árið 2009. Í dag er Ryan hins vegar búinn að vera búsettur á Íslandi í tvö ár og er giftur íslenskri konu. Hann vann Low Roar-plötuna bæði í Reykjavík og Los Angeles en bandaríska plötuútgáfan Tonequake Records gaf hana út í nóvember síðastliðnum. Ryan semur lög og texta, syngur og spilar á flest hljóðfærin, en á meðal aðstoðarhljóðfæraleikara eru tveir Íslendingar.

Tónlistin á plötunni er melódískt og tregafullt indípopp. Þó að Ryan nái að skapa mjög sterka stemningu í tónlistinni þá er undirspilið oftast frekar naumhyggjulegt. Söngurinn er fullur af tilfinningu en söngstíl Ryans hefur, réttilega, oft verið líkt við Thom Yorke, söngvara Radiohead. Low Roar er svolítið seintekin plata, en eftir nokkrar umferðir í spilaranum nær hún valdi á hlustandanum. Hljómurinn er mjög flottur. Hún hefur sterka heildarmynd og er öll góð, en samt hafa lögin flest sín sérkenni. Þetta er hæggeng tónlist en áhrifarík.

Ryan er góður lagasmiður og eins og áður segir eru öll lögin góð og þess vegna erfitt að taka einstök lög út úr, en ég nefni samt þrjú. Patience einkennist af mjög flottum strengjaundirleik, Friends Make Garbage (Good Friends Take It Out) er svolítið léttara heldur en afgangurinn af plötunni, væntanlega fyrsta lag í útvarpsspilun og Help Me er almagnað – hægt og melankólískt.



Á heildina litið er Low Roar frábær plata frá listamanni sem spennandi verður að fylgjast með í framtíðinni.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Kaliforníumaðurinn og Reykvíkingurinn Ryan Karazija með firnasterka frumsmíð.





**KOMA Í VEG FYRIR TÚRVERKI** Nú hafa rannsóknarmenn við Sahlgrenska-sjúkrahúsið í Svíþjóð sannað að notkun getnaðarvarnarpillunnar kemur í veg fyrir túrverki. Sama rannsókn sýnir einnig að yngri konur fá frekar túrverki en þær eldri.

## Sleppa úr máltíðum

**MATUR** Einn af hverjum sjö unglingum í Bretlandi sleppir hádegismat á hverjum degi, og einn af hverjum fimm sleppir morgunmat. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem gerð var af sérstöku ráði sem skoðar heilsumál í skólum þar í landi.

Lagðar voru spurningar fyrir 83.000 unglinga á aldrinum 10 til 15 ára og voru elstu stelpurnar í hópnum líklegastar til að sleppa úr báðum mátíðunum.

Talið að tíðni þeirra sem sleppa hádegismat hafi tvöfaldast á síðustu 25 árum. Það þykir afar slæm þróun sem líklegast tengist síaukinni pressu á að halda sér grönnum.



**VODKINN HJÁLPAÐI** Áfengið hjálpaði til við lausn þrautarinnar.

## Vodki leysti þrautina

**VÍSINDI** Karlmenn sem finna á sér eftir að hafa drukkið vodka eiga auðveldara með að leysa orðaþrautir en þeir sem ekki hafa drukkið. Þetta eru niðurstöður könnunar sem var gerð af útskriftarnemum við háskólann í Illinois í Chicago.

Tuttugu drykkjumenn fengu sér nokkra vodkadrykki, þannig að þeir fundu á sér, og þurftu svo að taka þátt í orðaþraut. Þeir áttu auðveldara með að leysa úr þrautinni en þeir sem ekki drukku, samkvæmt niðurstöðum sem voru birtar í tímaritinu Consciousness and Cognition.

# Sársauki nálarinnar venst seint

**Húðflúr eru ávanabindandi viðurkennir Fríða Rakel sem er að þekja á sér bakið með japanskri mynd en það er Jón Þór Ísberg sem á heiðurinn af verkinu. Hann vill meina að húðflúr séu að verða stærri og litríkari.**

**HÚÐFLÚR** „Ég get alveg viðurkennt að þetta er ávanabindandi," segir háskólaneminn Fríða Rakel Kaaber en hún hefur verið að vinna í að láta þekja á sér bakið með japanskri mynd síðan árið 2006.

Fríða Rakel fékk sér fyrsta húðflúrið þegar hún var 18 ára gömul og sá alltaf mikið eftir því. „Ég elti tískubylgjur þess tíma og fékk mér tákn á mjóbakið. Illa ígrunduð ákvörðun hjá mér og mig langaði að reyna að fela það," segir Fríða sem í kjölfarið fór að skoða myndir og tákn á netinu.

Myndin sem varð fyrir valinu er af japönsku kirsuberjatré með páfugli í bakgrunninn, en myndin nær yfir allt bak hennar. „Kirsuberjatréð táknar lífið í heild sinni. Blómin sem vaxa á þessum trjám blómstra og deyja fljótt og það minnir mann á að lífið er stutt og því um að gera að njóta þess," segir Fríða en listaverkið hefur tekið sinn tíma og er ekki enn tilbúið.

Fríða segist ekki þora að reikna út hvað húðflúrið hefur kostað hana en viðurkennir að það séu nokkrir hundrað þúsund kallar á bak við verkið. Henni finnst það samt ekki hár verðmiði fyrir eitthvað sem endist ævilangt.

„Það er eitthvað við það að fá sér húðflúr. Að undirbúa sig andlega og líkamlega fyrir hvern tíma, ná að kyngja sársaukanum og loks spennufallið þegar það er búið. Manni líður eins og maður hafi afrekað eitthvað," segir Fríða en þrátt fyrir að vera orðin ansi vön nálinni viðurkennir hún að sársaukinn venjist seint. „Nei, þetta er misvont en alltaf vont."

alfrun@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### HÚÐFLÚRIN AÐ VERÐA STÆRRI OG LITRÍKARI

„Ég vill nú ekki beint tala um tísku í húðflúrum en frekar hæðir og lægðir," segir **Jón Þór Ísberg húðflúrsmeistari** og sá sem á heiðurinn af listaverkinu á baki **Fríðu Rakelar.**

Jón Þór hefur unnið sem húðflúrari í 14 ár og man því tímana tvenna í bransanum. Hann segir að mikill uppgangur hafi verið í húðflúrum síðasta áratuginn enda séu þau nú loksins félagslega samþykkt. Myndirnar eru orðnar stærri og litaglaðari.

„Ég held að það sé óhætt að segja að bless við tríbal tattúið í bili. Í staðinn er fólk að fá sér ættbálka-og japönsk munstur," segir Jón Þór sem er hrifinn af þessari þróun.

„Hér á Íslandi þora strákarnir meira og eru gjarnari á að fá sér heilar myndir yfir handleggina. Stúlkurnar er varkárari en annars er allur gangur á þessu."

Aðspurður hvort hann hafi einhvern tímann fengið manneskju í stólinn sem hefur séð eftir húðflúrinu svarar Jón Þór játandi. „Það er helst þegar fólk lætur flúra á sig nöfn, kannski ástfangið upp fyrir haus og ég skil það vel. En stundum þarf ég að tala fólk ofan af hugmyndum sínum, sérstaklega þegar um er að ræða sýnilega staði eins og háls og handarbök. Þá segi ég einfaldlega nei enda ber ég líka ábyrgð."




Var að koma af Steina, Pésa og gaur á trommu í Gamla bíói... Hlátur, snilld og hamingja.
Hödd Vilhjálmsdóttir – Fréttakona á Stöð 2
Grenjaði úr hlátri á uppistandinu :) Steini og Pési eru snillingar!!!!
Þórhallur Þórhallsson – grínisti
Ég hló allan tímann!
Helga Braga – leikkona
Þú færð magavöðva af hlátri.
Steindi – grínisti
STEINI / PÉSI
& GAUR Á TROMMU
MIÐAVERÐ FRÁ 1.900.- kr
FÖSTUDAGUR 16.MARS 22:30
Ég hef ekki grenjað svona mikið úr hlátri eins og í kvöld, síðan ég var unglingur og fékk krampahlátursкast í kirkju þegar Berglind fimm ára frænka mín kveikti í hárinu á konunni sem sat á bekknum fyrir framan okkur!!! Í kvöld trylltist ég úr hlátri á uppistandinu með Steina Guðmunds og Pétri Jóhanni!!!!!!
Edda Björgvinsdóttir – leikkona
GAMLA BÍÓ LEIKHÚS
Miðasala á gamlabio.is og midi.is. Símanúmer í miðasölu 563 4000.
Miðasala Gamla Bíós er opin frá 14-18 alla daga.




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| HUGO Með texta | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 10 |
| HUGO Luxus VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| HUGO Ótextuð | kl. 8 - 10:40 | 3D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:30 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| HUGO textalaus í 3D | kl. 8 | 3D | 10 |
| WAR HORSE | kl. 8 | 2D | 12 |




SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| HUGO | kl. 5:20 - 8 | 2D | 12 |
| HUGO ÓTEXTUÐ | kl. 10:40 | 3D | 12 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 5:40 - 8 | 2D | 12 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| WAR HORSE | kl. 10:20 | 2D | L |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensk tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| UNDERWORLD: AWAKENING | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHAME | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| WAR HORSE | kl. 8 | 2D | 12 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 10:50 | 2D | 12 |
| J. EDGAR | kl. 8 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:45 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| HUGO MEÐ TEXTA | kl. 5:30 | 2D | 10 |
| SAFE HOUSE | kl. 10:30 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| 50/50 | kl. 8 | 2D | 12 |

Kynntu þér BÍÓ KORTIÐ á SAMbio.is



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SAFE HOUSE | 5.45, 8, 10.20 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | 6 - ISL TAL |
| CHRONICLE | 8 |
| THE GREY | 8, 10.20 |
| CONTRABAND | 10 |
| THE IRON LADY | 5.50 |






SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SAFE HOUSE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SAFE HOUSE LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.30 | L |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10.45 | 10 |
| CHRONICLE | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE GREY | KL. 10.30 | 16 |
| CONTRABAND | KL. 5.30 - 8 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SAFE HOUSE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 6 - 9 | 10 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SAFE HOUSE | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.40 | 10 |
| CHRONICLE | KL. 8 | 12 |
| CONTRABAND | KL. 6 | 16 |
| THE GREY | KL. 10 | 16 |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio


NORDICPHOTOS/AFP





## VINSÆLT ANDLIT

Kolfinna Kristófersdóttir leit vel út á tískupallinum hjá undirlínunni Marc by Marc Jacobs en fyrirsætunni var sýnt það traust að loka sýningunni með því að ganga síðust fram á tískupallinn en það þykir mikill heiður. Marc Jacobs fékk misjöfn viðbrögð gagnrýnenda við haustlínu sinni.

# Kolfinna lokaði sýningu Marc Jacobs í New York

Það er óhætt að segja að fyrirsætan Kolfinna Kristófersdóttir sé að gera það gott í tískuheiminum um þessar mundir. Hún hefur verið í miklu uppáhaldi hjá hönnuðinum Alexander Wang og nú hefur sjálfur Marc Jacobs uppgötvað íslensku fyrirsætuna.

Kolfinna þrammaði tískupallana fyrir báðar fatalínur hans, Marc by Marc Jacobs og Marc Jacobs. Hún fékk að loka fyrrnefndu sýningunni en það þykir mikill heiður fyrir fyrirsætur að ganga fyrst eða síðust út á pallinn.

Tískuvikan er í fullum gangi í New York en aðalfatalína Marc Jacobs hefur hlotið misjafnar viðtökur. Það er óhætt að segja að hann hafi farið ótroðnar slóðir þegar kemur að hausttískunni í ár. Sjálfur segist hönnuðurinn hafa orðið fyrir áhrifum kvenna á borð við Önnu Piaggi og Lynn Yaeger sem báðar eru djarfar í fatavali. Vogue lofsamar línuna sem einkennist af síðum frökkum og skóm með stórum sylgjum, en tískubloggarar eru ekki eins hrifnir. **- áp**

# Mið-Ísland endurtekur leikinn

„Þetta verður snilld,“ segir Bergur Ebbi Benediktsson, meðlimur í grínhópnum Mið-Ísland.

Mið-Ísland snýr aftur á stóra svið Þjóðleikhússins annað kvöld, eftir tvær velheppnaðar og troðfullar sýningar síðasta föstudag. Stöð 2 hyggst taka upp sýninguna að þessu sinni og Bergur segir það vissulega auka pressuna. „Það er aldrei að vita nema þetta verði Youtube-efni eftir 30 ár. Þannig að maður hefur áhyggjur af húðinni og hárinu,“ segir Bergur alvarlegur. „Þetta verður bara ein sýning. Hún verður ekki endurtekin. Þetta er í beinni útsendingu að því leyti.“

Fleiri en 500 manns mættu á hvora sýningu síðasta föstudag og það stefnir í svipaða mætingu á morgun. Spurður hvort meðlimir hópsins geri eitthvað sérstakt til að líta vel út fyrir sýningu, segir Bergur að svo sé ekki. „En við fórum einu sinni í sánabað á Akureyri og það endaði með skelfingu,“ segir hann. „Ari [Eldjárn] ætlaði að kenna okkur að fara í sána, en við enduðum lamaðir.“

Miðasala á sýninguna fer fram á Miði.is. **- afb**




**HRESSIR** Strákarnir í Mið-Íslandi eru með hressari mönnum. Þeir ætla að halda þriðju sýninguna sína á stóra sviði Þjóðleikhússins annað kvöld. Á myndina vantar Halldór Halldórsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN







BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**FIMMTUDAGUR:** **A DANGEROUS METHOD 18:00, 20:00, 22:00** ■ **FRÖNSK HÁTÍÐ:** STRÍÐSYFIRLÝSING 20:00 ■ **FRÖNSK HÁTÍÐ:** *HADEWIJCH* 17:45 ■ **FRÖNSK HÁTÍÐ:** *ATHVARFIÐ* 22:00 ■ **EDDA 2012:** STUTTMYNDIR EDDU 18:00 ■ **EDDA 2012:** Á ANNAN VEG 20:00 ■ **EDDA 2012:** BORGRÍKI 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 22:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00, 20:00

ÍSL. TEXTI *ENGL. SUBT.*

**SKÓLANEMAR:** 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!



# Engin tónleikaferð

Bobby Brown, fyrrum eiginmaður hinnar sálugu Whitney Houston, hefur hætt við tónleikaferð með hljómsveit sinni New Edition til að geta verið með dóttur sinni Bobbi.

Brown spilaði með hljómsveitinni í Missouri á laugardagskvöld, nokkrum klukkustundum eftir dauða Whitney. Síðar um kvöldið fékk Bobbi taugaáfall vegna sviplegs fráfalls móður sinnar og var flutt á sjúkrahús. „Ég er mjög sorgmæddur yfir dauða fyrrverandi eiginkonu minnar, Whitney Houston. Núna óska ég eftir friði frá fjölmiðlum, sérstaklega vegna dóttur minnar Bobbi Kristina. Ég vil þakka fyrir allar samúðarkveðjurnar sem við höfum fengið á þessum erfiðu tímum," sagði Brown í yfirlýsingu sinni.



**HÆTTIR VIÐ** Bobby Brown er hættur við tónleikaferð sína með hljómsveitinni New Edition. NORDICPHOTOS/GETTY

# Verður ekki að eignast barn

Jennifer Aniston hefur enn og aftur tjáð sig um viðhorf sitt til barna. Hin 43 ára leikkonan er barnlaus og hin svokallaða líffræðilega klukka hennar því farin að tifa allsvakalega.

„Ég held kannski að almenningur vilji að ég eignist barn núna," sagði hún í viðtali við tímaritið GQ. „Ég er samt alveg róleg. Ef þetta gerist, þá gerist það. Ég hugsa ekki þannig að ég verði að eignast barn."

Orðrómur hefur verið uppi um að hún sé ófrísk eftir kærastann sinn Justin Theroux. Því vísar hún á bug. „Núna vil ég koma þessum hlutum á hreint varðandi barneignir. Ég er ekki að fara að eignast þríbura, ekki tvíbura og heldur ekki eitt barn. Ég er ekki ófrísk."

Aniston er á forsíðu tímaritsins ásamt Paul Rudd en þau leika saman í rómantísku gamanmyndinni Wanderlust. Hún er væntanleg á hvíta tjaldið í Bandaríkjunum í næstu viku.

Aniston sótti skilnað við Brad Pitt árið 2005. Hann byrjaði þá með Angelinu Jolie og saman eiga þau sex börn, þar af þrjú ættleidd.



**EKKI ÓFRÍSK** Jennifer Aniston er alveg sallaróleg yfir barneignum.

# Gifting í sumar

**Samkvæmt heimildum OK!Magazine ætla Brad Pitt og Angelina Jolie loksins að ganga í það heilaga í sumar. Heimildarmenn blaðsins ku vera nánir vinir parsins og segja leikarana vera að skipuleggja nána athöfn í franskri höll.**

**Brad Pitt hefur áður sagt að hann og Jolie ætli ekki að gifta sig fyrr en öllum verður leyfilegt að ganga í það heilaga og vísar hann þar með í hjónabönd samkynhneigðra. Parið hefur verið saman í sjö ár og eiga saman sex börn en slúðursögurnar Hollywood segja að eitt í viðbót sé á leiðinni en þær sögusagnir hafa ekki verið staðfestar.**



**HJÓNABAND** Brad Pitt og Angelina Jolie eru að undirbúa brúðkaup í Frakklandi í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dolly Parton fær stefgjöld

Búist er við því að söngkonan Dolly Parton eigi eftir að græða mikið á stefgjöldum á næstunni. Ástæðan er sú að hún samdi lagið I Will Always Love You sem hin sáluga Whitney Houston tók upp á sína arma. Lagið verður vafalítið mikið spilað í útvarpi og víðar næstu misserin enda eitt af einkennislögum Houston. I Will Always Love You var á þrettándu sólóplötu Parton, Joleen, sem kom út 1974. Lagið náði tvívegis toppnum á sveitasöngvalista Billboard. Átján árum síðar söng Houston lagið og gerði það ódauðlegt.



**HÁ STEFGJÖLD** Dolly Parton mun vafalítið græða mikið á næstunni.




# sport

sport@frettabladid.is



**FRAM OG HAUKAR** hita upp fyrir komandi bikarúrslitaleik liðanna þegar þau mætast í Framhúsinu klukkan 19.30 í kvöld í 15. umferð N1 deildar karla í handbolta. Haukar voru einmitt síðasta liðið til að vinna Fram í Safamýrinni í leik liðanna í nóvember en Hafnarfjarðarliðið er enn á toppnum þrátt fyrir tvö deildartöp í röð. Þrír aðrir leikir fara fram í kvöld. Grótta fær Akureyri í heimsókn klukkan 18.30 og klukkan 19.30 mætast FH - Afturelding og HK - Valur.

## ÚRSLIT Í GÆR

*Meistaradeildin í fótb. í gær*

**16 LIÐA ÚRSLIT - FYRRI LEIKUR**

**Zenit St Pétersborg - Benfica 3-2**
0-1 Maxi Pereira (20.), 1-1 Roman Shirokov (27.), 2-1 Sergey Semak (71.), 2-2 Óscar Cardozo (87.), 3-2 Roman Shirokov (88.).

**AC Milan - Arsenal 4-0**
1-0 Kevin Prince-Boateng (15.), 2-0 Robinho (38.), 3-0 Robinho (49.), 4-0 Zlatan Ibrahimovic, víti (79.)

*Danski handboltinn*

**AG Kaupmannahöfn-SönderjyskeE 29-28**
Ólafur Stefánsson skoraði 3 mörk. Snorri Steinn Guðjónsson var með 2 mörk og fékk rautt spjald í lokin fyrir að tefja. Arnór Atlason og Guðjón Valur Sigurðsson skoruðu ekki í leiknum.

*Þýski handboltinn*

**Fuchse Berlin- SC Magdeburg 24-20**
Alexander Petersson er meiddur og Björgvin Páll Gústavsson kom aðeins við sögu í einu víti.

**Bergischer HC - THW Kiel 21-34**
Rúnar Kárason 6 mörk - Aron Pálmarsson 1. Kiel er búið að vinna fyrstu 20 deildarleiki sína í vetur.

**R-Neckar Lowen - Hannover Burgdorf 35-27**
Róbert Gunnarsson 5 - Vignir Svavarsson 5, Hannes Jón Jónsson 5, Ásgeir Örn Hallgrímsson 4



**KEVIN PRINCE-BOATENG** Fagnar fyrsta marki AC Milan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meistaradeildin í gær:

## Arsenal steinlá í Mílanóborg

**FÓTBOLTI** AC Milan er komið með annan fótinn í átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í fótbolta eftir 4-0 stórsigur á Arsenal í fyrri leik liðanna í 16 liða úrslitunum í Mílanóborg í gær. Arsenal-liðið var nokkrum númerum of lítið í þessum leik og getur nú farið að einbeita sér að keppni heima fyrir.

Brasilíumaðurinn Robinho skoraði tvö marka AC Milan en þau komu bæði eftir stoðsendingar Svíans Zlatan Ibrahimovic sem síðan innsiglaði sigurinn úr vítaspyrnu í lokin. Fyrsta mark leiksins og það fallegasta skoraði hins vegar Kevin Prince-Boateng.

Þetta er stærsta tap Arsenal á útivelli í sögu liðsins í Meistaradeildinni en það má segja að vandamál liðsins í vetur hafi kristallast í þessum leik á San Siro í gær. -óój

# ENN MIKIL ÓVISSA UM ÖXLINA

**Alexander Petersson segir að axlarmeiðsli sín geri það að verkum að ómögulegt sé að segja til um hvenær hann geti spilað handbolta á nýjan leik. Hann tjáir sig um meiðslin, Ólympíuleikana í London og yfirvofandi félagaskipti frá Füchse Berlin yfir í Rhein-Neckar Löwen í ítarlegu viðtali við Fréttablaðið.**

**HANDBOLTI** Það verður mikið um að vera á árinu 2012 hjá Alexander Peterssyni. Lið hans, Füchse Berlin, er í öðru sæti þýsku úrvalsdeildarinnar og á fullu í Meistaradeildinni. Í sumar gengur hann svo til liðs við Rhein-Neckar Löwen eins og legið hefur fyrir. Þá er Ólympíuár og Ísland á fína möguleika á að komast til Lundúna.

En það sem Alexander er fyrst og fremst að hugsa um þessa dagana er að ná sér góðum af axlarmeiðslum sem hafa plagað hann í nokkurn tíma og ógna nú bæði tímabilinu í Þýskalandi og þátttöku hans í verkefnum landsliðsins.

### Læknarnir ekki allir sammála

Fréttablaðið hitti á Alexander á kaffihúsi í Berlín í gær, fyrir leik sinna manna gegn Magdeburg í þýsku úrvalsdeildinni. Alexander tók ekki þátt í leiknum en hann hefur ekkert spilað síðan Ísland mætti Slóveníu á EM í Serbíu.

„Það veit enginn hvað þetta þarf langan tíma til að jafna sig," segir Alexander sem er með sýkingu í sinum auk þess sem bein í öxlinni er óeðlilega vaxið.

„Ég hef farið til nokkurra lækna sem segja sumir að best væri að laga beinið með aðgerð en aðrir vilja gefa öxlinni tíma til að jafna sig. Læknarnir í Füchse Berlin vilja sleppa við aðgerð en þótt ég myndi fara í hana væri ekki 100 prósent öruggt að það myndi leysa vandann."

Aðgerð myndi þýða að Alexander myndi ekki spila meira á tímabilinu. En það er meira í húfi – til að mynda umspilið fyrir Ólympíuleikana og jafnvel leikarnir sjálfir ef landsliðið kemst þangað. „Ég er orðinn betri en ég var í Serbíu og ég finn ekki fyrir öxlinni í daglegum verkum. En það er í raun ómögulegt að segja hvenær ég get kastað bolta á ný. Ég reyndi það í síðustu viku en það gekk ekki vel."

### Reynir líka óhefðbundnar læknisaðferðir

Nýbúið er að senda röntgenmyndir af öxlinni bæði til lækna Flensburg, hans gamla félags, sem og Rhein-Neckar Löwen. Það er því verið að vinna í lausn vandans á mörgum vígstöðvum. Á meðan gengur Alexander til sjúkraþjálfara auk þess sem hann hefur einnig leitað til hómópata sem hefur reynst honum og öðrum íslenskum íþróttamönnum vel. Alexander er til í að reyna allt, með tilheyrandi remedíum og rafmagnsskautum.

„Fyrir nokkrum árum var ég í vandræðum með öxlina og hómópatinn komst að því að ég væri með skemmdan endajaxl. Þegar það var lagað þá lagaðist öxlin," segir hann og brosir. „Hann hefur reynst nokkrum íslenskum íþróttamönnum vel og hefur gott orð á sér."

### Romero er brandarakall

Þegar talið berst að sjálfum handboltanum segir Alexander að gengi Füchse Berlin sé merkilega gott miðað við styrk leikmannahópsins. Það eru til dæmis engar stórstjörnur í liðinu. „En það er kannski okkar besti kostur. Dagur [Sigurðsson þjálfari] hefur náð að setja saman mjög góðan hóp. Við erum með mjög góða leikmenn í öllum stöðum en samt fer enginn í fýlu af því að hann fær ekki að spila þann daginn."

Hann segir liðsheildina góða og stemninguna líka. Gott dæmi sé hvernig spænski leikstjórnandinn Iker Romero, sem Dagur fékk til liðsins í fyrra, hefur komið inn í liðið. „Mörgum þótti skrýtið að Dagur skuli hafa fengið hann því hann hefur verið mikið meiddur. Hann hefur samt komið inn í leiki og reynst okkur vel. Þess fyrir utan er hann afar skemmtilegur og þó svo að hann tali í raun litla þýsku eða ensku kemur hann öllum til að hlæja með lélegum fimmaurabröndurum með sínu hrognamáli. Hann leggur því sitt af mörkum þar líka."

### Spennandi tímar hjá Löwen

Í sumar gengur Alexander svo til liðs við Rhein-Neckar Löwen og er spenntur fyrir því verkefni. Hann lýsti því í viðtali við Fréttablaðið fyrir áramót að honum hugnaðist illa að flytja fjölskylduna alla á milli landshorna í Þýskalandi á meðan það væri nokkur óvissa í kringum Löwen og framtíð félagsins.

Síðustu daga og vikur hafa þó fregnir borist úr herbúðum Löwen sem Alexander líst vel á. „Það eru nokkrir leikmenn að fara frá félaginu og aðrir mjög sterkir að koma inn. Ég er spenntur fyrir því að skipta yfir í sumar. Þó svo að félagið ætli sér stóra hluti og leikmenn ætla sér að ná langt er samt búið að stilla væntingum í hóf. Ég tel afar spennandi verkefni í gangi hjá félaginu."



**Í BERLÍN Í GÆR** Alexander Petersson hefur ekkert spilað með Füchse Berlin síðan á Evrópumótinu í Serbíu í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.STEFÁN

## Dagur er ótrúlega yfirvegaður



Alexander Petersson segir það gott að spila fyrir þjálfara eins og Dag Sigurðsson hjá Füchse Berlin. „Hann er mjög góður í sínu starfi og ég á von á því að hann verði áfram í Berlín næstu 3-4 árin, þó svo að hlutirnir geti verið mjög fljótir að breytast hjá þjálfurum."

Það er fátt sem kemur Degi úr jafnvægi, þótt mikið gangi á í leikjunum. „Ég skil reyndar ekki hvernig hann fer að því að vera svona rólegur og yfirvegaður," segir Alexander og brosir. „Hann er alltaf með ákveðið plan í huga og gleymir til að mynda aldrei skiptingum. Hann er alveg með þetta," bætir hann við.

Dagur á það þó til að reiðast ef honum finnst á sér eða liði hans brotið. „Það er alveg til í honum líka en það er þá gott að vera með honum í liði."

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
skrifar frá Berlín
eirikur@frettabladid.is







**SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON** Spilar sitt tíunda tímabil í atvinnumennsku með AG næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

Snorri Steinn Guðjónsson:

# Nýr samningur og skrýtið hár

**HANDBOLTI** Snorri Steinn Guðjónsson framlengdi samning sinn við danska stórliðið AG Kaupmannahöfn um eitt ár í gær og tíunda tímabil hans í atvinnumennsku verður því með AGK 2012-13. Snorri Steinn er á sínu öðru tímabili með liðinu og hefur þegar unnið þrjá stóra titla með liðinu.

Snorri Steinn er 30 ára leikstjórnandi sem hefur verið atvinnumaður síðan að hann yfirgaf Val árið 2003. Hann hefur síðan þá spilað með liðum í bæði Þýskalandi (TV Großwallstadt, GWD Minden og Rhein-Neckar Löwen) og Danmörku (GOG Svendborg og AGK).

Ekstra Bladet í Danmörku sagði frá því í gær að Snorri Steinn og Guðjón Valur Sigurðsson hafi tapað veðmáli innan liðsins og þurfi því að spila næstu tvo leiki með AG Kaupmannahöfn með skrautlega hárgreiðslu. Snorri Steinn verður með hanakamb en Guðjón Valur með litað hár. - óój



**BJARNI FRITZSON** Skoraði 63 mörk í sjö leikjum í öðrum hluta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verðlaun í N1-deild karla:

# Bjarni og Atli valdir bestir

**HANDBOLTI** Akureyringurinn Bjarni Fritzson var valinn besti leikmaður annars hluta N1-deildar karla í gær en þar er verið að tala um 8. til 14. umferð.

Þjálfari hans, Atli Hilmarsson, var valinn besti þjálfarinn og Akureyri fékk einnig verðlaun fyrir bestu umgjörðina.

Bjarni skoraði 63 mörk í sjö leikjum Akureyrar í 8. til 14. umferð eða 9 mörk að meðaltali í leik en Akureyrarliðið náði í 11 af 14 stigum í boði í þessum leikjum. Tímabilið byrjaði illa hjá Akureyringum en Atli Hilmarsson hefur náð að rífa sitt lið upp. - óój

**Verðlaun fyrir 8. til 14. umf.**

**Úrvalsliðið:**

| | |
|---|---|
| **Markvörður:** | Daníel Freyr Andrésson, FH |
| **Vinstra horn:** | Freyr Brynjarsson, Haukar |
| **Vinstri skytta:** | Anton Rúnarsson, Valur |
| **Miðjumaður:** | Ólafur Bjarki Ragnarsson, HK |
| **Hægri skytta:** | Örn Ingi Bjarkason, FH |
| **Hægra horn:** | Bjarni Fritzson, FH |
| **Línumaður:** | Atli Ævar Ingólfsson, HK |

**Besti leikmaður:** Bjarni Fritzson, Akureyri
**Besti varnarmaður:** Vilhelm Gauti Bergsveinsson, HK
**Besti þjálfarinn:** Atli Hilmarsson, Akureyri
**Besta umgjörð:** Akureyri
**Bestu dómarar:** Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson.

Fyrri leikirnir í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar fara fram í kvöld og Manchester-liðinu eru bæði á útivelli:

# Bæði Manchester-liðin í sviðsljósinu í kvöld

**FÓTBOLTI** Manchester-liðin United og City hafa verið í nokkrum sérflokki í ensku úrvalsdeildinni í vetur en slakt gengi í Meistaradeildinni þýddi að báðum liðunum mistókst að komast í sextán liða úrslitin.

Þess í stað taka þau þátt í Evrópudeildinni og það er óhætt að segja að tvö bestu lið enska boltans dragi sviðsljósið að Evrópudeildinni þegar 32 liða úrslitin hefjast í dag.

Ensku meistararnir í Manchester United eru mættir til Amsterdam í Hollandi þar sem þeir mæta Ajax klukkan 18.00 að íslenskum tíma en þetta verður fyrsti Evrópuleikur Manchester United síðan 1995 sem er ekki í Meistaradeildinni. Topplið Manchester City er komið til Portúgals þar sem liðið mætir FC Porto klukkan 20.05 í kvöld. Annar mjög athyglisverður leikur í kvöld er leikur Stoke og spænska liðsins Valencia á Britannia en hann hefst á sama tíma og City-leikurinn. Stoke-liðið hefur haft hugann við leikinn að undanförnu enda búið að tapa fjórum deildarleikjum í röð.

Kolbeinn Sigþórsson getur ekki verið með Ajax vegna meiðsla en tvö önnur Íslendingalið eru á ferðinni í kvöld. Jóhann Berg Guðmundsson og félagar í AZ Alkmaar fá Anderlecht í heimsókn klukkan 18.00 og Birkir Bjarnason og félagar í Standard Liège sækja Wisla Krakow heim til Póllands klukkan 20.05. - óój



**MARIO BALOTELLI OG WAYNE ROONEY**




> **Stöð 2 Sport kl. 17.50**
> **Evrópudeildin**

***Fjörið er hafið á ný í Evrópudeildinni og það eru tveir stórleikir á dagskrá í dag á Stöð 2 Sport. Klukkan 17.50 hefst bein útsending frá Amsterdam þar sem félagar Kolbeins Sigþórssonar í Ajax taka á móti stórliði Manchester United. Strax að þeim leik loknum, eða klukkan 19.55 verður skipt yfir til Porto þar sem heimamenn taka á móti Manchester City. Þetta eru fyrri leikir liðanna í 32-liða úrslitum.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ HLUSTAR

# *Íþróttir fyrir áhugasama og aðra*

Íþróttir eru ekki útvarpsvænt efni. Það þarf sérstaka gáfu til að lýsa kappleik í útvarpi þannig að þeir sem eru heima að mála eldhúsvegginn, prjóna sokka eða tálga mortél í jólagjöf skilji hvað er að gerast.

Ekki veit ég hvort sá siður sé enn við lýði þegar Íslandsmótið í knattspyrnu stendur yfir að útvarpið sendi lýsendur á alla leikina. Einhver, yfirleitt Bjarni Fel, sat í hljóðstofu og hringdi í þá sem voru á hinum ýmsu leikjum. Þeir duttu inn í smástund, lýstu því sem var að gerast og svo var skipt á næsta. Þetta gat orðið hvimleitt, sérstaklega þegar ekkert var að gerast á leikjum.

Þess vegna kemur Sport-rásin sterk inn. Hún er ídeal útvarpsefni fyrir þá sem hafa sæmilegan áhuga á íþróttum, en ekkert meira en það. Doddi litli fer yfir íþróttaleiki kvöldsins, þylur upp stöðuna, segir frá því sem er að gerast í deildinni og spilar lög. Doddi litli er góður útvarpsmaður. Hann er fyndinn og hefur þekkingu á því sem hann fjallar um, hvaða íþróttagrein sem um ræðir og hvort sem um karla eða konur er að ræða. Svo hefur hann fínan tónlistarsmekk.

Þess vegna er fínt að hlusta á Dodda litla á mánudögum og fimmtudögum, fræðast aðeins og hlæja. Gott stöff.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laufdalaheimilið **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **20.30** „Hann var í lífinu einn sá helsti merkismaður" **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Útvarpsperla: Yves Montand í fáum dráttum **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.31 Sögustund með Mömmu Marsibil** (29:52)
**17.42 Fæturnir á Fanneyju** (29:39)
**17.54 Grettir** (2:54)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (24:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Framandi og freistandi með Yesmine Olsson** (6:9)
**20.40 Tónspor** (4:6) Sex danshöfundar og tónskáld leiddu saman hesta sína á Listahátíð 2011. Í þessum þætti koma fram Áskell Másson tónskáld og Lára Stefánsdóttir danshöfundur.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (8:23) (Desperate Housewives VIII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (116:138) (Criminal Minds VI) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Höllin** (3:20) (Borgen) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir**
**00.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.15 Four Weddings And A Funeral**
**08.10 Who the #$&% is Jackson Pollock**
**10.00 Land of the Lost**
**12.00 Astro boy**
**14.00 Who the #$&% is Jackson Pollock**
**16.00 Land of the Lost**
**18.00 Astro boy**
**20.00 Four Weddings And A Funeral**
**22.00 The Girl Who Played With Fire**
**00.05 The Kovak Box**
**02.00 Farce of the Penguins**
**04.00 The Girl Who Played With Fire**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (104:175)
**10.15 Celebrity Apprentice** (3:11)
**11.50 White Collar**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Chestnut: Hero of Central Park** Gamanmynd um munaðarlausar systur sem finna yfirgefinn hvolp sama dag og þær eru ættleiddar. Á nýja heimilinu eru þó engir hundar leyfðir svo systurnar reyna sitt besta til að fela hvolpinn og eignast hið fullkomna fjölskyldulíf sem þeim hefur alltaf dreymt um.
**14.25 E.R.** (19:22)
**15.10 Friends** (21:24)
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (8:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (4:22)
**19.45 Til Death** (9:18)
**20.10 Hell's Kitchen** (15:15)
**20.55 Alcatraz** (2:13) Glæný spennuþáttaröð um lögreglukonu í San Francisco sem aðstoðar alríkislögregluna við að handsama hættulegustu glæpamenn Bandaríkjanna. Þeir hurfu sporlaust úr Alcatraz fyrir 50 árum. Núna snúa þeir aftur einn af öðrum og hafa ekkert breyst.
**21.40 NCIS: Los Angeles** (9:24)
**22.25 Rescue Me** (1:22) Fimmta þáttaröðin um slökkviliðsmanninn Tommy Gavin og dramatíska en þó oft á tíðum spaugilega glímu hans við lífið eftir skilnað sem og hryðjuverkaárásirnar þann 11. september 2001.
**23.10 Spaugstofan**
**23.35 The Mentalist** (8:24)
**00.20 The Kennedys** (6:8)
**01.05 Boardwalk Empire** (1:12)
**01.55 The Astronaut Farmer**
**03.35 Chestnut: Hero of Central Park**
**05.00 The Simpsons** (8:22)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin: meistaramörk**
**07.25 Meistaradeildin: meistaramörk**
**07.50 Meistaradeildin: meistaramörk**
**08.15 Meistaradeildin: meistaramörk**
**08.40 Meistaradeildin: meistaramörk**
**15.40 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur.
**17.25 Meistaradeildin: meistaramörk**
**17.50 Ajax - Man. Utd.** BEINT frá leik í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**19.55 Porto - Man. City** BEINT frá leik í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**22.00 FA Cup - Preview Show**
**22.30 Ajax - Man. Utd.** Útsending frá í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**00.15 Porto - Man. City** Útsending frá leik í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Wolves - WBA**
**18.10 Sunderland - Arsenal**
**20.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.30 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina.
**21.25 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans.
**21.55 Fulham - Stoke**
**23.45 Swansea - Norwich**

## EXTRA

**19.50 The Doctors** (50:175)
**20.30 In Treatment** (65:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 New Girl** (1:24)
**22.15 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (7:10)
**22.45 Grey's Anatomy** (14:24)
**23.30 Gossip Girl** (3:24)
**00.15 Pushing Daisies** (2:13)
**01.00 Malcolm In The Middle** (4:22)
**01.25 Til Death** (9:18)
**01.50 In Treatment** (65:78)
**02.15 The Doctors** (50:175)
**02.55 Fréttir Stöðvar 2**
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Innlit/útlit** (1:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Innlit/útlit** (1:8) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**14.10 Minute To Win It** (e)
**14.55 Eureka** (6:20) (e)
**15.45 Being Erica** (13:13) (e)
**16.30 Dynasty** (1:22) Ein þekktasta sjónvarpsþáttaröð veraldar.
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Pan Am** (13:14) (e)
**18.50 Game Tíví** (4:12)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (23:26)
**19.45 Will & Grace** (7:27) (e)
**20.10 The Office** (18:27)
**20.35 Solsidan** (2:10) Alex hefur Önnu grunaða um að hafa átt í ástarsambandi og að hún beri barn frægs leikara undir belti.
**21.00 Blue Bloods** (1:22) Vinsælir sakamálaþættir sem gerast í New York. Borgarstjórinn beitir Frank þrýstingi þegar einn af hans helstu stuðningsmönnum finnst myrtur.
**21.50 Flashpoint** (7:13) Hjón ræna banka og sérsveitin kemst að því að ástæðan fyrir ráninu er sú að þau vantar peninga fyrir son sinn sem er með hvítblæði.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 CSI: Miami** (20:22) (e)
**00.15 Jonathan Ross** (12:19) (e)
**01.05 The Good Wife** (3:22) (e)
**01.55 Blue Bloods** (1:22) (e)
**02.45 Everybody Loves Raymond** (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** AT&T Pebble Beach 2012 (4:4) **12.30** Golfing World **13.20** Golfing World **14.10** AT&T Pebble Beach 2012 (4:4) **18.40** PGA Tour - Highlights (6:45) **19.35** Inside the PGA Tour (7:45) **20.00** Northern Trust Open 2012 (1:4) **23.00** US Open 2000 - Official Film **00.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.35** 'Allo 'Allo! **08.20** New Tricks **09.10** New Tricks **10.05** Come Dine With Me **10.55** EastEnders **11.25** Top Gear **12.15** My Family **12.45** 'Allo 'Allo! **14.30** My Family **15.00** My Family **15.30** QI **16.05** QI **16.35** Top Gear **17.25** Top Gear **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **19.40** QI **20.10** Top Gear **21.00** Lee Evans. XL **21.55** Live at the Apollo **22.40** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **23.25** My Family **23.55** 'Allo 'Allo! **01.40** New Tricks **02.30** New Tricks **03.25** 'Allo 'Allo! **04.45** QI **05.45** The Weakest Link

## DR 1

**12.05** Ha' det godt **12.35** Aftenshowet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.00** Benjamin Bjørn **15.15** Timmy-tid **15.25** Den fortryllede karrusel **15.35** Peter Pedal **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Jamies mad på 30 minutter **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Sporløs **19.30** Kæft, trit og flere knus **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Mord i familien **21.45** Den sidste fjende **22.45** Maria Wern. Fremmed fugl **23.30** Lykke

## NRK 1

**11.15** Aktuelt **11.45** Oddasat - nyheter på samisk **12.00** NRK nyheter **12.05** VM snøbrett Oslo **13.30** NRK nyheter **13.35** VM snøbrett Oslo **15.30** NRK nyheter **15.35** VM snøbrett Oslo **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Team Bachstad **19.45** VM snøbrett Oslo **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Slik går no dagan **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Lilyhammer **23.30** Livets mange sider

## SVT 1

**12.20** Den sjungande trappuppgången **13.20** Bakom 30 grader i februari **13.25** Minnenas television **14.20** Strömsö **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Kvinnliga designers **15.40** Det ljuva livet i Alaska **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** Bästa frisören **22.30** Det ljuva livet i Alaska **23.20** Rapport **23.25** Uppdrag Granskning

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Vínsmakkarinn

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |







VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT3 2 SPORT4 2 SPORT5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér brauð með banana og strái hörfræjum og sólblóma-fræjum yfir. Svo fæ ég mér kakó-malt með.“*

Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir, annar eigandi Minicards.

# Ótrúleg lífsreynsla á Íslandi

Leikaraliðið úr sjónvarpsþáttunum Game of Thrones tjáir sig um veru sína á Íslandi í nýju kynningarmyndbandi um þættina sem var tekið upp meðan á tökum stóð hér á landi í fyrra.

„Þetta hefur verið ein ótrúlegasta lífsreynsla sem ég hef upplifað, algjörlega epísk,“ sagði Kit Harington, sem leikur Jon Snow. „Það hefur verið ótrúlega kalt en maður getur samt ekki verið annað en ánægður því við höfum fengið að njóta stórkostlegrar náttúrufegurðar.“

John Bradley tekur í sama streng og er ánægður með íslenska tökustaðinn. „Það hjálpar leikurunum að vera í raunverulegum kringumstæðum. Það hefði verið hægt að reyna að búa þetta umhverfi til með tölvubrellum en það er engin þörf fyrir það því hérna er allt til staðar,“ sagði Bradley og bætti við að kuldinn hafi verið svakalegur. „Ég hef ekki hugsað um annað síðan ég kom hingað.“

Leikstjórinn og meðframleiðandinn Alan Taylor segir að íslenska náttúran hafi veitt leikurunum mikinn innblástur. „Með því að koma hingað og láta sér verða kalt, falla næstum fram af klettahömrum og detta næstum ofan í sprungur hefur þessi þáttaröð orðið mun raunverulegri en ella.“

Game of Thrones 2 hefur göngu sína á HBO-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum 1. apríl. Mikil eftirvænting ríkir yfir þáttunum og hafa yfir fimm milljónir manna séð eldra kynningarmyndbandið sem birtist í lok janúar. **- fb**



**EPÍSKT** Kit Harington við tökurnar á Íslandi. Hann segir upplifunina hafa verið algjörlega epíska. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mae-Ya Sukhothai var stofnað árið 2007.
Við leggjum áherslu á bragðmikla og góða rétti á viðráðanlegu verði.
3 réttir úr hitaborðið á aðeins 1.050 kr.
MAE - YA Sukhothai
Hamraborg 11 - Kópavogi
www.thaimatur.is
Einnig getur þú skoðað okkur á www.thaimatur.is



**HJÓLIÐ HLAÐIÐ** Öllum farangri verður hlaðið á hjólið, sem Símon segir vera orðið frekar þungt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## SÍMON HALLDÓRSSON: STÍGUR FYRST Á ANNAN PEDALANN OG SVO HINN

# Hjólar frá Íslandi til Kína

„Ég reikna með að þetta taki svona tíu mánuði upp í ár,“ segir Símon Halldórsson, hjólreiðakappi, stálsmiður og vélstjóri, sem hyggst leggja í hjólreiðaferð frá Íslandi til Kína nú í lok mars.

Símon hefur að eigin sögn gengið með þennan draum í maganum í mörg ár. Undirbúningurinn er búinn að taka hann um tvö ár í það heila og enn er fjöldi lausra enda sem á eftir að hnýta.

En hvernig hjólar maður til Kína? „Þú stígur fyrst á annan pedalann og svo hinn,“ segir Gunnar og hlær. Hann segir það vera mjög mikinn misskilning að aðeins fólk í fullkomnu formi geti lagt í svona ferðir. „Maður þarf að sjálfsögðu að vera í góðu formi, og vanur því að hjóla, en oft á tíðum er þetta bara venjulegt skrifstofufólk,“ segir Símon sem þekkir engin fordæmi fyrir svona langri ferð frá Íslandi.

Símon mun hefja ferðina í Hafnarfirði. Hann tekur svo Norrænu yfir til Danmerkur, fer þaðan til Þýskalands, svo Póllands og áfram. „Samkvæmt planinu kem ég til með að fara í gegnum 21 land, sem eru auðvitað misstór,“ segir Símon. Hann verður einn á ferð, sem hann segir vera bæði jákvætt og neikvætt. „Það gefur manni mikið frelsi að vera einn, en á sama tíma geta litlir hlutir eins og að fara inn í verslun eða á klósettið orðið flóknir þar sem enginn er til að passa búnaðinn á meðan. Það hafa samt margir farið í sams konar ferðir einir, og ég þekki engin dæmi þess að fólk hafi glatað búnaðnum sínum,“ segir Símon.

Allur farangur verður í töskum á hjólinu, en hann verður með fullkominn útilegubúnað með í för og ætlar að spara pening með því að gista sem mest í tjaldi. Ferðina telur hann koma til með að kosta á milli tveggja og þriggja milljóna króna fyrir utan allan búnað. „Ég hef nú reyndar ekki tekið þetta allt saman, en ég ætla bara að láta mína peninga duga,“ segir Símon sem er enn ekki búinn að finna sér neina styrktaraðila.

Hægt verður að fylgjast með ævintýrinu á heimasíðunni fjallakall.wordpress.com.

**tinnaros@frettabladid.is**

Rýmingarsala
xelenta
Stórútsala
20-70% af ljósum
30-50% af styttum



Opnunartími
Alla virka daga 12.00-18.00
Laugardaga 12.00-16.00
Skeifan 7 - 108 Reykjavík - Sími: 5532882
www.xelenta.com - xelenta@simnet.is

# Semur fyrir Hollywood-mynd

Barði Jóhannsson hefur ásamt Daniel Hunt úr ensku hljómsveitinni Ladytron samið tónlistina við bandarísku spennumyndina Would You Rather.

„Við vorum búnir að gera músík saman sem hljómaði svolítið eins og tónlist við þriller. Síðan heyrðu menn þetta og vildu fá okkur í þetta,“ segir Barði.

Hvernig mynd er þetta? „Hún er ágæt. Það eru allir pyntaðir og drepnir,“ segir Barði hreint út en þetta er í fyrsta sinn sem hann semur tónlist við bandaríska kvikmynd. „Þetta er það fyrsta sem ég geri fyrir Bandaríkin, fyrir utan að ég hef verið með músík í sjónvarpsþáttum, þannig að þetta er voða spennó og gaman,“ segir hann. „Það er verið að ræða framhaldið og ég á von á að það komi fleiri myndir í kjölfarið. Ég hef verið að ræða við leikstjóra næstu myndar en svona ferli tekur langan tíma og hún kemur kannski ekki út fyrr en eftir tvö ár.“

Leikstjóri Would You Rather heitir David Guy Levy og er ungur og upprennandi, bæði sem leikstjóri og framleiðandi. Biblía bandaríska kvikmyndaiðnaðarins, Variety, valdi hann sem einn af eftirtektarverðustu framleiðendunum í Hollywood. Barði á reyndar enn eftir að hitta hann, sem er kannski ekki skrítið því öll vinnan hans við tónlistina fór fram á Íslandi.

Með aðalhlutverkin fara Brittany Snow, sem hefur leikið í sjónvarpsþáttunum American Dreams, Nip/Tuck og Harry´s Law, og Jeffrey Combs, sem eitt sinn lék í vísindaskáldsögutryllinum Re-Animator sem er einmitt í miklu uppáhaldi hjá Barða. Einnig er John Heard, sem er þekktur úr Home Alone-myndunum, í leikaraliðinu. „Það er engin stjarna þarna en þetta er allt fólk sem er búið að vera að gera eitthvað spennandi.“

Inntur eftir því hvort hann fái ekki vel borgað fyrir verkefnið segir Barði það vera langt í frá. „Ekki fyrir svona amerískar indí-myndir. Það er rosalega lítill peningur.“ **- fb**



**TÓNLIST VIÐ ÞRILLER** Barði Jóhannsson og Daniel Hunt hafa samið tónlist við bandarísku spennumyndina Would You Rather.


LEIÐIN Á LEIKANA
SAFFRAN hefur gert styrktarsamning við sex unga afreksmenn í íþróttum í þeim tilgangi að mæta kostnaði þeirra við vandaðan undirbúning fyrir Ólympíuleikana í London í sumar.
Með stolti lýsir Saffran yfir stuðningi sínum við Ragnheiði Ragnarsdóttur sundkonu.
Skoðið leið Ragnheiðar á leikana á leidin.saffran.is
SAFFRAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



NOVA

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Pakkaði smókingnum

Líkt og greint er frá í DV þurfti Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður að hlaupa í skarðið fyrir kollega sinn **Svein Andra Sveinsson** í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni. Sá síðarnefndi er nefnilega farinn af landi brott í hálfan mánuð og gerir víðreist. Fyrir nokkru var Sveinn Andri reyndar búinn að upplýsa á Facebook-síðu sinni að hann yrði í Los Angeles í Bandaríkjunum um leið og þar fer fram Óskarsverðlaunahátíðin. „Maður verður bara að henda smókingnum í ferðatöskuna," skrifaði hann þar. Um ferðalagið sjálft skrifaði hann hins vegar: „Copenhagen – Dubai – Jakarta – LA – Seattle – Reykjavik. Around the world in 14 days."



### Dómnefndin alræmda

RÚV hefur svipt hulunni af alræmdustu dómnefnd landsins, þeirri sem réði úrslitum í söngkeppni Sjónvarpsins á laugardaginn. Fyrr í vikunni leit RÚV svo á að það væri beinlínis hættulegt að gefa upp hver ætti sæti í dómnefndinni, en það breyttist skyndilega í gær. Kristín Björg Þorsteinsdóttir, fyrrverandi dagskrárgerðarmaður, var formaður dómnefndar og með henni í dómnefndinni voru Álfheiður Erla Guðmundsdóttir söngkona, Davíð Olgeirsson söngvari, **Kristjana Stefánsdóttir** söngkona, Magnús Kjartansson tónlistarmaður, Logi Pedro Stefánsson bassaleikari Retro Stefson og Þórdís Schram, dansari og söngkona.



- óká, afb

## Mest lesið VÍSIR

1. Ölvaður Finni gleypti Vísakortið sitt
2. Gréta Salóme: Þvæla að lagið sé stolið
3. Smáralind heimtar turn upp eða niður
4. Nöfn þeirra sem sátu í dómnefndinni
5. Rússar voru hársbreidd frá kjarnorkuslysi á stærð við Tjernobyl





